# Ársskýrsla UMSK 2024

101. héraðsþing 22. mars 2025



UMSK



# Efnisyfirlit




Ávarp formanns .................................................. 5
Stjórn ................................................................ 6
Fjöldi þingfulltrúa ................................................. 7
Aðildarfélög UMSK ...............................................8
Úr starfi UMSK ..................................................... 10
100. héraðsþing UMSK 2024 ............................... 11
Svæðisstöðvar íþróttahéraðanna .......................... 12
Fjöldatölur á starfssvæði UMSK ........................... 14
Úthlutað úr sjóðum UMSK ................................... 16
Íslensk getspá og Íslenskar getraunir.................... 17
Úthlutun Lottó, aukaarðgr. ÍSÍ/UMFÍ
og aukagreiðslna UMSK ..................................... 18
Fréttapunktar ÍSÍ .................................................. 21
Fréttapunktar UMFÍ ............................................. 22
Frá félögunum ..................................................... 27
Ársreikningur UMSK............................................ 44

## Skýrslan

Skýrsla 2024, lögð fram á 101. héraðsþingi Ungmennasambands Kjalarnesþings
var unnin á skrifstofu UMSK af Victori Inga Olsen í mars 2025.
Umbrot og hönnun: Magnús Óskarsson
Höfundar efnis: Victor Ingi Olsen • Jón Aðalsteinn Bergsveinsson • Guðmundur Sigurbergsson •
Aðildarfélög UMSK
Ljósmyndir: Úr safni UMSK, UMFÍ, ÍSÍ og frá félögum.
Prentun: Svansprent



# Ávarp formanns



Við höldum hundraðasta og fyrsta ársþing UMSK nú þegar sólin fer að hækka á lofti og daginn að lengja.

Að venju var liðið ár viðburðaríkt fyrir íþróttafólk innan vébanda UMSK. Titlar unnust og íþróttafólk okkar náði framúrskarandi árangri bæði innan lands og utan.

En einnig urðu umtalsverðar breytingar á umhverfi sambandsins sem ég tel rétt að víkja nokkrum orðum að. Um mitt ár komu til framkvæmda breytingar sem gerðar voru á reglum um úthlutun arðs frá Íslenskri getspá sem UMSK fær frá ÍSÍ og UMFÍ. Fyrirséð er að þessar breytingar munu hafa áhrif á getu sambandsins til að takast á við ýmis verkefni en aðildarfélögin munu finna lítið fyrir þessari breytingu á meðan tekjur Íslenskrar Getspár haldast svipaðar og nú eru. Það er samt ástæða til að hafa áhyggjur af tilraunum erlendra veðmálafyrirtækja til að ná fótfestu á Íslenskum markaði. Þetta eru fyrirtæki sem skila engu til samfélagsins líkt og Íslensk Getspá gerir og hefur gert frá upphafi. Hætt er við að máltækið „Engin veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur“ eigi eftir að sannast á sársaukafullan hátt fyrir íþróttahreyfinguna takist erlendu fyrirtækjunum ætlunarverk sitt. Það er að mínu mati hlutverks stjórnvalda að standa þétt við bakið á íþróttahreyfingunni og öryrkjum hvað varðar að gæta hagsmuna Íslenskrar Getspár.

Á árinu tóku til starfa svæðisstöðvar íþróttahreyfingarinnar. Hér á höfuðborgarsvæðinu er skrifstofa sem fyrirhugað er að þjónusti starfsvæði UMSK, Íþróttabandalags Reykjavíkur og Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Starf skrifstofunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur farið hægt af stað og að mínu mati ekki staðið undir þeim væntingum sem gerðar voru til starfsins í upphafi. Í upphafi þessa árs hafa þó verið gerðar áherslubreytingar í starfseminni og standa vonir til að þær skili öflugra starfi skrifstofu höfuðborgarsvæðisins á þessu ári.

Þessu tengt hafa samskipti íþróttahéraðanna á höfuðborgarsvæðinu stóraukist á liðnu ári. Fulltrúar aðila hafa hist og borið saman bækur sínar og rætt sameiginleg hagsmunamál sín. Þetta mun að líkindum skila sér m.a. í sameiginlegri afstöðu til mála er varða héruðin á þingum ÍSÍ og UMFÍ.

Undir lok árs fengu forráðamenn félaga með boltagreinar í efstu tveimur deildum bréf frá skattyfirvöldum þar sem kynnt var sú skoðun skattyfirvalda að verktakagreiðslur til þjálfara og leikmanna ættu ekki við og ættu allir starfsmenn íþróttafélaga að vera launþegar. Það er mat margra forsvarsmanna íþróttafélaga að erfitt sé að koma fyrir launþegasambandi án kostnaðarauka fyrir félögin við þjálfun yngri flokka þar sem flestir þjálfarar sinna þjálfun með annarri vinnu eða námi. Sá kostnaðarauki sem þannig verður til er ekki hægt að mæta með öðrum hætti en með hækkun æfingagjalda. Slíkar hækkanir geta haft þau áhrif að hluti foreldra eigi erfitt með að veita börnum sínum aðgang að skipulögðu íþróttastarfi.

Vitaskuld er það svo að íþróttahreyfingin eins og annar atvinnurekstur í landinu á að fara að gildandi lögum og reglum. Hins vegar tel ég það rétt að forusta íþróttahreyfingarinnar í landinu sé i samtali við yfirvöld um lög og reglur taki tillit til íþróttastarfs og íþyngi ekki starfseminni. Nú er fyrirhuguð endurskoðun íþróttalaga og tel ég rétt að starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar komi til umfjöllunar í þeirri vinnu.

Fjárhagur UMSK er sterkur líkt og reikningar sambandsins gefa til kynna. Stjórn sambandsins ákvað fyrir skömmu að greiða aðildarfélögum sínum út aukalega 10 milljónir króna vegna góðrar rekstrarafkomu á árinu 2024. Þannig vill stjórn UMSK leggja sitt að mörkum til að efla starf aðildarfélaga sinna. Stjórn UMSK mun einnig leggja áherslu á nýju starfsári á að efla þekkingarmiðlun og mun nota styrk sambandsins til auka samskipti og samvinnu milli aðildarfélaga.

Að lokum vil ég þakka aðildarfélögunum og forsvarsmönnum þeirra, stjórn UMSK og rekstrarstjóra sambandsins gott og farsælt samstarf á árinu og óska þeim öllum góðs gengis og farsældar á nýju starfsári.

# Stjórn UMSK



**Formaður:**
Guðmundur Sigurbergsson.



**Varaformaður:**
Lárus B. Lárusson.



**Gjaldkeri:**
Þorsteinn Þorbergsson.



**Ritari**
Margrét Dögg Halldórsdóttir



**Meðstjórnandi**
Geirarður Long



**Varastjórn**
Matthildur Bára Stefánsdóttir



**Varastjórn:**
Rakel Másdóttir



**Varastjórn**
Sigurjón Sigurðsson



**Rekstrarstjóri:**
Victor Ingi Olsen
umsk@umsk.is
sími 5144090 / 6189300

## Dagskrá 101. héraðsþingi UMSK

1 Þingsetning.
2 Kosning þingforseta.
3 Kosning þingritara.
4 Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5 Skýrsla stjórnar lögð fram.
6 Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.
7 Ávörp gesta.
8 Álit kjörbréfanefndar.
9 Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10 Umræður um skýrslu stjórnar.
11 Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12 Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ef þörf þykir, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.
13 Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14 Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15 Aðrar tillögur lagðar fram.
16 Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17 Afgreiðsla á áliti nefnda.
18 Önnur mál.
19 Kosningar, kjörnefnd skilar áliti.
20 Kosning formanns.
21 Kosning tveggja stjórnarmanna.
22 Kosning þriggja manna í varastjórn.
23 Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
24 Kosning annarra embætta ef þurfa þykir
25 Þingslit.

# Fjöldi þingfulltrúa á 101. héraðsþingi UMSK 2024

| Félag | Fjöldi fulltrúa |
|---|---|
| Augnablik | 3 |
| Bogfimifélagið Boginn | 4 |
| Borðtennisfélag Mosfellsbæjar | 1 |
| Dansfélagið Hvönn | 4 |
| Dansíþróttafélag Kópavogs | 5 |
| Einherjar | 1 |
| Golfklúbbur Álftaness | 4 |
| Golfklúbbur Kópav. og Garðab. | 9 |
| Golfklúbbur Mosfellsbæjar | 9 |
| Golfklúbburinn Nesklúbburinn | 8 |
| Golfklúbburinn Oddur | 9 |
| Handknattleiksfélag Kópavogs | 8 |
| Hestaíþróttafélagið Hörður | 6 |
| Hestamannafélagið Adam | 1 |
| Hestamannafélagið Sóti | 1 |
| Hestamannafélagið Sprettur | 9 |
| Hnefaleikafélag Auðbrekku | 1 |
| Hnefaleikafélag Kópavogs | 3 |
| Hnefaleikafélagið Haförn | 1 |
| Hvíti riddarinn | 1 |
| Íþróttafélag aldraðra Kópavogi | 1 |
| Íþróttafélagið Gerpla | 9 |
| Íþróttafélagið Glóð | 1 |
| Íþróttafélagið Grótta | 3 |
| Íþróttafélagið Þorlákur | 1 |
| Júdófélag Garðabæjar | 1 |
| Karatefélag Garðabæjar | 1 |
| Knattspyrnufélag Bjarnastaða | 1 |

| Félag | Fjöldi fulltrúa |
|---|---|
| Knattspyrnufélag Garðabæjar | 1 |
| Knattspyrnufélag Kópavogs | 1 |
| Knattspyrnufélagið Álafoss | 1 |
| Knattspyrnufélagið Ísbjörninn | 2 |
| Knattspyrnufélagið Kría | 1 |
| Knattspyrnufélagið Miðbær | 1 |
| Knattspyrnufélagið Smári | 1 |
| Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar | 1 |
| Krummar BMX | 1 |
| Lyftingafélag Kópavogs | 2 |
| Pílufélag Garðabæjar | 1 |
| Pílufélag Kópavogs | 1 |
| Rugbyfélagið Stormur | 1 |
| Siglingafélagið Ýmir | 2 |
| Siglingarklúbburinn Vogur | 1 |
| Skotíþróttafélag Kópavogs | 7 |
| Skylmingafélag Seltjarnarness | 1 |
| Stál-úlfur | 1 |
| Taekwondofélag Kópavogs | 1 |
| Tennisfélag Garðabæjar | 1 |
| Tennisfélag Kópavogs | 8 |
| Umf. Afturelding | 6 |
| Umf. Álftaness | 6 |
| Umf. Stjarnan | 9 |
| Umf. Breiðablik | 9 |
| Vélhjólaíþr.klúbbur Mosfellsb. | 3 |



# Aðildarfélög UMSK

**Augnablik**
Félagið stofnað: 1981
Formaður: Sigmar Ingi Sigurðarson
Iðkanir: 51
Félagsmenn: 285

**Bogfimifélagið Boginn**
Félagið stofnað: 10. júlí 2012
Formaður: Oliver Ormar Ingvarson
Iðkanir 694
Félagsmenn: 694

**Borðtennisfélag Mosfellsbæjar**
Félagið stofnað: 6. september 2023
Formaður: Júlíus Finnbogason
Iðkanir: 9
Félagsmenn: 9

**Dansfélagið Hvönn**
Félagið stofnað: 21. október 1995
Formaður: Hildur Ýr Arnarsdóttir
Iðkanir: 847
Félagsmenn: 846

**Dansíþróttafélag Kópavogs**
Stofnað: 01. 12. 2001
Formaður: Ellen Dröfn Björnsdóttir
Iðkanir: 470
Félagsmenn: 791

**Dansíþróttafélagið Rúbín**
Félagið stofnað: 2020
Formaður: Nikita Bazev
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Einherjar**
Félagið stofnað: 2009
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Garðabær Jökla Krikketklúbbur**
Félagið stofnað: 2021
Formaður:Jegadeesh Subramaniyam
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Golfklúbbur Álftaness**
Félagið stofnað: 14. maí 2002
Formaður: Einar Georgsson
Iðkanir: 419
Félagsmenn: 419

**Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar**
Félagið stofnað: 24. mars 1994
Formaður: Jón Júlíusson
Iðkanir: 2966
Félagsmenn: 2692

**Golfklúbbur Mosfellsbæjar**
Félagið stofnað: Desember 2014
Formaður: Kári Tryggvason
Iðkanir: 2692
Félagsmenn: 2411

**Golfklúbbur Ness**
Félagið stofnað: 1964
Formaður: Þorsteinn Guðjónsson
Iðkanir: 1202
Félagsmenn: 1202

**Golfklúbburinn Oddur, Garðabæ**
Félagið stofnað: 14. júlí 1993
Formaður: Kári Haraldur Sölmundarson
Iðkanir: 1932
Félagsmenn: 1932

**Handknattleiksfélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 26. janúar 1970
Formaður: Árnína Steinunn Kristjánsdóttir
Iðkanir: 3111
Félagsmenn: 2791

**Hestaíþróttafélagið Hörður, Mosfellsbæ**
Félagið stofnað: 22. febrúar 1950
Formaður: Jón Geir Sigurbjörnsson
Iðkanir: 733
Félagsmenn: 733

**Hestamannafélagið Adam Kjós**
Félagið stofnað 8. febrúar 2007
Formaður: Sigurður Guðmundsson
Iðkanir: 56
Félagsmenn: 56

**Hestamannafélagið Sóti**
Félagið stofnað: 30. maí 1994
Formaður: Jörundur Jökulsson
Iðkanir: 143
Félagsmenn: 143

**Hestamannafélagið Sprettur**
Félagið stofnað: 29. júní 2012
Formaður: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir
Iðkanir: 1942
Félagsmenn: 1942

**Hnefaleikafélag Auðbrekku**
Félagið stofnað: 2022
Formaður: Þórður Bjarkar Árelíusson
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Hnefaleikafélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 21. febrúar 2013
Formaður: Rúnar Svavarsson
Iðkanir: 452
Félagsmenn: 439

**Hnefaleikafélagið Haförn**
Félagið stofnað: 2021
Formaður: Maksims Orlovs
Iðkanir: 4
Félagsmenn: 6

**Hvíti Riddarinn**
Félagið stofnað: 27. janúar 2004
Formaður: Guðbjörn Smári Birgisson
Iðkanir: 84
Félagsmenn: 84

**Íþróttafélag aldraðra í Kópavogi**
Félagið stofnað: 27. október 1994
Formaður: María Ragnarsdóttir
Iðkanir: 79
Félagsmenn: 79

**Íþróttafélagið Gerpla**
Félagið stofnað: 25. apríl 1971
Formaður: Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir
Iðkanir: 3277
Félagsmenn: 7465

**Íþróttafélaið Glóð, Kópavogi**
Félagið stofnað: 24. október 2005
Formaður: Margrét Björnsdóttir
Iðkanir: 74
Félagsmenn: 74

**Íþróttafélagið Grótta**
Félagið stofnað: 24. apríl 1967
Formaður: Karítas Kjartansdóttir
Iðkanir: 2332
Félagsmenn: 1855

**Íþróttafélagið Þorlákur**
Félagið stofnað: 2022
Formaður: Sigurður Tómas Hjartarson
Iðkanir: 47
Félagsmenn: 47

**Júdófélag Garðabæjar**
Félagið stofnað: 27. maí 2010
Formaður: Gísli Fannar Egilson
Iðkanir: 47
Félagsmenn: 47

**Karatefélag Garðabæjar**
Félagið stofnað: 2021
Formaður: Gísli Júlíus Sigurðsson
Iðkanir: 31
Félagsmenn: 36

**Knattspyrnufélag Bjarnastaða**
Félagið stofnað: 2020
Formaður: Stefán Arinbjarnarson
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Knattspyrnufélag Garðabæjar**
Félagið stofnað: 12. mars 2008
Formaður: Sindri Rósenkranz Sævarsson
Iðkanir: 72
Félagsmenn: 78

**Knattspyrnufélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 22. september 2012
Formaður: Kristinn Pálsson
Iðkanir: 31
Félagsmenn: 31

# Aðildarfélög UMSK

**Knattspyrnufélagið Álafoss**
Félagið stofnað: 2017
Formaður: Ísak Orri Leifsson Schjetne
Iðkanir: 49
Félagsmenn: 49

**Knattspyrnufélagið Ísbjörninn**
Félagið stofnað: 17. mars 2008
Formaður: Hafþór Karlsson
Iðkanir: 18
Félagsmenn: 169

**Knattspyrnufélagið Krían**
Félagið stofnað: 15. janúar 2014
Formaður: Bjarni Rögnvaldsson
Iðkanir: 45
Félagsmenn: 45

**Knattspyrnufélag Miðbæjar**
Félagið stofnað: 2020
Formaður: Joaquin Linares Cordoba
Iðkanir: 84
Félagsmenn: 84

**Knattspyrnufélagið Smári**
Félagið stofnað: 2020
Formaður: Sæþór Atli Harðarson
Iðkanir: 104
Félagsmenn: 104

**Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar**
Félagið stofnað: 13. desember 2009
Formaður: Hjalti Árnason
Iðkanir: 212
Félagsmenn: 106

**Kraftlyftingafélag Seltjarnarness**
Félagið stofnað: 2011
Formaður: Grétar Dór Sigurðsson
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 0

**Krikketklúbbur Kópavogs**
Félagið stofnað: 2021
Formaður: Abhishek Chauhan
Iðkanir: 0
Félagsmenn: 1

**Krikketfélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 2015
Formaður: Jakob Robertson
Fjöldi félaga: 1
Fjöldi iðkenda: 0

**Krummar BMX Racing**
Félagið stofnað: 2022
Formaður: Helgi Berg Friðþjófsson
Iðkanir: 15
Félagsmenn: 15

**Lyftingafélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 2013
Formaður: Jens Andri Fylkisson
Iðkanir: 372
Félagsmenn: 186

**Pílufélag Garðabæjar**
Félagið stofnað: 22. ágúst 2022
Formaður: Guðni Þorsteinn Guðjónsson
Iðkanir: 4
Félagsmenn: 4

**Pílukastfélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 2021
Formaður: Ásgrímur Harðarson
Iðkanir: 50
Félagsmenn: 50

**Rugbyfélagið Stormur**
Félagið stofnað: 29. september 2010
Formaður: Birnir Orri Pétursson
Iðkanir: 10
Félagsmenn: 31

**Siglingafélagið Vogur**
Stofnað 1975
Formaður: Erlendur Kári Kristjánsson
Iðkanir: 106
Félagsmenn: 106

**Siglingafélagið Ýmir**
Félagið stofnað: 4. mars 1971
Formaður: Helga Rakel Guðrúnardóttir
Iðkanir: 302
Félagsmenn: 302

**Skotíþróttafélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Bjarki Þór Kjartansson
Iðkanir: 751
Félagsmenn: 751

**Skylmingafélag Seltjarnarness**
Félagið stofnað: apríl 2003
Formaður: Guðrún Jóhannsdóttir
Iðkanir: 49
Félagsmenn: 53

**Íþróttafélagið Stálúlfur**
Félagið stofnað 1. janúar 2010
Formaður: Algirdas Slapikas
Iðkanir: 140
Félagsmenn: 138

**Taekwondofélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 2020
Formaður: Sigursteinn Snorrason
Iðkanir: 365
Félagsmenn: 365

**Tennisfélag Garðabæjar**
Félagið stofnað: 4. desember 2008
Formaður: Eyþór Rafn Þórhallsson
Iðkanir: 56
Félagsmenn: 63

**Tennisfélag Kópavogs**
Félagið stofnað: 4. júní 1991
Formaður: Rut Steinsen
Iðkanir: 1511
Félagsmenn: 1511

**Umf. Afturelding**
Félagið stofnað: 11. apríl 1909
Formaður: Ásgeir Jónsson
Iðkanir: 3173
Félagsmenn: 2404

**Umf. Álftanes**
Félagið stofnað: 6. janúar 1946
Formaður: Guðjón Þór Þorsteinsson
Iðkanir: 474
Félagsmenn: 880

**Umf. Breiðablik**
Félagið stofnað: 12. febrúar 1950
Formaður: Jóhann Ásgeir Baldurs
Iðkanir: 4326
Félagsmenn: 3723

**Umf. Stjarnan**
Félagið stofnað: 30. október 1960
Formaður: Sigurður Guðmundsson
Iðkanir: 5678
Félagsmenn: 12012

**Vélhjólaklúbbur Mosfellsbæjar (Motomos)**
Formaður: Sveinbjörn B Nikulásson
Iðkanir: 284
Félagsmenn: 284



Ath. fjöldi iðkenda og félagsmanna aðildarfélaga byggir á starfsskýrsluskilum frá 2024 vegna ársins 2023.

## Stjórn UMSK

Stjórn UMSK fundaði formlega í 11 skipti á árinu. Áfram var unnið að því að bæta faglega umgjörð í starfseminni en uppfærð lög UMSK voru til að mynda samþykkt á héraðsþingi í mars. Þá var rekstrarstjóri sambandsins skipaður í starfshóp um góða stjórnarhætti innan ÍSÍ en þar hefur allt regluverk ÍSÍ verið tekið til heildstæðrar endurskoðunar m.t.t. góðra stjórnarhátta. Helstu niðurstöður þeirrar vinnu verður lögð fyrir Íþróttaþing í maí 2025.

## Fræðslumál

UMSK studdi við ýmiskonar námskeið og fræðsluerindi hjá aðildarfélögum sínum á árinu. Áhersla hefur verið lögð á að félögin sjálf meti hvað hentar þeim best hverju sinni og félögin séu studd beint til námskeiðahalds á eigin vegum. Fleiri og fleiri félög hafa verið að taka upp starfsdaga þar sem æfingar eru stöðvaðar hluta úr degi meðan þjálfurum er boðið uppá fræðslu. Hægt er að sækja um slíka styrki með einföldum hætti á umsóknarvef Fræðslu og verkefnasjóðs.

## Styrkur til ólympíufara

Stjórn UMSK ákvað á fundi sínum í júní að veita Guðlaugu Eddu Hannesdóttur, þríþrautarkonu úr Breiðabliki, veglegan fjárstyrk með það að markmiði að aðstoða hana við undirbúning og keppni á Ólympíuleikunum sem fram fóru í París á árinu. Guðlaug Edda var eini fulltrúi UMSK á leikunum en hún var jafnframt fyrsti Íslendingurinn sem keppir í þríþraut á Ólympíuleikunum, voru þetta því hennar fyrstu leikar. Hún hefur vakið mikla athygli fyrir dugnað og góða frammistöðu á mótum á árinu en ekki er langt síðan hún kom til baka eftir erfið meiðsli. Góð frammistaða á vormánuðum gerði það að verkum að hún klifraði hratt upp heimslistann sem skilaði á endanum keppnisrétt á Ólympíuleikum.




## Aukin samvinna við ÍBR og ÍBH

Markvisst hefur verið unnið að því að efla samskipti og samstöðu meðal íþrótta-héraðanna/bandalaganna á höfuðborgarsvæðinu. Með aukinni samstöðu er stefnt að því að vera betur í stakk búin til þess að standa að hagsmunagæslu fyrir aðildarfélögin og mynda jafnframt sterkara þrýstiafl til þess að stuðla að úrbótum á rekstrarumhverfi íþróttafélaga.

## Afreksstyrkir

Líkt og árið 2023 auglýsti stjórn Afrekssjóðs UMSK eftir umsóknum um svokallaða „afreksstyrki“ frá sjóðnum til aðgreiningar frá hefðbundnum ferðastyrkjum sem sjóðurinn hefur veitt árum saman. Markmið afreksstyrkja er að styrkja fjárhagslega afreksíþróttafólk og afrekshópa innan aðildarfélaga UMSK sem náð hafa afburðarárangri og gera þeim kleift að búa sig enn betur undir áframhaldandi keppni ásamt því að hvetja til frekari afreka. Fjöldi glæsilegra umsókna bárust sjóðnum og því ljóst að glæsilegt starf á sér stað í fjölmörgum aðildarfélögum UMSK og innan þeirra raða er stór hópur afreksíþróttafólks sem keppir um eða stefnir að efsta stigs árangri í sinni íþrótt.

Eftirtöldu afreksfólki var úthlutað Afreksstyrk frá sjóðnum á árinu 2024:

Andrea Sif Pétursdóttir – fimleikar, Stjarnan
Arnar Pétursson – frjálsar íþróttir, Breiðablik
Friðbjörn Bragi Hlynsson – kraftlyftingar, Stjarnan
Hildur Maja Guðmundsdóttir – fimleikar, Gerpla
Sóley Margrét Jónsdóttir – kraftlyftingar, Breiðablik
Thelma Aðalsteinsdóttir – fimleikar, Gerpla

## Haustfundur

Haustfundur UMSK fór fram miðvikudaginn 13. nóvember 2024. Fundurinn var haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ og var hann vel sóttur en á fundinn voru boðaðir formenn og framkvæmdastjórar aðildarfélaga UMSK. Markmið haustfundar er að miðla upplýsingum en gefa jafnframt forsvarsfólki aðildarfélaganna tækifæri til að efla og bæta tengslin og eiga í skoðanaskiptum um ýmis mál sem varða þau.

Starfsmenn svæðisstöðva íþróttahéraða, þau Íris Svavarsdóttir og Sveinn Samsted mættu á fundinn og lýstu vinnu sinni að undanförnu sem fyrst og fremst hefur falist í greiningu á mismunandi þörfum á hverjum stað en í framhaldinu verða mótaðar tillögur til þess að efla íþróttaþátttöku meðal fatlaðra barna og barna að erlendum uppruna.

Pétur Rúnar Heimisson flutti afar upplýsandi erindi um markaðsmál íþróttafélaga og mikilvægi þess að félög leggi sig fram við að kynna það frábæra starfs sem á sér stað innan þeirra. Segja má að þarna liggi mikið sóknartækifæri fyrir íþróttafélögin sem þurfa



að taka markaðsmál þéttari tökum í framtíðinni.

Vésteinn Hafsteinsson fjallaði um Afreksmiðstöð Íslands og nýja stefnumótun í afreksíþróttum á Íslandi en til stendur að leggja nýja afreksstefnu ÍSÍ fyrir íþróttaþingið í maí 2025

Að lokum kom Kristján Hafþórsson, stjórnandi Já-kastsins, sem lýsti sinni reynslu innan úr hreyfingunni ásamt því að ræða um jákvæðni, hugrekki og valdeflingu í samskiptum innan sem utan íþróttafélaga.

## Aukagreiðsla til aðildarfélaga

Stjórn sambandsins ákvað að ráðstafa 10 milljónum króna í sérstaka aukagreiðslu til aðildarfélaga vegna jákvæðrar afkomu af rekstri UMSK á árinu. Fjárhæðinni var skipt milli félaga sbr. Lottó-reglugerð sambandsins og úthlutað á félögin undir lok árs en hún kom til greiðslu í mars 2025.



# 100. héraðsþing UMSK 2024



## 100. héraðsþing UMSK var haldið fimmtudaginn 21. mars 2024 í veislusal Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar.

Lárus B. Lárusson og Margrét Dögg Halldórsdóttir voru sjálfkjörin í stjórn sambandsins til tveggja ára en þau Rakel Másdóttir, Sigurjón Sigurðsson og Matthildur B. Stefánsdóttir voru kjörin í varastjórn til eins árs.

Að venju voru veittar fjölmargar viðurkenningar á þinginu, bæði fyrir íþróttalegan árangur á árinu sem leið, en einnig var nokkur fjöldi heiðraður fyrir störf sín innan hreyfingarinnar á undanförnum árum.

Hafsteinn Pálsson ávarpaði þingið fyrir hönd ÍSÍ og sæmdi eftirtalda einstaklinga Silfurmerki ÍSÍ; Alexander Arnarson (HK), Björg Erlingsdóttir (HK), Halldór Arnarson (Breiðabliki) Hilmar S. Sigurðsson (Gróttu). Þá hlutu þau Geirlaug B. Geirlaugsdóttir (Breiðabliki) og Ólafur Björnsson (Breiðabliki) Gullmerki ÍSÍ.

Fyrir hönd stjórnar UMFÍ ávarpaði Ragnheiður Högnadóttir þingið og veitti eftirtöldum aðilum starfsmerki UMFÍ; Áslaug Pálsdóttir (Breiðabliki), Birna Kristín Jónsdóttir (Aftureldingu) Bragi Björnsson (Gróttu) Kristín Finnbogadóttir (Gróttu) Ragnheiður M. Ólafsdóttir (Gerplu)

Þá hlutu Margrét Dögg Halldórsdóttir og Rakel Másdóttir Silfurmerki UMSK en Halla Garðarsdóttir og Jón Júlíusson voru sæmd Gullmerki sambandsins.




Íþróttakona ársins - Thelma Aðalsteinsdóttir.



Íþróttakarl ársins - Friðbjörn Bragi Hlynsson.




Íþróttalið ársins - Mfl. karla í knattspyrnu, Breiðablik.




Félagsmálaskjöldur ársins 2024 - Birna Kristín Jónsdóttir.

Guðmundur Sigurbergsson, formaður UMSK færði söguritunarnefnd kærar þakkir fyrir störf nefndarinnar en Aldarsaga UMSK var kynnt á þinginu. Guðmundur afhenti nefndinni og höfundum þakklætisvott frá stjórn UMSK. Söguritunarnefndina skipuðu; Valdimar Leó Friðriksson, formaður Alda Helgadóttir, Magnús Jakobsson, Birgir Ari Hilmarsson, Bjarki Bjarnason, höfundur og ritstjóri Jón Ívarsson, höfundur.

Tvö félög fengu Hvatningaverðlaun UMSK 2024; Álftanes fyrir metnaðarfullt starf körfuknattleiksdeildar og Karatefélag Garðabæjar fyrir starf sitt í þágu ungmenna.

**Allar viðurkenningar UMSK er að finna á heimasíðu sambandsins www.umsk.is**
**Þær má ennig nálgast með því að skanna QR kóðana.**

Viðurkenningar

Myndabanki UMSK

# Svæðisstöðvar íþróttahéraðanna

Á þingum ÍSÍ og UMFÍ árið 2023 var samþykktar tillögur um stofnun svæðisstöðva íþróttahéraðanna um allt land. Markmið þeirra yrði að efla íþróttastarf á landsvísu. Verkefnið var samþykkt á þingum ÍSÍ og UMFÍ með stuðningi og framlagi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu til tveggja ára. Landinu var í kjölfarið skipt í átta svæði, hvert með 2-4 íþróttahéruðum innanborðs og tvo starfsmenn í fullu starfi á hverju svæði.

Tilgangur og markmið: Hlutverk svæðisstöðvanna er að þjónusta íþróttahéruðin með samræmdum hætti í nærumhverfi sínu og efla íþróttastarf um allt land. Ennfremur að styrkja stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu, stuðla að farsæld barna og annarra sem nýta þjónustu íþróttahreyfingarinnar. Sérstök áhersla er lögð á að fjölga börnum og ungmennum með fatlanir, af erlendum uppruna og af tekjulægri heimilum í íþróttum.

Í kjölfar samþykktar á þingum var skipaður tengiliðahópur sem gerði tillögur um fyrirkomulag í tengslum við stofnun svæðisstöðvanna.

## Í tengiliðahópnum sátu:

**Bjarney Láru Bjarnadóttir** fyrir Vesturland (HSH, ÍA, UDN og UMSB).

**Guðný Stefanía Stefánsdóttir** fyrir Vestfirði (HHF, HSB, HSS og HSV).

**Þorvaldur Gröndal** fyrir Norðurland vestra (UMSS, USAH og USVH).

**Gunnhildur Hinriksdóttir** fyrir Norðurland eystra (ÍBA, HSÞ og UÍF).

**Benedikt Jónsson** fyrir Austurland (UÍA og USÚ).

**Helgi S. Haraldsson** fyrir Suðurland (HSH, ÍBV og USVS).

**Rúnar V. Arnarson** fyrir Suðurnes (ÍRB og ÍS).

**Frímann Ari Ferdinandsson** fyrir Höfuðborgarsvæðið (ÍBH, ÍBR og UMSK).

**Hanna Carla Jóhannsdóttir** var ráðin verkefnastjóri og tók hún til starfa vorið 2024. Störf svæðisfulltrúa voru auglýst í framhaldinu og rúmlega 200 umsóknir bárust í störfin sextán og hófu flestir svæðisfulltrúarnir störf í byrjun ágúst 2024.



## Starfsfólk svæðisstöðvanna eru:

**Álfheiður Sverrisdóttir** og **Heiðar Mar Björnsson** - Vesturland (HSH, ÍA, UDN og UMSB).

**Birna Hannesdóttir** og **Guðbjörg Ebba Högnadóttir** - Vestfirðir (HHF, HSB, HSS og HSV).

**Halldór Lárusson** og **Sigríður Inga Viggósdóttir** - Norðurland vestra (UMSS, USAH og USVH).

**Kristján Sturluson** og **Þóra Pétursdóttir** - Norðurland eystra (ÍBA, HSÞ og UÍF).

**Erla Gunnlaugsdóttir** og **Jóhanna Íris Ingólfsdóttir**- Austurland (UÍA og USÚ).

**Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir** og **Rakel Magnúsdóttir** - Suðurland (HSH, ÍBV og USVS).

**Sigurður Friðrik Gunnarsson** og **Petra Ruth Rúnarsdóttir** - Suðurnes (ÍRB og ÍS).

**Hansína Gunnarsdóttir** og **Sveinn Sampsted** - Höfuðborgarsvæðið (ÍBH, ÍBR og UMSK). Sveinn er í leyfi og Björg Ásta Þórðardóttir er ráðinn tímabundið í hans stöðu.

Svæðisfulltrúarnir hafa unnið að greiningum og aðgerðaráætlunum á sínu svæði, skoðað stöðu íþróttahéraða, virkni þeirra og verkefni og byggt brýr á milli m.a. sveitarfélaga og íþróttahéraða. Nú þegar hafa ýmis verkefni litið dagsins ljós.

Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar: Í tengslum við stofnun svæðisstöðva lagði ráðherra íþróttamála til 140 milljónir króna til tveggja ára í Hvatasjóð íþróttahreyfingarinnar. Opnað var fyrir umsóknir í sjóðinn í byrjun árs 2025.


ÍSLANDSMEISTARAR
2024
DEILDIN

BESTA
DEILDIN
ÍSLANDSMEISTARAR

# Fjöldatölur innan UMSK

## Aðildarfélögum UMSK raðað eftir fjölda iðkana

| | Iðkanir | Iðkendur | Félagsmenn |
|---|---|---|---|
| Umf. Stjarnan | 5678 | 3655 | 12012 |
| Umf. Breiðablik | 4326 | 3723 | 3723 |
| Íþróttafélagið Gerpla | 3277 | 3257 | 7465 |
| Umf. Afturelding | 3173 | 2404 | 2404 |
| Handknattleiksfélag Kópavogs | 3111 | 2791 | 2791 |
| Golfklúbbur Kópav. og Garðabæj. | 2966 | 2966 | 2966 |
| Golfklúbbur Mosfellsbæjar | 2692 | 2692 | 2692 |
| Íþróttafélagið Grótta | 2332 | 1855 | 1855 |
| Hestamannafélagið Sprettur | 1942 | 1942 | 1942 |
| Golfklúbburinn Oddur | 1932 | 1932 | 1932 |
| Tennisfélag Kópavogs | 1511 | 1511 | 1511 |
| Golfklúbburinn Nesklúbburinn | 1202 | 1202 | 1202 |
| Dansfélagið Hvönn | 847 | 846 | 846 |
| Skotíþróttafélag Kópavogs | 751 | 751 | 751 |
| Hestaíþróttafélagið Hörður | 733 | 733 | 733 |
| Bogfimifélagið Boginn | 694 | 694 | 694 |
| Umf. Álftaness | 474 | 401 | 880 |
| Dansíþróttafélag Kópavogs | 470 | 470 | 791 |
| Hnefaleikafélag Kópavogs | 452 | 439 | 439 |
| Golfklúbbur Álftaness | 419 | 419 | 419 |
| Lyftingafélag Kópavogs | 372 | 186 | 186 |
| Taekwondofélag Kópavogs | 365 | 365 | 365 |
| Siglingafélagið Ýmir | 302 | 302 | 302 |
| Vélhjólaíþr.kl. Mosfellsb. (Mótomos) | 284 | 284 | 284 |
| Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar | 212 | 106 | 106 |
| Hestamannafélagið Sóti | 143 | 143 | 143 |
| Stálúlfur | 140 | 138 | 138 |
| Siglingafélagið Vogur | 106 | 106 | 106 |
| Knattspyrnufélagið Smári | 104 | 104 | 104 |

| | Iðkanir | Iðkendur | Félagsmenn | |
|---|---|---|---|---|
| Hvíti riddarinn | 84 | 82 | 82 | |
| Knattspyrnufélagið Miðbær | 84 | 84 | 84 | |
| Íþróttafélag aldraðra Kópavogi | 79 | 79 | 79 | |
| Íþróttafélagið Glóð | 74 | 74 | 74 | |
| Knattspyrnufélag Garðabæjar | 72 | 72 | 78 | |
| Hestamannafélagið Adam | 56 | 56 | 56 | |
| Tennisfélag Garðabæjar | 56 | 56 | 63 | |
| Knattspyrnufélagið Augnablik | 51 | 51 | 285 | |
| Pílufélag Kópavogs | 50 | 50 | 50 | |
| Knattspyrnufélagið Álafoss | 49 | 49 | 49 | |
| Skylmingafélag Seltjarnarness | 49 | 49 | 53 | |
| Íþróttafélagið Þorlákur | 47 | 47 | 47 | |
| Júdófélag Garðabæjar | 47 | 47 | 47 | |
| Knattspyrnufélagið Kría | 45 | 45 | 45 | |
| Karatefélag Garðabæjar | 31 | 31 | 36 | |
| Knattspyrnufélag Kópavogs | 31 | 31 | 31 | |
| Knattspyrnufélagið Ísbjörninn | 18 | 18 | 169 | |
| Krummar BMX Racing. | 15 | 15 | 15 | |
| Rugbyfélagið Stormur | 10 | 10 | 31 | |
| Borðtennisfélag Mosfellsbæjar | 9 | 9 | 9 | |
| Hnefaleikafélagið Haförn | 4 | 4 | 6 | |
| Pílufélag Garðabæjar | 4 | 4 | 4 | |
| Knattspyrnufélag Bjarnastaða | 0 | 0 | 1 | |
| Einherjar | 0 | 0 | 1 | * |
| Garðabær Jökla krikketklúbbur | 0 | 0 | 1 | * |
| Hnefaleikafélag Auðbrekku | 0 | 0 | 1 | * |
| Krikketklúbbur Kópavogs | 0 | 0 | 1 | * |
| Kraftlyftingafél Seltj.nes - Zetorar | 0 | 0 | 0 | |

## Fjöldi iðkenda eftir íþróttagreinum

| Íþróttagreinar | Fjöldi | Fjölgun milli ára |
|---|---|---|
| Golf | 9211 | 8% |
| Knattspyrna | 6924 | 0% |
| Fimleikar | 6340 | 8% |
| Hestaíþróttir | 2874 | 9% |
| Handknattleikur | 2611 | 13% |
| Almenningsíþróttir | 1919 | 18% |
| Körfuknattleikur | 1681 | -7% |
| Dans | 1664 | 4% |
| Tennis | 1567 | 16% |
| Skotíþróttir | 751 | 44% |
| Blak | 709 | 11% |
| Bogfimi | 694 | -6% |
| Sund | 686 | 16% |
| Kraftlyftingar | 566 | 27% |
| Lyftingar | 525 | 1% |
| Taekwondo | 519 | 55% |
| Siglingar | 408 | 108% |
| Hjólreiðar | 322 | -3% |
| Hnefaleikar | 293 | 35% |
| Mótorhj.og snj.sl.íþr. | 284 | 0% |
| Frjálsíþróttir | 251 | -33% |
| Karate | 242 | -7% |
| Glíma | 163 | 43% |
| Bandý | 145 | -3% |
| Þríþraut | 144 | -39% |
| Badminton | 117 | -20% |
| Borðtennis | 91 | 54% |
| Íþróttir fatlaðra | 83 | 11% |
| Pílukast | 54 | |
| Skylmingar | 49 | 2% |
| Júdó | 47 | 21% |
| Skíðaíþróttir | 31 | -35% |
| Rugby | 10 | 0% |

Ath. fjöldi iðkenda og félagsmanna aðildarfélaga byggir á starfsskýrsluskilum frá 2024 vegna ársins 2023 * Félagið hafði ekki aðgang að skilakerfi íþróttahreyfingarinnar vegna ársins 2023 og gat ekki skráð iðkendur .

# Fjöldatölur innan UMSK

## Fjölmennustu félög landsins m.v. iðkanir

| | Félög | Iðkanir | Íþróttahérað |
|---|---|---|---|
| 1 | Umf. Stjarnan | 5684 | **UMSK** |
| 2 | Umf. Breiðablik | 4326 | **UMSK** |
| 3 | Ungmennafélagið Fjölnir | 3717 | ÍBR |
| 4 | Golfklúbbur Reykjavíkur | 3668 | ÍBR |
| 5 | Fimleikafélag Hafnarfjarðar | 3555 | ÍBH |
| 6 | Keflavík íþrótta- og ungmennafélag | 3352 | ÍRB |
| 7 | Íþróttafélagið Gerpla | 3277 | **UMSK** |
| 8 | Umf. Afturelding | 3225 | **UMSK** |
| 9 | Tennis og badmintonfélag Reykjavíkur | 3212 | ÍBR |
| 10 | Handknattleiksfélag Kópavogs | 3111 | **UMSK** |
| 11 | Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar | 2966 | **UMSK** |
| 12 | Glímufélagið Ármann | 2911 | ÍBR |

## Fjölmennustu félög landsins m.v. iðkendur

| | Félög | Iðkendur | Íþróttahérað |
|---|---|---|---|
| 1 | Umf. Breiðablik | 3723 | **UMSK** |
| 2 | Golfklúbbur Reykjavíkur | 3668 | ÍBR |
| 3 | Umf. Stjarnan | 3661 | **UMSK** |
| 4 | Íþróttafélagið Gerpla | 3257 | **UMSK** |
| 5 | Tennis og badmintonfélag Reykjavíkur | 3212 | ÍBR |
| 6 | Ungmennafélagið Fjölnir | 2997 | ÍBR |
| 7 | Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar | 2966 | **UMSK** |
| 8 | Keflavík íþrótta- og ungmennafélag | 2862 | ÍRB |
| 9 | Handknattleiksfélag Kópavogs | 2791 | **UMSK** |
| 10 | Golfklúbbur Mosfellsbæjar | 2692 | **UMSK** |
| 11 | Glímufélagið Ármann | 2591 | ÍBR |
| 12 | Umf. Afturelding | 2436 | **UMSK** |

*Iðkun (iðkanir): Iðkun segir til um fjölda iðkana í hverju félagi, íþróttagrein eða innan íþróttahéraðs. Hver einstaklingur getur verið iðkandi í mörgum greinum.*

*Iðkandi (iðkendur): Hver einstaklingur getur aðeins einu sinni verið talinn sem iðkandi innan hvers mengis (félags/héraðs/íþróttagreinar). Þó svo að viðkomandi einstaklingur geti verið skráður fyrir fleiri en einni iðkun þá telur hann þannig eingöngu sem einn iðkandi.*

*Ath. fjöldi iðkenda og félagsmanna aðildarfélaga byggir á starfsskýrsluskilum frá 2024 vegna ársins 2023.*

## Fjöldi íbúa á starfssvæði UMSK 2024

| | Íbúar | % af UMSK | % af Íslandi |
|---|---|---|---|
| Kópavogur | 39335 | 51.31% | 10.25% |
| Garðabær | 19088 | 24.90% | 4.97% |
| Seltjarnarnes | 4572 | 5.96% | 1.19% |
| Mosfellsbær | 13403 | 17.48% | 3.49% |
| Kjósahreppur | 269 | 0.35% | 0.07% |
| **Samtals** | **76667** | **100.00%** | **19.98%** |



# Úthlutanir úr sjóðum sambandsins á árinu 2024

## Fræðslu- og verkefnasjóður

Hlutverk sjóðsins er að styrkja fræðsluverkefni og sérstök verkefni á vegum aðildarfélaga UMSK. Þá tók sjóðurinn við hlutverki þjálfarasjóðs UMSK á árinu en sjóðirnir höfðu áður verið sameinaðir í bókhaldi sambandsins. Stjórn UMSK ákveður áherslur hvers árs ásamt því að setja nánari vinnureglur um afgreiðslu styrkumsókna umfram þær sem koma fram í reglugerð sjóðsins. Sjóðurinn er fjármagnaður af tekjum UMSK en stjórn sambandsins ákveður framlag til hans á hverju ári. Á árinu 2024 voru 7 milljónir lagðar í sjóðinn en veittir voru styrkir úr honum að fjárhæð 6.504.886 kr. Eigið fé Fræðslu- og verkefnasjóðs við lok árs var 3.137.119 kr.

## Afrekssjóður UMSK

Afrekssjóði er ætlað að styrkja afreksfólk aðildarfélaga UMSK til að fara í keppnisferðir innanlands sem og erlendis. Sjóðsstjórn samanstendur af fimm aðilum úr hreyfingunni en hlutverk hennar er meðal annars að ákvarða styrkupphæð hvers ár og hámarks fjölda styrkja til hvers einstaklings en á árinu 2024 var styrkupphæð svokallaðs „ferðastyrks" frá afrekssjóði 30.000 kr. og voru styrkhæf mót innanlands styrkt um helming af þeirri upphæð.

Annað árið í röð auglýsti stjórn afrekssjóðs eftir umsóknum um svokallaða afreksstyrki frá sjóðnum en markmið þeirra er að styrkja fjárhagslega afreksíþróttafólk og afrekshópa innan aðildarfélaga UMSK sem náð hafa afburðarárangri og gera þeim kleift að búa sig enn betur undir áframhaldandi keppni ásamt því að hvetja til frekari afreka. Að þessu sinni samþykkti stjórn sjóðsins umsóknir frá 6 einstaklingum sem hlutu afreksstyrki frá sjóðnum, samtals að fjárhæð 1.800.000 kr.

Sjóðurinn er fjármagnaður með 7% hlutdeild í Lottótekjum UMSK.

Á árinu 2024 greiddi sjóðurinn út styrki, samtals að fjárhæð 12.420.000 kr. en tekjur hans á sama tímabili voru 13.630.005 kr. Eigið fé sjóðsins við árslok nam 25.425.633 kr.

# Aðrir sjóðir sem félögin hafa tök á að sækja í

## Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar

Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar er nýr sjóður á vegum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) og Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) með stuðningi Mennta- og barnamálaráðuneytis. Sjóðurinn tengist stofnun átta svæðisstöðva íþróttahéraða og markmiðum um eflingu íþróttastarfs á landsvísu. Sjóðurinn styrkir verkefni sem miða að útbreiðslu íþrótta og aukinni þátttöku barna í íþróttum með áherslu á þátttöku barna með fötlun, af tekjulægri heimilum og með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn.

**Sjóðurinn veitir styrki til verkefna sem:**

- Auka útbreiðslu og þátttöku barna í íþróttum
- Efla þátttöku barna með fötlun
- Efla þátttöku barna frá tekjulægri heimilum
- Efla þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn



## Íþróttasjóður ríkisins

**Fyrir hverja?**

Íþrótta- og ungmennafélög og fyrir þá sem starfa að útbreiðslu- og fræðsluverkefnum á sviði íþrótta. Einnig þá sem starfa að rannsóknum á sviði íþrótta.

**Til hvers?**

Styrkirnir eru ætlaðir íþrótta- og ungmennafélögum á landinu til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana. Einnig eru styrkir til útbreiðslu- og fræðsluverkefna, Þá eru veittir styrkir til að stunda rannsóknir á ýmsum þáttum íþróttastarfsemi í landinu. Umsóknarfrestur: Byrjun október ár hvert Síðasta úthlutun (sótt um okt. 2024). 71 verkefni fengu úthlutun frá sjóðnum, samtals að fjárhæð 21.150.000 kr.

## Ferðasjóður íþróttafélaga

Ferðasjóður íþróttafélaga hefur fengið árlegt framlag á Fjárlögum Alþingis, allt frá árinu 2007, til úthlutunar til íþrótta- og ungmennafélaga í landinu vegna keppnisferða innanlands. Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands var falin umsjón á útreikningi og úthlutunum úr sjóðnum. Umsóknarfrestur um styrk vegna keppnisferða innanlands á fyrirfram ákveðin styrkhæf mót er í byrjun janúar ár hvert.

## Fræðslu og verkefnasjóður UMFÍ

Fræðslu og verkefnasjóður UMFÍ hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar m.a með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi. Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi og hafa uppáskrift síns félags eða sambands til að afla sér aukinnar þekkingar á sínu sérsviði sem gæti nýst viðkomandi félagi, sambandi og ungmennafélagshreyfingunni í heild. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðunum.
Umsóknafrestir 1. mai og 1. nóvember.

## Reglugerð UMSK um Lottó

**1. 14% renna til sambandsins**
**2. 7% renna til Afrekssjóðs UMSK**
**3. 79% renna til aðildarfélaga samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100%):**

Þeim 79% sem koma í hlut félaganna verði fyrst skipt eftir íbúafjölda sveitarfélaganna á sambandssvæðinu m.v. íbúaskrá 1. desember ár hvert og síðan innbyrðis innan sveitarfélaganna eftir iðkendafjölda félaganna m.v. upplýsingar í FELIX.

Iðkendur hafi mismikið vægi eftir aldri þegar kemur að útreikningi hlutar hvers félags, þannig hafi iðkendur 5 ára og yngri stuðulinn (1), iðkendur 6-12 ára stuðulinn (3), iðkendur 13 – 18 ára stuðulinn (5), iðkendur 19 – 24 ára stuðulinn (3) og iðkendur 25 ára og eldri stuðulinn (1).

Ný aðildarfélög þurfa að hafa starfað í 2 ár áður en þau eiga rétt á Lottótekjum. Á þó ekki við þegar um er að ræða sameiningu félaga innan sambandsins.

Breyting á Lottóreglugerð tekur gildi fyrsta dag næsta árs eftir að breytingin er samþykkt
Samþykkt á 90. ársþingi UMSK 27. febrúar 2014

## Úthlutun Lottó og aukagreiðslu milli sveitarfélaga




| | | |
|---|---|---|
| Kópavogur | 73,629,703 kr | 51.31% |
| Garðabær | 35,730.107 kr | 24.90% |
| Mosfellsbær | 25,088,570 kr | 17.48% |
| Seltjarnarnes | 8,588,154 kr | 5.96% |
| Kjós | 503,531 kr | 0.37% |
| | **Samtals: kr** | **100.00%** |

## Áheit

Rekstur Íslenskra getrauna gekk vel á árinu, sér í lagi í sölu Lengjunnar og Lengjan beint.
Sala á getraunaseðlum hefur haldist nokkuð óbreytt undanfarin ár. Þessi aukna sala hefur skilað sér beint til íþróttahreyfingarinnar sem er eigandi Íslenskra getrauna. Hluti þessara tekna sem íþróttafélögin fá frá Getraunum er tilkominn vegna sölu getraunaseðla.
Félög fá í sinn hlut bæði áheit (10%) og sölulaun (16%) sem samtals gera 26% af söluandvirði hvers miða í greiðslu frá Getraunum.

| | Nr. | Heiti | útb. áheit 2024 |
|---|---|---|---|
| 1 | 200 | Umf Breiðablik | 780,986 kr |
| 2 | 212 | Golfklúbbur Kópavogs og Garðab. | 597,854 kr |
| 3 | 272 | Umf. Afturelding | 294,984 kr |
| 4 | 210 | Umf. Stjarnan | 224,415 kr |
| 5 | 270 | Golfklúbbur Mosfellsbæjar | 165,962 kr |
| 6 | 203 | Handknattlfélag Kópavogs | 59,277 kr |
| | | **Samtals:** | **2,123,478kr** |

www.getraunir.is

## Getraunastarf – örugg fjáröflun

Öllum félögum innan UMSK gefst kostur á að vera með getraunastarf innan síns félags fyrir sitt félagsfólk.

Kostir getraunastarfsins eru tvennskonar. Annarsvegar bætt félagsstarf og aukin virkni félaga innan félagsins og hinsvegar auðvitað fjáröflun því 26% af söluandvirði hvers getraunaseðils rennur til þess félags sem selur.

Tvær aðferðir eru vinsælastar hjá þeim félögum sem selja getraunir. Annarsvegar er það svokallaður húspottur þar sem safnað er saman hópi félagsfólks og hver samþykkir að greiða ákveðna upphæð á viku. Sú upphæð fer í sameiginlegan pott sem svo er tippað fyrir. Vinna við slíkt er einföld og tekur um það bil 10 mínútur að búa til pottinn rafrænt í hverri viku. Kerfið heldur utanum hver borgar hvað og greiðir út vinninga í hlufalli við innborgun hvers og eins. Slík húskerfi hafa reynst mörgum happadrjúg þar sem þau gefa kost á að kaupa fleiri raðir en ella og auka þannig vinningslíkur.

Dæmi um hverju húskerfi getur skilað til félags. 50 einstaklingar í hóp og hver greiðir 1.500 krónur á viku = 75.000 krónur. Hlutur félags 26% eða 19.500 krónur á viku í 35 vikur = 682.500 krónur. Hér er því um afar einfalda en örugga fjáröflun að ræða fyrir félögin sem kostar lítið umstang. Þess má geta að samkvæmt reynslu íþróttafélaganna af húskerfum eru þátttakendur að greiða um það bil verðið á einum bensínlítra til félagsins á viku þegar vinningar eru frátaldir. Sum árin gefa góða vinninga og þá spila einstaklingarnir frítt eða koma út með nokkrar krónur í gróða.

Hinsvegar er það hin klassíska aðferð að hafa getraunakaffi á laugardagsmorgnum og taka á móti félagsfólki í kaffibolla og gefa því kost á að tippa á getraunaseðilinn. Oftar en ekki er búin til keppni milli hópa og skemmtilegar uppákomur af og til.

Hvor leiðin sem valin er þá eru starfsmenn Getrauna boðnir og búnir að aðstoða félögin. Hægt er að hafa samband í síma 5802500 eða netfangið phs@getspa.is

Pétur Hrafn Sigurðsson
Upplýsingafulltrúi Getspár/Getrauna

# Úthlutun Lottó, aukaarðgreiðslna ÍSÍ/UMFÍ og aukagreiðslu UMSK til aðildarfélaga 2024



| | Úthl. jan-des | Aukaarðgr. ÍSÍ & UMFÍ | Aukagreiðsla UMSK | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Augnablik | 208.782 kr. | 26.384 kr. | 17.614 kr. | 252.780 kr. |
| Bogfimifélagið Boginn | 2.386.413 kr. | 301.569 kr. | 201.332 kr. | 2.889.313 kr. |
| Dansfélagið Hvönn | 2.434.234 kr. | 307.612 kr. | 205.366 kr. | 2.947.212 kr. |
| Dansíþróttafélag Kópavogs | 963.430 kr. | 121.748 kr. | 81.281 kr. | 1.166.458 kr. |
| Golfklúbbur Álftaness | 719.361 kr. | 90.905 kr. | 60.689 kr. | 870.955 kr. |
| Golfklúbbur Kópav. og Garðab. | 6.055.031 kr. | 765.168 kr. | 510.838 kr. | 7.331.037 kr. |
| Golfklúbbur Mosfellsbæjar | 5.711.923 kr. | 721.810 kr. | 481.891 kr. | 6.915.625 kr. |
| Golfklúbburinn Nesklúbburinn | 1.913.745 kr. | 241.838 kr. | 161.455 kr. | 2.317.038 kr. |
| Golfklúbburinn Oddur | 3.339.140 kr. | 421.964 kr. | 281.709 kr. | 4.042.813 kr. |
| Handknattleiksfélag Kópavogs | 11.093.437 kr. | 1.401.867 kr. | 935.907 kr. | 13.431.211 kr. |
| Hestaíþróttafélagið Hörður | 1.843.977 kr. | 233.022 kr. | 155.569 kr. | 2.232.567 kr. |
| Hestamannafélagið Adam | 415.889 kr. | 52.555 kr. | 35.087 kr. | 503.531 kr. |
| Hestamannafélagið Sóti | 369.591 kr. | 46.705 kr. | 31.181 kr. | 447.476 kr. |
| Hestamannafélagið Sprettur | 5.966.398 kr. | 753.968 kr. | 503.360 kr. | 7.223.726 kr. |
| Hnefaleikafélag Kópavogs | 1.304.012 k. | 164.787 kr. | 110.014 kr. | 1.578.813 kr. |
| Hnefaleikafélagið Haförn | 11.659 kr. | 1.473 kr. | 984 kr. | 14.116 kr. |
| Hvíti riddarinn | 216.494 kr. | 27.358 kr. | 18.265 kr. | 262.117 kr. |
| Íþróttafélag aldraðra Kópavogi | 92.144 kr. | 11.644 kr. | 7.774 kr | 111.562 kr. |
| Íþróttafélagið Gerpla | 9.117.589 kr. | 1.152.181 kr. | 769.213 kr. | 11.038.984 kr. |
| Íþróttafélagið Glóð | 86.312 kr. | 10.907 kr. | 7.282 kr. | 104.501 kr. |
| Íþróttafélagið Grótta | 4.997.177 kr. | 631.488 kr. | 421.591 kr. | 6.050.256 kr. |
| Júdófélag Garðabæjar | 183.046 kr. | 23.131 kr. | 15.443 kr. | 221.621 kr. |
| Karatefélag Garðab | 106.097 kr. | 13.407 kr. | 8.951 kr. | 128.455 kr. |

# Úthlutun Lottó, aukaarðgreiðslna ÍSÍ/UMFÍ og aukagreiðslu UMSK til aðildarfélaga 2024

| | Úthl. jan-des | Aukaarðgr. ÍSÍ & UMFÍ | Aukagreiðsla UMSK | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Knattspyrnufélag Garðabæjar | 153.899 kr. | 19.448 kr. | 12.984 kr. | 186.331 kr. |
| Knattspyrnufélag Kópavogs | 71.149 kr. | 8.991 kr. | 6.003 kr. | 86.143 kr. |
| Knattspyrnufélagið Álafoss | 152.301 kr. | 19.246 kr. | 12.849 kr. | 184.396 kr. |
| Knattspyrnufélagið Ísbjörninn | 20.995 kr. | 2.653 kr | 1.771 kr. | 25.419 kr. |
| Knattspyrnufélagið Kría | 73.302 kr. | 9.263 kr. | 6.184 kr | 88.750 kr. |
| Knattspyrnufélagið Miðbær | 130.635 kr. | 16.508 kr | 11.021 kr. | 158.164 kr. |
| Knattspyrnufélagið Smári | 380.240 kr. | 48.051 kr. | 32.079 kr. | 460.370 kr. |
| Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar | 719.969 kr. | 90.982 kr. | 60.741 kr. | 871.692 kr. |
| Lyftingafélag Kópavogs | 1.005.419 kr. | 127.054 kr. | 84.823 kr. | 1.217.296 kr. |
| Rugbyfélagið Stormur | 11.664 kr. | 1.474 kr. | 984 kr. | 14.122 kr. |
| Siglingafélagið Ýmir | 655.505 kr. | 82.836 kr. | 55.302 kr. | 793.643 kr. |
| Skotíþróttafélag Kópavogs | 1.060.239 kr. | 133.981 kr. | 89.448 kr. | 1.283.668 kr. |
| Skylmingafélag Seltjarnarness | 84.337 kr. | 10.658 kr. | 7.115 kr. | 102.110 kr. |
| Stálúlfur | 167.959 kr. | 21.225 kr. | 14.170 kr. | 203.353 kr. |
| Taekwondofélag Kópavogs | 1.326.174 kr. | 167.587 kr. | 111.884 kr. | 1.605.645 kr. |
| Tennisfélag Garðabæjar | 254.166 kr. | 32.119 kr. | 21.443 kr. | 307.728 kr. |
| Tennisfélag Kópavogs | 4.048.504 kr. | 511.606 kr. | 341.555 kr. | 4.901.665 kr. |
| Umf. Afturelding | 11.540.904 kr. | 1.458.413 kr. | 973.658 kr. | 13.972.976 kr. |
| Umf. Álftaness | 1.587.957 kr. | 200.669 kr. | 133.969 kr. | 1.922.595 kr. |
| Umf. Breiðablik | 16.154.358 kr. | 2.041.411 kr. | 1.362.876 kr. | 19.558.645 kr. |
| Umf. Stjarnan | 18.859.611 kr. | 2.383.271 kr. | 1,.591.107 kr. | 22.833.989 kr. |
| Vélhjólaíþr.kl. Mosfellsb. (Mótomos) | 536.201 kr. | 67.759 kr. | 45.237 kr. | 649.197 kr. |
| | **118.531.368 kr.** | **14.978.695 kr.** | **10.000.000 kr.** | **143.510.063 kr.** |

* 10 milljón kr. aukagreiðsla UMSK var úthlutað til aðildarfélaga 31.12.2024 en greidd í mars 2025




PARIS 2024






Árið 2024 voru málefni afreksíþrótta og stofnun svæðisstöðva íþróttahéraða fyrirferðamest í starfsemi ÍSÍ.

**Afreksmálefni**

Í apríl skilaði vinnuhópur mennta- og barnamálaráðuneytis sem skipaður var til að koma með tillögur að nýju fyrirkomulagi í afreksmálum skýrslu sem innihélt ýmsar tillögur þar að lútandi. Vésteinn Hafsteinsson, afreksstjóri ÍSÍ, stýrði starfi vinnuhópsins. Ljóst var að ef breytingar ættu að ná fram í málaflokknum þá þyrfti að koma til aukið fé frá ríkisvaldinu. Var lögð mikil vinna í að kynna framtíðaráætlanir fyrir þingflokkum og í ráðuneytum og í lok árs voru tilkynnt þau ánægjulegu tíðindi að ríkið veitti 637 m. króna aukafjárveitingu til afreksmála. Hluta af framlaginu var veitt til sérsambanda í gegnum Afrekssjóð ÍSÍ en einnig verður framlagið notað til að koma í framkvæmd ýmsum tillögum sem komu fram í skýrslu vinnuhópsins, svo sem stofnun Afreksmiðstöðvar Íslands.

Árið 2024 var Ólympíuár og tóku fimm keppendur þátt í Sumarólympíuleikunum í París, þau Hákon Þór Svavarsson skotíþróttamaður, Anton Sveinn McKee sundmaður, Snæfríður Sól Jórunnardóttir sundkona, Guðlaug Edda Hannesdóttir þríþrautarkona og Erna Sóley Gunnarsdóttir frjálsíþróttakona. Leikarnir gengu mjög vel í alla staði.

**Svæðisstöðvar íþróttahéraða**

Svæðisstöðvar íþróttahéraða, sameiginlegt verkefni ÍSÍ og UMFÍ með fjárframlagi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu, tóku til starfa á árinu og voru full mannaðar á haustmánuðum.

Að fá 16 öfluga einstaklinga til starfa fyrir samtökin hefur verið frábær og þörf viðbót. Markmiðið með svæðisstöðvunum er að efla íþróttahéruð með sameiginlegum starfsstöðvum sem hafa það hlutverk að þjónusta íþróttahéruðin og íþróttafélögin í nærumhverfi sínu með samræmdum hætti. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og starfsstöðvar um allt land auki skilvirkni innan íþróttahreyfingarinnar og geri þeim kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni. Það mun styrkja stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu og þannig jafna tækifæri barna óháð aðstæðum og búsetu sem og að efla þjónustu á viðkomandi svæði. Breytingin nær til tæplega 500 íþrótta- og ungmennafélaga um allt land.

Hópurinn vann fyrstu mánuðina að greiningu svæða og hefur sú vinna fært ÍSÍ og UMFÍ góða yfirsýn yfir starfið í héruðunum, varpað ljósi á það sem má samræma betur og samnýta, gefið gott tækifæri til að skiptast á góðum gildum, þekkingu og reynslu á milli svæða og gefið aukinn kraft og afl inn í starfið.

Komið hefur verið á fót Hvatasjóði og er hlutverk hans að stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttum, með áherslu á börn með fötlun og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.



## Skipulag á skrifstofu

Starfsemi skrifstofu ÍSÍ skiptist í tvö megin svið; Afrekssvið og Fræðslu- og Almenningsíþróttasvið. Þvert á þau eru svo Stjórnsýslusvið, Fjármál, rekstur og upplýsingatækni og svo Markaðs- og kynningarmál. Ólík verkefni eru unnin á hverju sviði en í mörgum tilfellum skarast verkefni á milli sviða. Stjórnsýslusvið hefur verið að eflast á síðustu misserum og sum verkefni, eins og Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ hafa færst yfir til sviðsins.

### Árleg verkefni á sviði almenningsíþrótta og fræðslu

Á hverju ári taka 50 þúsund manns þátt í almenningsíþróttaverkefnum á vegum ÍSÍ. Fræðslu- og almenningsíþróttasvið ÍSÍ stendur fyrir fjölmörgum viðburðum árlega, sem hafa það að markmiði að auka lýðheilsu og reglulega hreyfingu landsmanna. Má þar nefna Lífshlaupið sem vex með hverju ári, Hjólað í vinnuna, Hjólað í skólann, Göngum í skólann, Íþróttaviku Evrópu, Ólympíuhlaupið, Ólympíudaginn og Syndum.

Íþróttavika Evrópu hefur náð mjög góðri dreifingu um landið, ekki síst með frábærri aðkomu sveitarfélaga sem hafa tekið verkefninu fagnandi og lagt ýmislegt á vogarskálarnar á landsvísu til að það heppnist vel í viðkomandi sveitarfélögum. Einnig hafa framhaldsskólarnir verið mjög virkir í verkefninu.

Fræðslu- og almenningsíþróttasvið stendur einnig fyrir ráðstefnum og námskeiðum um ýmsa þætti er lúta að íþróttastarfsemi og annast þjálfaramenntun ÍSÍ.

### Stjórnsýslan

Frá árinu 2023 hefur verið mikil áhersla lögð á að bæta stjórnsýslulega þætti hjá ÍSÍ enda íþróttahreyfingin víðfeðm, lagskipt og býsna flókin. Um 1.000 einingar eru innan ÍSÍ og þarf að huga að mörgu varðandi regluverkið og framfylgja eftirliti og eftirfylgni. Stjórnsýslusvið ÍSÍ annast öll mál er varða lög og reglur í hreyfingunni og er tengiliður við dómstóla ÍSÍ. Helga Þórðardóttir lögfræðingur kom til starfa í fullt starf á skrifstofu ÍSÍ í mars 2024 og er það í fyrsta sinn sem ÍSÍ hefur haft lögfræðing í fullu starfi hjá sambandinu. Í kjölfar Íþróttaþings 2023 var skipaður vinnuhópur ÍSÍ um góða stjórnarhætti til að skoða allt regluverk ÍSÍ með hliðsjón af góðum stjórnarháttum og vinna að viðmiðum um góða stjórnarhætti. Hópurinn skilar af sér skýrslu og tillögum til framkvæmdastjórnar ÍSÍ fyrir Íþróttaþingið 2025.

### Allir með

Verkefnið „Allir með" er samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og ÍF (Íþróttasamband fatlaðra). Verkefnið er þriggja ára verkefni sem er liður í að ná markmiðum 30. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þar eru skýr ákvæði um viðeigandi aðlögun allra í íslensku samfélagi. Markmið verkefnisins er að fjölga tækifærum fatlaðra til íþróttaiðkunar í samstarfi við íþróttahreyfinguna þannig að öll börn og ungmenni eigi möguleika á því að taka þátt í íþróttum í sínu nær umhverfi í samræmi við óskir sínar og þarfir – með viðeigandi aðlögun.

Jafnframt að allir einstaklingar eigi kost á að öðlast reynslu af þátttöku í íþróttum og verða sér úti um leikni til að þróast í öryggi og góðum félagsskap, en þetta eru allt áherslur sem íþróttahreyfingin þarf að vinna að með samræmdum hætti sem víðast um landið. Verkefnið fór af stað í byrjun árs 2023 og var Valdimar Gunnarsson ráðinn verkefnisstjóri og hefur hann aðsetur á Skrifstofu ÍF í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

ALLIR MEÐ
FARSÆLT SAMFÉLAG FYRIR ALLA - BRÚUM BILIÐ

### Ferðasjóður

Árlega er úthlutað úr Ferðasjóði íþróttafélaga. Fjárframlag í sjóðinn kemur alfarið frá ríkinu en ÍSÍ hefur umsjón með sjóðnum, þ.e. umsóknarferli, úrvinnslu og úthlutun.

Síðastliðin ár hefur verið úthlutað 123,9 milljónum út til íþróttafélaga um allt land, byggt á umsóknum.

### Bjartur lífsstíll

Bjartur lífsstíll er samstarfsverkefni Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) og Landssambands eldri borgara (LEB), með fjárstuðningi frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og síðar einnig mennta- og barnamálaráðuneyti. Verkefnið hófst árið 2022.

Í gegnum árin hafa verkefnastjórar myndað gott tengslanet í helstu byggðarkjörnum landsins og veittar hafa verið upplýsingar og aðstoð við frekari innleiðingu heilsueflingar. Megináhersla er lögð á að skipulögð hreyfing og tómstundastarf standi öllu fólki 60 ára og eldra til boða. Árið 2024 var lögð sérstök áhersla á auknu aðgengi og bættri yfirsýn á upplýsingum um hreyfingu og tómstund fyrir eldra fólk. Ekki einungis til að styrkja þjónustuleiðir, heldur einnig til að styrkja samfélagið í heild.

Ný lendingarsíða er komin í gagnið á Ísland.is, Hreyfing í boði, sem sýnir fjölbreytt úrval af hreyfingu og tómstundarstarfi fyrir eldra fólk víðs vegar um landið. Betri yfirsýn á starfsemi og þjónustu sem stendur eldra fólki til boða er samfélagslegur ávinningur okkar allra og komandi framtíðar.

Í Lífshlaupinu 2024 bættist við keppnisflokkurinn Hreystihópar 67+ þar sem miðað er við formlegan eftirlaunaaldur. Allir sem eru 60 ára og eldri geta skráð sig í þennan hóp, þar sem félög eldri borgara eru opin öllum sem náð hafa 60 ára aldri. Mikil ánægja ríkti meðal þjálfara og eldra fólks yfir þessari nýjung og voru 27 hópar staðsettir víðs vegar um landið skráðir til leiks árið 2024.





**Mikið var um að vera í starfi UMFÍ árið 2024. Svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna tóku til starfa í kjölfar þess að samþykkt var að setja svæðisstöðvarnar á laggirnar ári fyrr. Jafnframt er margt framundan, þar á meðal mótun nýrra íþróttalaga, stefnumótun UMFÍ og margt fleira sem gagnast íþróttafélögum.**

### Svæðisfulltrúar

Sextán svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna hófu störf um allt land um mitt ár 2024. Svæðisstöðvarnar eru átta talsins og með tvo starfsmenn á hverjum stað. Hlutverk svæðisfulltrúanna er að þjónusta íþróttahéruð landsins í nærumhverfi hvers þeirra og er horft til þess að sterkari íþróttahéruð geti tekist á við núverandi og fyrirséð verkefni, styrki stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu. UMFÍ fékk styrk í gegnum styrkjaáætlunina Erasmus+ fyrir fræðsluferð með starfsfólki svæðisstöðvanna, framkvæmdastjórum íþróttahéraða og starfsfólki UMFÍ og ÍSÍ til Danmerkur í lok nóvember 2024. Í ferðinni fékk hópurinn dýrmæta fræðslu um íþróttir iðkenda með fötlun.

Gríðarleg tækifæri eru fólgin í starfi svæðisstöðvanna og nú þegar hafa ýmsar aðgerðir og tillögur litið dagsins ljós sem munu nýtast hreyfingunni í heild sinni sem og einstökum héruðum og félögum.

### Stærra UMFÍ

Íþróttabandalag Reykjanesbæjar (ÍRB) og Íþróttabandalag Suðurnesja (ÍS) fengu aðild að UMFÍ árið 2024. Við það voru öll íþróttabandalög landsins orðin hluti af UMFÍ og nærri því öll íþróttafélög á Íslandi - að Íþróttabandalagi Vestmannaeyja (ÍBV) undanskildu. Stjórn ÍBV sótti skömmu fyrir áramót aðild að UMFÍ. Umsóknina á hins vegar eftir að leggja fyrir aðalfund í Vestmannaeyjum og málið því enn í ferli.

### Ný íþróttalög í bígerð

Stjórnvöld áforma setningu nýrra íþróttalaga. Í langan tíma hefur þurft að færa lögin til samræmis við nútímakröfur og láta þau endurspegla starfsemina. Breyting á íþróttalögum getur komið miklu til leiðar. Íþróttahreyfingin þarf að láta í sér heyra og taka virkan þátt í gerð þeirra. Ný íþróttalög eru samfélaginu til góða ef þau leiða til þess að allir landsmenn geti átt kost á því að iðka íþróttir við bestu mögulegu skilyrði á sínu svæði. Samtal og samráð þarf að fara fram á öllum stigum hjá ÍSÍ og UMFÍ við uppfærslu laganna og hefur UMFÍ ítrekað komið því á framfæri, nú síðast á sambandsráðsfundi UMFÍ 2024.

### Stefnumótun UMFÍ

Árið 2021 kom út stefna UMFÍ sem bar yfirskriftina Horft til framtíðar. Samhliða henni kom út starfsáætlun til þriggja ára. Starf stjórnar tekur mið af samþykktri starfsáætlun. Stjórn skipar í nefndir og eru í dag þrettán nefndir að störfum hjá UMFÍ. Hver nefnd er skipuð fulltrúum úr stjórn. Einstaklingar frá sambandsaðilum eru jafnframt í hverri nefnd. Fulltrúar UMFÍ sitja í nefndum, vinnuhópum og stjórnum hjá bæði tengdum aðilum og stjórnvöldum. Á sambandsráðsfundi UMFÍ í október 2024 var samþykkt að láta stefnu UMFÍ gilda til sambandsþings UMFÍ 2025.

### Ertu á almannaheillaskrá?

Það getur borgað sig að skrá íþrótta- og ungmennafélagið sem félag til almannaheilla og á almannaheillaskrá Skattsins. Félög á skránni fá endurgreiddan fjármagnstekjuskatt og getur það munað heilmiklu fyrir félög hvort sem þau eru stjór eða lítil. Félög á skránni geta einnig sótt um 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað, viðhaldi eða endurbætur á mannvirkjum. Fleiri kostir fylgja skráningunni, þar á meðal réttur á frádrætti frá skattskyldum tekjum vegna gjafa og framlaga einstaklinga upp á allt að 350 þúsund króna stuðning á ári. Frádráttur fyrirtækja getur numið allt að 1,5% af rekstrartekjum.

Skráning á almannaheillaskrá Skattsins eykur líkur á að fólk og fyrirtæki leggi félagi sínu til stuðning ef fyrir liggur að viðkomandi fær endurgjöf í formi skattafrádráttar. Um síðustu áramót fyrir árið 2025 voru 450 félög á almannaheillaskrá Skattsins. Þar af voru aðeins 30 íþrótta- og ungmennafélög og tvö íþróttahéruð. Töluvert fleiri félög hafa skráð sig á listann en ljóst að mörg þeirra eiga eftir að endurnýja umsóknina sína fyrir árið 2025. Mikilvægt er að huga bæði að skráningu og árlegri endurnýjun skráningarinnar enda eftir töluverðu að slægjast.

### Skólabúðir á Reykjum

UMFÍ tók við rekstri Skólabúðanna á Reykjum í Hrútafirði haustið 2022. Reksturinn er nú orðið að umfangsmesta verkefni UMFÍ með 8 manns í föstu starfi og nokkrum í hlutastarfi. Árlega koma þangað um 3.200–3.600 nemendur í 7. bekk og umsjónarfólk af öllu landinu. Þar dvelja þau frá mánudegi til fimmtudags. Í búðunum fá nemendur tækifæri til þess að efla leiðtogahæfni og sjálfsmynd og þroska styrkleika sína. Sveitarstjórn Húnaþings vestra og UMFÍ hafa saman unnið að umfangsmiklum endurbótum á öllu húsnæðinu.

Húsnæði Skólabúðanna á Reykjum henta afar vel fyrir vinnustofur, fundi og ráðstefnur. Þar er gisting fyrir 120 manns og rými til funda í þremur stórum húsum, íþróttahús, sundlaug og gott útivistarsvæði. UMFÍ hefur staðið fyrir ráðstefnum og fundum í húsnæði Skólabúðanna og leigt aðstöðuna út til félagasamtaka og hvetur aðildarfélög sín til þess að nýta húsnæðið fyrir hópefli eða aðra viðburði á sínum vegum.

## Mótahald og viðburðir

### Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið dagana 6. – 9. júní 2024 í Vogum á Vatnsleysuströnd. Þetta var í tólfta sinn sem mótið var haldið og fyrsta skiptið sem það var haldið í Vogum. Mótshaldarar voru Þróttur Vogum og sveitarfélagið Vogar. Þátttakendur voru 308, sem var yfir meðallagi undangenginna ára. Auk fjölda keppnisgreina buðu bæjarbúar upp á heilmikla dagskrá, heimatónleika, götubitafjör og matar- og skemmtikvöld.

Næsta Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið á Siglufirði og Ólafsfirði dagana 27. – 29. júní 2025 í samstarfi við Ungmenna- og Íþróttasamband Fjallabyggðar og sveitarfélagið Fjallabyggð.

### Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2024. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) og sveitarfélagið Borgarbyggð. Um 1.000 þátttakendur á aldrinum 11 – 18 ára voru skráðir á mótið. Boðið var upp á 18 íþróttagreinar og fjölda opinna viðburða fyrir þátttakendur og mótsgesti. Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN) hlaut Fyrirmyndarbikar Unglingalandsmóts UMFÍ.

Næsta Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina 2025 í samstarfi við Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA) og sveitarfélagið Múlaþing.

### Drulluhlaup Krónunnar

Drulluhlaupið er samstarfsverkefni UMFÍ og Krónunnar. Það var haldið í þriðja sinn í Mosfellsbæ 17. ágúst. Þátttakendum hefur fjölgað jafnt og þétt og voru þeir 1.004 talsins árið 2024. Það er næstum þreföldun frá fyrsta hlaupinu.

### Forsetahlaup UMFÍ

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, spretti úr spori í Forsetahlaupi UMFÍ sem fram fór á Álftanesi. Hlaupið hefur farið fram í september. Nú fór það fram 9. maí. Það skýrist af forseta-




1021
1169







kosningum sem voru um mánaðamótin og bauð Guðni sig ekki fram. Forsetaframbjóðendum var boðið í hlaupið og þáðu það nokkrir. Alls tóku 240 manns þátt í Forsetahlaupi UMFÍ.

### Fræðsla og forvarnir

Niðurstöður Ánægjuvogarinnar sýna mikilvægi þess að halda börnum í skipulögðu íþróttastarfi, hampa fyrirmyndum og gæta þess að íþróttir séu fyrir alla. Niðurstöðurnar sýna að börn og ungmenni sem stunda íþróttir í skipulögðu starfi líður almennt betur en öðrum börnum. Þau eru líka ólíklegri til að nota vímuefni, nikótín og orkudrykki. Í niðurstöðunum kom fram að börn af erlendum uppruna og nemendur sem skilgreina sig kynsegin stunda mun síður íþróttir en önnur börn.

### Ungt fólk og lýðheilsa

Um 100 ungmenni á aldrinum 15 – 25 ára af öllu landinu tók þátt í ráðstefnu ungmennaráðs UMFÍ; Ungt fólk og lýðheilsa, sem fram fór í húsnæði Skólabúðanna á Reykjum í Hrútafirði dagana 20. – 22. september 2024. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar voru þrír meginþættir lýðheilsu; líkamleg- andleg- og félagsleg heilsa. Markmið ráðstefnunnar er að skapa vettvang fyrir ungt fólk til þess að koma saman og koma með tillögur að bættri lýðheilsu í samfélaginu. Þátttakendur sem hafa áður komið á ráðstefnuna sögðu áhrif hennar afar góða. Ungmennaráð UMFÍ stóð að öllum undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar.

Ungmennaráðstefnan í gegnum tíðina og vinna ungmennaráðs UMFÍ hefur vakið eftirtekt en á uppskeruhátíð evrópskra samstarfsverkefna hlaut Ungmennaráð UMFÍ gæðaviðurkenningu fyrir ráðstefnuna og þykir hún ein af fyrirmyndarverkefnum Erasmus+. Uppskeruhátíðin var haldin í tilefni af 30 ára afmæli EES-samstarfsins og skipulögð af Rannís, Utanríkisráðuneytinu, Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu og sendinefnd ESB á Íslandi.

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðheilsa er haldin um svipað leyti á hverju ári. Ráðstefnan 2025 verður haldin í september.

## Miðlun og samskipti

### Starfsskýrsluskil

Fyrstu skil í nýtt starfsskýrslukerfi sambandsaðila og aðildarfélaga UMFÍ og ÍSÍ fóru fram vorið 2023. Tenging er við upplýsingar úr Sportabler, sem yfir 90% af íþróttahreyfingunni notar. Það er á ábyrgð hvers félags að yfirfara eigin upplýsingar og staðfesta þær við skil þeirra í kerfin. Skilafrestur er til 15. apríl ár hvert. Þrátt fyrir það trassa nokkur félög skilin þegar lokadagurinn rennur upp. Um 30 félög skiluðu ekki inn skýrslum á árinu 2024 og UMFÍ hvetur íþróttahéruð til þess að bregðast við sé skýrslum ekki skilað hjá aðildarfélögum sínum.

### Útgáfa og kynningamál

Þrjú tölublöð af Skinfaxa komu út árið 2024, Göngubók og tvö mótablöð í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Auk þess gefur UMFÍ líka út reglulega fréttabréf með upplýsingum úr hreyfingunni og gagnlegum upplýsingum fyrir sambandsaðila. UMFÍ sinnir jafnframt lýðræðislegu hlutverki og sendir nefndum Alþingis umsagnir um tugi mála á hverju ári. Skinfaxi virkar afar vel til upplýsingamiðlunar innan íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar. Ef sambandsaðilar UMFÍ vilja koma einhverju á framfæri sem erindi á við hreyfinguna er upplag að senda tölvupóst á umfi@umfi.is eða hringja í síma þjónustumiðstöðvarinnar, sem er 568 2929.

### Sambandsráðsfundur UMFÍ

Sambandsráðsfundur UMFÍ fór fram að Varmalandi í Borgarfirði í október 2024. Sambandsráðsfundur er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli sambandsþinga og haldinn annað hvert ár. Fundinn sitja formenn sambandsaðila UMFÍ eða varamenn.

Á fundinum voru afhent þrenn Hvatningarverðlaun UMFÍ. Þau hlutu Héraðssamband Vestfjarða fyrir karlahreysti á Ísafirði, Ungmennafélag Grindavíkur og Héraðssamband Strandamanna fyrir verkefni Skíðafélags Strandamanna.

### Samstarf

UMFÍ leggur áherslu á samvinnu og tekur í samræmi við það þátt í fjölmörgum verkefnum og viðburðum með öðrum samtökum. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og UMFÍ vinna náið saman að fjölmörgum verkefnum. Stærsta sameiginlega verkefnið eru svæðisstöðvar íþróttahéraðanna auk skilakerfis íþróttahreyfingarinnar og ýmsum viðburðum eins og ráðstefnan Konur og íþróttir, sem haldin var í tilefni af Alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2024. Í framhaldi af ráðstefnunni var haldinn kvennahittingu í tilefni af kvenréttindadeginum 20. júní. Þá má ekki gleyma viðburðum á Degi sjálfboðaliðans 5. desember ár hvert, sálfélagslegri þjálfun sem byggir á aðferðafræði 5C, verkefninu Vertu með, sem hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi.

UMFÍ vinnur líka með ÍSÍ að ýmsum öðrum verkefni, svo sem í slagtogi við Íþróttasamband fatlaðra að verkefninu Allir með, ráðstefnu á Reykjavíkurleikunum með Íþróttabandalagi Reykjavíkur, Forvarnardeginum, sem haldinn er í grunn- og framhaldsskólum landsins einu sinni á ári með Embætti landlæknis, forsetaembættinu og fleirum og svo má lengi telja. Á meðal annarra verkefna má nefna Æskulýðsvettvanginn, sem UMFÍ starfrækir með Bandalagi íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Undir merkjum Æskulýðsvettvangsins og í samstarfi við m.a. samskiptaráðgjafa í íþrótta- og æskulýðsstarfi hefur verið unnin samræmd viðbragðsáætlun fyrir íþrótta- og æskulýðsfélög, siðareglur og ýmislegt fleira.

## Rekstur

### Lottó

UMFÍ greiddi sambandsaðilum samtals rúmar 293 milljónir króna árið 2024. Það er sambærileg upphæð og árið á undan. Inni í heildartölunni er 44 milljóna króna viðbótarframlag frá Íslenskri getspá vegna góðrar afkomu á árinu. Til viðbótar greiddi UMFÍ tæpar 30 milljónir króna til reksturs svæðisstöðvanna átta. UMFÍ og ÍSÍ greiða helming rekstrarfjár svæðisstöðvanna til móts við framlag frá stjórnvöldum. Samþykkt var að breyta reglugerð um lottó á sambandsþingi UMFÍ á Geysi í Haukadal í október árið 2023. Breytingin tók gildi í júlí 2024.

### Fræðslu- og verkefnasjóður

Sambandsaðilar UMFÍ og fleiri geta sótt um í nokkrum sjóðum. Stærstur þeirra er Fræðslu- og verkefnasjóður sem styður við fræðsluverkefni hreyfingarinnar. Árið 2024 hlutu 177 verkefni innan íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar styrki upp á rétt rúmar 39,2 milljónir króna. Til samanburðar voru 144 verkefni styrkt árið 2023 upp á rúmar 20 milljónir.

### Lýðháskólastyrkir

UMFÍ styrkir ungmenni sem hyggja á nám í lýðháskóla í Danmörku. Fyrir skólamisserin haust 2023 og vor 2024 voru veittir styrkir upp á rúmar 5,3 milljónir króna. Þetta er töluvert meira en ári fyrr þegar styrkirnir námu tæpum 3,2 milljónum króna.

### Umhverfissjóður UMFÍ

UMFÍ veitir jafnframt styrki úr Umhverfissjóði. Árið 2024 voru styrkir veittir til sex verkefna upp á um 3,4 milljónir króna. Til samanburðar hlutu fimm héraðssambönd rúmar 1,8 milljónir króna árið 2023.



# Álafoss

Eftir að ný stjórn tók við Knattspyrnufélaginu Álafoss, í Október 2022, þá hafa orðið verulegar breytingar á félaginu, bæði innan og utan vallar. Félagið hefur bætt stigamet tvö ár í röð, og aldrei verið á eins góðum stað. Einnig er liðið að gera góða hluti utan vallar, þar með talið á samfélagsmiðlum, þar sem að félagið er í hópi félaga á Íslandi með hvað flestu fylgjendur.

Álafoss var ákveðinn brautriðjandi á samfélagsmiðlinum Tiktok, þar sem að félagið var með þeim fyrstu íþróttafélögum á Íslandi til þess að byrja að gefa af frá sér regluleg vídjóefni frá leikjum og bakvið tjöldin. Á þeim tíma sem KF Álafoss var að byrja, þá voru örfá lið að gefa frá sér vídjó, núna er það orðið sjaldgæft ef að lið er ekki með Tiktok reikning.

Eftir að hafa bætt stigamet félagsins sumarið 2023, þá byggði liðið ofan á, og bætti það aftur sumarið 2024, liðið fór í gegnum tímabilið með einungis 1 tap, og endaði tímabilið með 37 stig í 16 leikjum. Sá frábæri árangur var því miður ekki nóg, því að 3. sætið varð raunin, og var markatala það sem að stoppaði félagið að komast í úrslitakeppni. Stefnan fyrir komandi tímabil er að byggja aftur ofan á þann árangur, og stefnir liðið á titilbaráttu á komandi tímabili.

Álafoss er ekki einungis að taka þátt í Íslandsmóti KSÍ, félagið tók þátt í íslandsmótinu í Futsal með vinafélögum okkar úr Mosfellsbæ, Aftureldingu og Hvíta Riddaranum, og endaði sameiginlegt lið félaganna í 2. sæti, eftir naumt tap í úrslitaleiknum. Álafoss er einnig að taka þátt í Bola deildinni, sem er 7 manna utandeild, og í æfingamótinu Boreal Cup, og er liðið í efsta sæti í báðum keppnum þegar að þessi texti er skrifaður.



# Ungmennafélagið Álftanes

Aðalfundur UMFÁ var haldinn um miðjan maí í golfská GÁ.
Eftirfarandi einstaklingar voru kjörnir í stjórn:
Guðjón Þorsteinsson, formaður,
Kristján Jón Jónatansson gjaldkeri,
Andri Janusson, meðstjórnandi,
Brjánn Guðjónsson, meðstjórnandi,
Óskar Már Alfreðsson, meðstjórnandi.

Ungmennafélagið Álftanes er með 5 deildir starfræktar, knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, Blakdeild, Soobahkdo og almenningsíþróttadeild.
Iðkendatölur hafa verið að fara uppá við hjá félaginu og þá í öllum deildum í samræmi við fjölgun íbúa og stækkun byggðar á Álftanesi. Búist er við að töluverð fjölgun verði á næstu 2-3 árum.

Knattspyrnudeildin er fjölmennasta deildin og hefur yngri flokka starfið verið frá 8 flokki til 5 flokks stúlkna og drengja. Deildin hefur sett sér það markmið að tefla fram liði í 4 flokki drengja keppnistímabilið 2026 og svo í framhaldinu að byrja með 4 flokk stúlkna ári síðar.

Mikilvægt er að geta boðið yngri iðkendum uppá fjölbreytta íþróttaiðkanir á meðan þau eru á grunnskólaaldri og því mikilvægt fyrir samfélagið að koma þessu verkefni af stað.

Meistaraflokkarnir í fótboltanum hafa verið að taka miklum framförum og var farið í það verkefni hjá mfl karla að reyna að manna liðið að mestu með uppöldum iðkendum og hefur það gengið einstaklega vel. Mfl karla vann 5 deildina örugglega og komst aftur upp í 4 deildina og nú er stefnt á að gera betur og komast upp í 3 deild innan 2ja ára.

Mfl kvenna er í samstarfi við Stjörnuna og hefur það samstarf gengið nokkuð vel og nú eru að koma upp efnilegar stelpur af Álftanesi sem munu spila lykilhlutverk í mfl á næstu árum og er þetta gott skref í uppbyggingu fyrir stelpurnar úr yngri flokkum.
Körfuknattleiksdeildin hefur vaxið jafnt og þétt og með góðum árangri mfl karla sem spilar í Bónus deildinni hefur bæði verið mikil fjölgun og bættur árangur hjá yngri flokkum. Deildin er orðin nokkuð fjölmenn og er að nálgast fótboltann í iðkendatölum og eru þetta tvær stærstu deildir félagsins.

Yngri flokkar hafa staðið sig gríðarlega vel og eru nú þegar nokkrir flokkar deildarinnar að spila í A riðli í sínum flokkum, sem sýnir vel hið öfluga starf deildarinnar.

Deildin hélt í vetur sín fyrstu stóru mót í íþróttamiðstöðinni og var mikið líf og fjör í íþróttamiðstöðinn en deildin hélt stórt mót fyrir 7 bekk og svo líka fyrir 3-4 bekk.

Mfl karla náði þeim frábæra árangri á síðasta tímabili að spila í undanúrslitum bikars í Höllinni og að komast í 8 liða úrslitakeppni á sínu fyrsta tímabili í efstu deild.

Blakdeildin er með lið í efstu deild kvenna og er auk þess með lið í 1. Deild kvenna og í unglingablaki. Blakdeildin er einnig með 4 lið í neðri deildum og hefur verið að vaxa mikið starfsemin hjá þeim, sérstaklega kvennameginn.

Soobahkdo deildin býður uppá kennslu í sjálfsvarnaríþróttum og hefur þetta vakið lukku hjá félaginu. Deildin er með aðstöðu í sér sal við hliðina á styrktarsalnum í íþróttamiðstöðinni og styrkir þetta félagið í að bjóða upp á fjölbreytni í íþróttastarfi.

Almenningsíþróttadeildin býður upp á skokkhóp og er starf hópsins öflugt og vinsælt. Deildin býður uppá kennslu í hlaupum og er einnig með styrktarprogramm yfir vetrarmánuðina. Hópurinn hefur stækkað með hverju árinu og ljóst að með stækkun bæjarins mun ásókn aukast til muna.

Félagið er auk þess með íþróttaskóla barnanna, en þar geta börn á leikskólaaldri stundað alhliða hreyfinám undir handleiðslu íþróttafræðinga. Þetta námskeið er yfir vetrarmánuðina og hefur verið mjög vinsælt hjá yngstu iðkendum félagsins þar sem þau stíga sín fyrstu spor hjá félaginu.

Barna og unglingaráð í fótboltanum hafa staðið fyrir fjölskylduhátíð undanfarin þrjú ár sem kallast Forsetabikarinn. Hátíðin hefur verið einstaklega vel sótt og hefur stækkað með hverju árinu, enda fjölbreytt dagskrá í boði fyrir börn og fullorðin. Hátíðin er haldin í lok maí á ári hverju.



## Einherjar

Einherjar hafa verið í fararbroddi uppbyggingar á nýrri íþróttamenningu á íslandi undanfarin ár. Á árinu 2024 hófu Einherjar tímabilið með því að taka á móti Elite Prospect Academy í september, þar spiluðu iðkendur hörku leik gegn liði samansett af bestu leikmönnum U19 í Danmörku.

Þjálfarar héldu kynningar á fánafótbolta í íþróttatímum hjá 13 grunnskólum á árinu 2024, í Garðabæ, Kópavogi, Reykjavík, Mosfellsbæ, Hafnarfirði, Keflavík og á Akranesi. 8 leikir voru spilaðir milli ungmennaliðana yfir tímabilið sem hefur orðið til þess að íþróttin er meira sýnileg og áberandi og þar að leiðandi aðgengilegri fyrir nýja iðkendur. Söfnun stendur yfir fyrir meiri búnað til að mæta auknum iðkendafjölda og er helsta áskorun úthlutun vallartíma fyrir barna og unglingastarf.  Iðkendafjöldi jókst og var iðkendatala fyrir U15 og U18 hópinn samanlagt 78. Iðkendafjöldi í keppnisliði Einherja var 48. Áhugi á starfseminni erlendis frá jafnt og meðal ungmenna hérlendis þar sem einn iðkandi ungmennastarfsins hlaut 3 ára styrk til menntaskólanáms í bandaríkjunum í gegnum samstarf Einherja við Gridiron Imports Foundation og 4 leikmenn keppnisliðs skrifuðu undir samninga hjá öðrum liðum í Evrópu. Einherjar setja sér það markmið að halda áfram að stuðla að uppbyggingu á öflugu ungmenna og fullorðinsstarfi og auka áhuga á íþróttinni.

Það ber að minnast á afrek einstakra íþróttamanna sem annarsvegar hlutu styrk á árinu og hinsvegar skrifuðu undir samning í atvinnumennskunni í Evrópu.

Benedikt Orri, 15 ára, hlaut íþróttstyrk til Fryeburg Academy í Maine til að spila quarterback fyrir varsity liðið þeirra.

Tristan Ingi Gunnarson undirritaði samning við Ungversku deildarmeistara Budapest Titans.

Stefán Númi Stefánsson og Sigurður Jefferson Guarino skrifuðu undir samning með Helvetic Mercenaries í efstu deild evrópu ELF.

Tómas Andrés Kolbeinsson skrifaði undir samning með AIK Stockholm.



## Golfklúbbur Mosfellsbæjar

### Rekstur GM

Rekstur GM gekk vel á árinu líkt og undanfarin ár. Niðurstaða ársins er hagnaður upp á rúmlega 9 milljónir króna. Með styrk frá Mosfellsbæ vegna nýframkvæmda á Hlíðavelli er heildarafkoma ársins jákvæð um tæpar 28. milljónir króna. Það er okkur mikilvægt að rekstur klúbbsins sé öruggur og góður og er það mikið ánægju efni hvernig til hefur tekist og ætlum við okkur svo sananrlega að halda áfram á sömu braut. Við viljum sýna aðhald í okkar rekstri og teljum að okkur hafi tekist vel til undanfarin ár.

### Vallarsvæðin

Sumarið sem nú var að klárast var að mörgu leiti sérstakt, vorið var okkur gott og við opnuðum okkar velli í byrjun maí, Hlíðavöll 5. maí og Bakkakotið þann 9. maí. Það er óhætt að fullyrða að okkar vellir voru virkilega góðir þegar við opnuðum og voru frábærir í allt sumar. Það er ekki sjálfgefið að staðan sé svona og getum við verið virkilega stolt af okkar völlum. Við erum með virkilega öflugt og flott lið á okkar völlum undir öruggri handleiðslu Bjarna yfirvallastjóra.
Það voru spilaðir rúmlega 70.000 hringir á okkar völlum í sumar sem er aukning upp á rétt tæplega 2.000 hringi frá því í fyrra. Veðrið lék okkur grátt eins og flestir vita, talsverð væta og nokkuð vindasamt. Það hafði þó ekki mikil áhrif á spil og voru kylfingar duglegir að fara út á golfvöll í sumar þrátt fyrir misjafna tíð.

Það er virkilega gaman að sjá þá aukningu á spili sem orðið hefur upp í Bakkakoti. Sá völlur er okkur gríðarlega mikilvægur og ánægjulegt að sjá hversu góður völlurinn er. Við leggjum mikinn metnað í báða okkar velli þegar kemur að viðhaldi og við sjáum það í viðhorfskönnunni sem við sendum út árlega að okkar félagsmenn eru virkilega ánægðir með okkar velli. Við munum opna tvær nýjar brautir í Bakkakotinu næsta sumar og munu gæði vallarins aukast talsvert við það. Fyrsta brautin hefur reynst ansi erfið fyrir vel flesta kylfinga og það verða ansi margir fegnir að losna við hana. Nýju brautirnar eru svo sannarlega glæsilegar og hlökkum við mikið til að byrja að spila þessar brautir, vonandi um mitt næsta sumar.

### Félags og íþróttastarf.

Félags og íþróttastarfið okkar gengur vel og erum við ávallt að sjá fleiri og fleiri kylfinga taka þátt í okkar starfi. Það er gaman að sjá árangur undanfarinna ára vera að skila sér. Við fórum af stað í þá vegferð fyrir nokkrum árum að efla og stækka golfskólann okkar, það hefur skilað sér í auknum fjölda kylfinga í kringum 10 til 14 ára aldurinn. Margir þessara krakka eru ótrúlega dugleg að æfa og spila, eyða miklum tíma hjá okkur hvort sem það er úti á velli á sumrin eða inni á veturna.

Íþrótta og afreksstarfið okkar hefur gengið virkilega vel og í ár eignuðumst við níu Íslandsmeistara. Undanfarin tvö ár vorum við með átta titla á hvoru ári og erum við virkilega stolt af okkar fólki sem heldur áfram að bæta titlum í safnið og halda merkjum GM á lofti. Við erum virkilega stolt af þessum árangri hjá okkur og við ætlum okkur svo sannarlega að halda þessu áfram. Í skýrslu íþróttastjóra sem kemur hér á eftir er farið yfir okkar helstu sigra og árangur í sumar.

Í haust náði Nick Carlson svo þeim frábæra árangri þegar að hann tryggði sér fullan þátttökurétt á Challenge tour mótaröðinni í Evrópu og það verður gaman að fylgjast með honum þar á næsta ári.

Við erum með öfluga og góða kvennanefnd sem stendur fyrir skemmtilegum viðburðum vikulega yfir sumartímann og þáttaka í því starfi hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár að fullyrða að það hafi gengið vonum framar.  Hlutfall kvenna í klúbbnum er einnig að aukast og spilar öflugt og flott kvennastarf stórt hlutverk þar.

Starfið hjá okkur fyrir kylfinga 65 ára og eldri og heldur áfram að eflast og er virkilega gaman að fylgjast með því hversu vel gengur þar. Miðvikudagar eru þeirra dagar og þá er hist og haft gaman. Yfir sumarmánuðina er spilað golf á okkar völlum ásamt því að fara í heimsóknir á aðra golfvelli. Yfir vetrarmánuðina er einnig öflug og góð dagskrá. Þá er spilað hermagolf, púttað, félagsvist, bingó, fróðlegir og skemmtilegir fyrirlestrar ásamt ýmu öðru.

**Félagafjöldi**

Félögum í GM fjölgaði á árinu og taldi í lok sumars 2.280 meðlimi.

Við erum með svipaðan fjölda og í fyrra og teljum okkur vera á réttum stað hvað varðar fjölda meðlima í GM. Það er okkur mikilvægt að aðgengi að rástímum sé gott og kom það bersýnilega fram í viðhorfskönnunni að okkar meðlimir eru heilt yfir ánægðir með sitt aðgengi að rástímum.

**Hlíðavöllur og Bakkakot – framtíðarhorfur.**

Í skýrslu stjórnar frá því í fyrra var komið inn á það að árið 2010 vann Edwin Roald fyrstu tillögu að breytingum á fyrri 9 holum Hlíðavallar sem fólu í sér að fara inn með hestagerðinu norðan megin við 5. braut og í austur. Með þessu móti gætum við lagt niður brautir 2. 3. og 4. í núverandi mynd. Hugmyndin er svo að setja lítinn æfingavöll þar sem núverandi brautir 2. og 3. eru og þeim breytt í nokkrar par 3 holur brautir/æfingasvæði til afnota fyrir Mosfellinga sem og alla okkar meðlimi. Í vor var undirritaður samningur við Mosfellsbæ þess efnis að GM fengi aukið landsvæði sem nemur ca 6 hektörum (að undangengnum skipulagsbreytingum og vinnu tengt því) til austurs inn með Leiruvoginum. Einnig var tryggt fjármagn til þess að fara af stað í hönnunar og skipulagsvinnu ásamt því að byggja upp þrjár nýjar golfbrautir. Við þennan samning samþykkti GM að stytta þáverandi 4. braut og gera hana að par þrjú holu og mun hún spilast þannig næstu eitt til tvö ár.



Á myndinni hér að ofan má svo sjá þá tillögu hvernig völlurinn verður spilaðar eftir að hann verður fullkláraður. Þetta eru frumdrög og það gæti ýmislegt breyst en þetta er hugmyndin eins og hún er í dag.

Þegar að af þessu verður mun Hlíðavöllur verða einn af allra bestum völlum landsins og uppfylla helstu skilyrði til þess að halda hér stórmót. Einnig mun aðstaða til æfinga stórbatna þar sem fyrirhugað er að byggja lítill 6 holu golfvöll ásamt pútt og vippflötum á því svæði sem önnur og þriðja brautin eru á í dag. Framkvæmdir við breytingar á Bakkakoti héldu áfram í sumar. Klárað var að sá í flatir og teiga á nýju brautunum í lok júní og tókst sú sáning virkilega vel. Um miðjan júlí var svo sáð í brautirnar og tókst það ekki eins vel þar sem að veðrið var okkur einstaklega óhagstætt, kalt og blautt. Í vor verður yfirsáð í brautirnar og er það okkar von að hægt verði að opna þær fyrir leik í lok júní 2025.

**Inniaðstaðan.**

Síðastliðinn vetur fjölguðum við hermunum okkar upp í fimm talsins og það er óhætt að fullyrða að það hefur gjörbreytt okkar starfi og þá sérstaklega þegar kemur að æfingum hjá okkar fólki. Nú geta allir verið á sama staðnum við æfingar og hermanir okkar í opna og lokaða rýminu þá opnir fyrir okkar félaga á sama tíma. Við gerum okkur grein fyrir því að við þurfum stærri aðstöðu innandyra til þess að sinna öllu okkar starfi eins og best verður kosið og erum við að vinna í því að fá aukið rými.



## Íþróttafélagið Þorlákur

Þorlákur spilaði í ár sitt fyrsta tímabil á Íslandsmótinu. Við tókum þátt í 5.deild. Við lærðum mikið af þessu tímabili og mætum því tvíelfdir til leiks á því næsta.

Minning Þorláks Inga lifir og við vitum að hann er stoltur af okkur.

**Markvert á árinu 2024**

6. janúar: Þáttökutilkynning í 5.deild samþykkt.
22. febrúar: Heimasíðan í loftið.
11. apríl: Samþykktir í ÍSÍ.
4. maí: Þorláksveisla á Geitinni.
12. maí: Fyrsti leikur í 5.deild.



## Pílufélag Kópavogs

Árið 2024 var mjög gott hjá Pílufélagi Kópavogs og mikið sem vannst hjá félaginu, stórir sigrar og smáir. Allt frá því félagið var stofnað og frá því við fengum húsnæði í Digranesinu fyrir tæpum tveimur árum hefur verið góður stígandi í öllu starfi félagsins og alltaf eitthvað um að vera, einhverjar nýjungar eða verið að bæta í á einhvern hátt. Það var mikil fjölgun í félaginu á árinu þar sem um 100 manns voru skráðir í félagið samanborið við 50 manns árið áður. Í samhengi við þessa miklu fjölgun hjá þá bættum við aðstöðuna gríðarlega á árinu, fjölguðum spjöldum og settum upp hágæða pílukerfi á spjöldin. Barna- og unglingaæfingar voru keyrðar vikulega allt árið ef frá er talið stutt sumarfrí en þessar æfingar hafa verið mjög vinsælar og bætist stöðugt í hóp iðkenda. Við héldum mörg mót á árinu, bæði fyrir börn og fullorðna, og var eitthvað um að vera í hverri viku. Við eignuðumst tvo Íslandsmeistara á árinu í flokki drengja U14 og U18 í 501. Við mættum með fullmannað lið á Íslandsmót félagsliða, tvö karlalið og eitt kvennalið þar sem 15 leikmenn spiluðu fyrir félagið. Þetta var í fyrsta skipti sem félagið sendir kvennalið til leiks og eru konukvöld að festa sig í sessi hjá félaginu. Það er mikill uppgangur í starfi PFK og margt á döfinni. Þátttaka félagsmanna er til fyrirmyndar og áframhaldandi uppbygging starfsins er björt.



## Siglingafélagið Ýmir

Aðalfundur félagsins fór fram 23 janúar 2025. **Eftirfarandi voru kosnir í stjórn félagsins:** Þorsteinn Aðalsteinsson, formaður og meðstjórnendur Einar Páll Guðlaugsson, Jón Pálsson, Óskar Haukur Níelsson og Sveinn Ævarsson. Varamenn eru Sverrir Óskarsson, Guðjón Magnússon og Hulda Stefanía Hólm.

Árið 2024 var eitt af stærstu starfsárum Ýmis undanfarin 20+ ár. Mikill metnaður var lagður í byrjenda- og framhalds kennslu á kænur á kjölbáta yfir sumarið, en þessi námskeið eru fyrir börn, unglinga og fullorðna. Námekiðin voru mjög vel sótt, en á átta vikum voru 274 skráningar hjá okkur. Þennan fjölda þarf að skoða í ljósi þess að af öryggisástæðum eru stífar kröfur um hámarksfjölda í námskeiðum. Námskeiðshald hófst því klukkan átta á morgnanna en lauk oft ekki fyrr en um klukkan níu á kvöldin. Félagið fékk verðmætan stuðning frá Kópavogsbæ fyrir þessa starfsemi, en bærinn greiddi laun frístundaleiðbeinenda í tíu vikur auk þess að aðstoða við kaup á öryggisvörum. Með þessum stuðning gátum við boðið upp á námskeið á viðráðanlegu verði og fullnýtt þannig báta, húsnæði og aðrar eignir félagsins.

Öflug starfsemi var einnig í kjölbátahóp félagsins, en 44 manns tóku námskeið, sigldu í áhöfnum eða tóku þátt í keppnum fyrir félagið. Félagið stefndi fram tveimur kjölbátum í keppnir sumarsins og sigraði áhöfnin á Sigurborginni Íslandsbikarinn.

Þrír úr æfingahóp félagsins á kænum tóku þátt í kænumótum og var einn af þeim, Sigurður Haukur Birgisson, kosinn siglingamaður ársins 2024 eftir frábæra frammistöðu á mótum hérlendis og erlendis. Sumarnámskeið félagsins skiluðu einnig átta einstaklingum í haust og vetraræfingar hjá félaginu, en mikið líf hélst í þessu starfi út árið. Æfingahópur félagsins hefur því ekki verið stærri síðan á blómaskeiði íþróttarinnar 1994.

Félagið hélt opnar siglingaæfingar fyrir þá 150 félagsmenn sem skráðu sig. Félagsæfingar voru haldnar alla fimmtudaga og laugardaga frá maí til september. Frá september og út árið héldu laugardagsæfingar áfram og sást til kænusiglara brjóta sig út úr ísnum í höfn félagsins í nóvember og desember. Flestir héldu sig þó við inniæfingar við kaffivélina á þeim dögum.

Félagið tók upp náði samstarf við skátafélagið Kópa um stofnun sjóskátadeildar hjá skátafélaginu. Þetta samstarf byrjaði um miðjan september og hefur staðið í allan vetur með vikulegum fundum á sunnudögum. Í sjóskátadeildina komu tólf þrælhraustir unglingar sem hafa siglt og róið ásamt því að vera í foringjaþjálfun til þess að undirbúa enn frekari uppbyggingu á þessari starfsemi.

Ýmir tók einnig á móti börnum og unglingum úr Kársnesskóla og Suðurhlíðarskóla í tengslum við valáfangann “umhverfið og sjórinn”, sem er nám auðgað með útikennslu sem við höfum byggt upp. Þessi námskeið voru haldin frá janúar til maí og voru síðan aftur frá september til nóvember.

Ýmir hefur því staðið í margbreytilegri starfsemi sem teygir sig útfyrir beina keppnisþátttöku og þjálfun einstaklinga í afreksstarfi. Áhersla hjá félaginu hefur verið að endurbyggja baklandið hjá okkur með því að bjóða foreldrum og eldri einstaklingum upp á útivist og félagsskap í einstakri náttúru sem við höfum aðgang að. Við höfum einnig unnið að því að tryggja félaginu sess í bæjarmynd Kópavogs, en með komu brúar yfir Fossvog munu aðstæður til siglinga breytast umtalsvert og þarf félagið að róa lífróður til þess að halda siglingaíþróttinni lifandi. Við teljum að þetta gerist aðeins með jákvæðni og kröftugu starfi sem nær til allra aldurshópa.

## Gerpla

Íþróttafélagið Gerpla hélt aðalfund 11. september 2024 fyrir starfstímabilið 1. júní 2023 – 31. maí 2024. **Eftirfarandi aðilar skipuðu stjórn félagsins á tímabilinu:**
Ragnheiður M. Ólafsdóttir formaður,
Marta Kristín Sigurjónsdóttir varaformaður,
Sif Pálsdóttir ritari, Davíð Stefán Guðmundsson,
Hreggviður Símonarson, Jóna Björg Jónsdóttir og
Stefán Guðni Stefánsson.

Síðasta starfsár Íþróttafélagsins Gerplu var kraftmikið og líflegt að vanda. Starfræktar voru margar mismunandi deildir innan félagsins í tveimur íþróttahúsum. Áhaldadeild karla og kvenna, hópfimleikadeild karla og kvenna, parkourdeild, fimleikadeild karla og kvenna og almenn deild. Undir almenna deild falla fimleikar fyrir einstaklinga með fötlun, fimleikar fyrir fullorðna og fimleikar þeirra allra yngstu.



Gerpla leggur mikið upp úr því að hvetja þjálfara og starfsfólk til að sækja námskeið og endurmenntun og eru gæði fræðslukerfis FSÍ mjög góð. Kerfið er markvisst og stuðlar að faglegra starfi inni í fimleikasölum landsins. Samhliða fræðslukerfi ÍSÍ og FSÍ stendur félagið fyrir fyrirlestrum um efni sem brennur á fólki á þeim tíma og er fræðslan afar vel sótt innan félagsins. Gerpla hefur fest í sessi hjá sér starfsdaga þjálfara en þeir eru haldnir í upphafi haust- og vorannar. Þá er tíminn notaður til að hlíða á fræðsluerindi, rifja upp skyndihjálpina og starfið skipulagt í minni hópum.

Gerpla leggur áherslu á fjölbreytt þjónustuframboð og leggur mikið upp úr því að iðkendur finni hreyfingu sem hentar þeim og hafi gaman af. Boðið er uppá fimleika í mismunandi formi fyrir breiðan aldurshóp hvort heldur sem markmiðið er að stunda líkamsrækt eða stefna á keppni í fimleikum. Gerpla er enn í fararbroddi hvað varðar hreyfingu barna með fötlun og hefur félagið verið í stöðugum vexti hvað varðar framboð af æfingum fyrir fötluð börn þar sem eftirspurnin hefur aukist eftir þessari þjónustu.

Mikið var um sigra á keppnisgólfinu og voru iðkendur í meistaraflokkum karla og kvenna mest áberandi en 1.flokkur kvenna í hópfimleikum náði einnig frábærum árangri á Norðurlandamóti unglinga í Svíþjóð og unnu til silfurverðlauna. Mikið var um landsliðsverkefni og keppni ungra og efnilegra á erlendri grundu, unnust bæði persónulegrir sigrar sem og liðssigrar og er framtíðin sannarlega björt. Gerplufólkið Thelma Aðalsteinsdóttir og Valgarð Reinhardsson urðu Íslandsmeistarar í áhaldafimleikum 2024, Valgarð og Thelma urðu norðurlandameistarar á gólfi og Hildur Maja Guðmundsdóttir norðurlandameistari í fjölþraut, stökki og slá en íslenska kvennaliðið varð jafnframt norðurlandameistari í liðakeppni. Thelma varð svo fjórfaldur Norður-evrópumeistari þegar hún sigraði öll áhöld á Norður Evrópumóti á Írlandi í september 2024.

Sá sögulegi atburður átti sér stað á síðasta ári þegar Thelma fékk æfingu nefnda eftir sér í alþjóðlegu dómarabókina þegar

hún framkvæmdi æfingu á Evrópumóti fyrst allra. Æfingin heitir hér eftir Aðalsteinsdóttir. Thelma Aðalsteinsdóttir var svo kjörin íþróttakona Kópavogs verðskuldað eftir mjög svo gott og gjöfult ár.

Iceland Classic mótið var haldið í fimmta sinn og var það fjölmennasta mótið hingað til eða tæplega 600 keppendur. Frjálsar æfingar voru í fyrsta sinn alþjóðleg keppni en mótið sóttu tvö lið frá Færeyjum. Fleiri lönd sýndu áhuga og er von á að þau slái til á næsta ári. Eins var keppt í special olympics í fyrsta skipti á Iceland Classic og er það komið til að vera.

Vorsýningin var á sínum stað vorið 2024 en það er klárlega hápunktur starfsins í Gerplu þegar allir iðkendur taka þátt og Versölum er breytt í leikhús. Alls voru 5 sýningar fyrir fullu húsi en iðkendur settu á svið Konung ljónanna í fimleikabúningi. Mjög vel heppnuð sýning og óhætt að segja að iðkendum Gerplu er margt til lista lagt.

Sumarstarfið var mjög kröftugt árið 2024 og voru haldin fjöldinn allur af sumarnámskeiðum með metaðsókn. Heilsdags sumarnámskeiðin voru haldin í Versölum en hálfsdags – parkournámskeið voru haldin í Vatnsenda. Keppnishópar félagsins eru farnir að æfa ellefu mánuði á ári á meðan að almenna deildin og yngri iðkendur æfa frá september og út maí.

Í fyrsta sinn haustið 2024 fór Special Olympics hópurinn í Gerplu á vinamót erlendis. En hópurinn fór til Oslo í Noregi og kepptu þar á special olympics vinamóti í fimleikum. Ferðin gekk mjög vel og keppnin líka og voru iðkendur og þjálfarar mjög glaðir með framtakið og komu heim hlaðnir verðlaunum. Þetta verður ekki í síðasta sinn sem hópurinn fer saman erlendis í keppnisferð.

Árið fer vel af stað og mörg stór verkefni á döfinni sem við hlökkum til að takast á við með okkar frábæru iðkendum, starfsfólki, aðstandendum, sjálfboðaliðum og öðrum velunnurum.

Áfram Gerpla
Olga Bjarnadóttir

## Glóð

Ringó er íþrótt vináttu og friðar

Nýjasta íþróttin sem vaxið hefur í vinsældum er ringó. Ringó er leikur sem er þróaður eftir enskum leik sem kallaður var “ringtennis” og var leikinn á hinum stóru Atlandshafsskipum um aldamótin 1900. Það var leikið á þilfarinu.
Þessi leikur er þekktur í Póllandi og er oft talin vera upprunninn þar. Leikurinn þróaðist í vinsælan garð- og leikvallaleik í Evrópu meira í áttina að blaki sem hópleikur með 4-6 leikmenn sitt hvoru megin við net. Stig eru gefin og reglur svipaðar og í blaki.

Íþróttin er stórskemmtileg. Leikið er á rétthyrndum velli og net á milli helminganna eins og í blaki eða tennis. Kastað er tveimur gúmmíhringjum á milli liða og kúnstin er að hremma hringina og senda jafnharðan yfir á andstæðinginn. Þetta geta orðið harðar snerrur á milli liða. Fjórir eru í hverju liði
Til að verða ringómeistarri þarf fólk að hafa ýmislegt til brunns að bera. Útsjónarsemi, til að meta framvindu leiksins, snerpu og lipurð svo eitthvað sé nefnt. Leikurinn sem kallaður er íþrótt vináttu og friðar er einfaldur og hentar nánast öllum.

Íþróttafélagið Glóð varð 20 ára á árinu, félagið var stofnað þann 24. október árið 2004 af 72ja manna áhugahópi fólks 50 ára og eldra um heilbrigða lífshætti sem komu saman og stofnuðu félagið undir kjörorðinu; Hreyfing-fæðuval-heilsa og tekið er sérstaklega fram að það er opið fyrir alla aldurshópa.
Í dag eru margir stofnfélaga farnir yfir móðuna miklu og aðrir orðnir háaldraðir og hættir að spila ringó en endurnýjun hefur sem betur fer átt sér stað og nýir félagar hafa bæst í hópinn.

Þann 12 desember. Í tilefni afmælisins var ákveðið að færa öllum grunnskólum í Kópavogi ringóhringi að gjöf. Tíu grunnskólar eru í bæjarfélaginu og gaf félagið hverjum grunnskóla 12 stk. af ringóhringjum og fallega og veglega tösku til að geyma þá í. Taskan er merkt með“ lógói Íþróttafélagsins Glóðar, hreyfing-fæðuval-heilsa, ringóhringir gefnir í tilefni af 20 ára afmæli félagsins“. Okkur fannst kominn tími til þess að kynna þessa mögnuðu íþrótt í heimabæ okkar og byrja inni í grunnskólunum.

Í framhaldi af þessu verða haldin námskeið í ringó í mars-apríl fyrir íþróttakennara grunnskólanna í Kópavogi svo að þetta gangi nú alla leið. Við sem spilum þessa frábæru íþrótt, óskum þess einlæglega að íþróttin festist í sessi í skólunum í bænum.

Stjórn Glóðar tók ákvörðun um að halda upp á 20 ára tímamótin þann 18. janúar 2025 með því að halda ringóafmæliskeppnis mót þar sem öllum ringóliðum í landinu verði boðið til keppni í Íþróttahúsið Fagralund í Kópavogi.
Eftir keppnina verður boðið til veglegrar afmælisveislu á efri hæð Fagralundar þar sem ýmsu mektarfólki verður boðið að koma ásamt stofnfélögum og fleirum.

Glóðarfélagar hafa tekið þátt í öllum landsmótum UMFÍ 50+ sem haldin hafa verið síðan árið 2011 en þá fór Landsmót 50+ fram í fyrsta sinn og var haldið á Hvammstanga helgina 24.-26. júní. Félagsmenn Glóðar hafa keppt í ýmsum greinum á öllum landsmótunum en þau eru orðin 13 talsins og hreppt gull, silfur og brons verðlaun en smám saman hefur ringóið tekið yfirhöndina og eru keppendur frá Glóð nær eingöngu að keppa í ringó.

Glóðarfélagar kynntust fyrst ringó íþróttinni árið 2006 á landsmóti í Danmörku og fluttu það með sér til Íslands og kynntu það á nokkrum stöðum um landið. Það voru þær Sigríður Bjarnadóttir, Svana Svanþórsdóttir og Margrét Bjarnadóttir sem fóru á landsmót í Danmörku og kynntust þá þessari íþrótt. Víða um heim er íþróttin stunduð af fólki á öllum aldri. Það má með sanni segja að Glóð hafi komið með íþróttina til landsins.



Haldið var upp á 20 ára afmæli Íþróttafélagsins Glóðar 18. janúar 2025 í Íþróttahúsinu Fagralundi Kópavogi. Þar fór fram afhending heiðursverðlauna en það voru þær Sigríður Bjarnadóttir, stofnfélagi Margrét Bjarnadóttir, stofnfélagi og Svana Svanþórsdóttir, stofnfélagi og fyrsti formaður Íþróttafélagsins Glóðar heiðraðar fyrir eljusemi og dugnað í þágu félagsins til margra ára.

Í dag leggur félagið aðaláherslu á æfingar í ringói og pútti.
Ringó er æft tvisvar í viku frá byrjun september fram í maí. Æft er í íþróttasal Lindaskóla á þriðjudögum og íþróttasal Kópavogsskóla á fimmtudögum, klukkutíma í senn.
Það er alltaf gaman á æfingum og mæta félagar mjög vel á allar æfingar.
Við erum svo heppin að hafa frábæran þjálfara, Smára Björgvinsson sem hefur þjálfað félagið til nokkurra ára.
Á landsmóti UMFÍ sl. sumar 2024 sendi Glóð þrjú ringólið til keppni. Þar vann Glóð til gull- og bronsverðlauna.

Félagið flytur inn ringóhringi frá Póllandi og er eingöngu hægt að kaupa þá hjá Glóð.
Hringirnir þurfa að vera löglegir, þ.e. stærð, þykkt, þyngd og stærð eða þvermál gatsins í miðjunni. Stærð hringjanna er 15 cm í þvermál, þykkt er 3 cm og þyngd er 225 g.

Á sumrin hefur félagið æft pútt tvisvar í viku eða frá byrjun júní fram í lok ágúst. Æft er á púttvelli í eigu Kópavogsbæjar í Kópavogsdal á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 11.00-12.00. Púttið er sérlega skemmtileg samvera á fallegum stað í Kópavogsdal. Völlurinn er 18 holu púttvöllur sem Kópavogsbær sér um. Völlurinn er sleginn næstum daglega allt sumarið og vökvaður, virkilega vel um hann hugsað.
Sumir golfarar segja að hann sé á pari við félagspúttvellina.
Svo að það sé nú sagt aftur er félagið í dag opið öllum aldri.

Margrét Björnsdóttir,
Formaður Íþróttafélagsins Glóðar í Kópavogi



## Hestaíþróttafélagið Hörður

Hestaíþróttafélagið Hörður, stofnað 26. febrúar 1950, er eitt af aðildarfélögum UMSK. Félagið telur um 600 virka félagsmenn og hefur umsjón með keppnissvæði og reiðhallarsvæði í Mosfellsbæ. Starf félagsins hefur verið öflugt á árinu og hefur félagið lagt áherslu á keppnisstarf, æskulýðsmál og reiðvegamál.

**Stjórn og starfsmenn**

Stjórn félagsins skipa:
Formaður: Jón Geir Sigurbjörnsson
Aðalstjórn: Anna Lísa Guðmundsdóttir,
Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir, Einar Franz,
Berghildur Ásdís Stefánsdóttir, Aðalheiður Halldórsdóttir,
Hermann Jónsson, Ragnhildur B. Traustadóttir og
Margrét Dögg Halldórsdóttir.
Framkvæmdastjóri: Rúnar Geir Sigurpálsson
Annað starfsfólk:
Sonja Noack (skrifstofa, reiðhallarskráningar),
Thelma Rut Davíðsdóttir (yfirreiðkennari)

Jón Geir tók við formennsku á aðalfundi félagsins og leysti af hólmi Margréti Dögg Halldórsdóttur, sem hafði leitt félagið undanfarin fjögur ár.

**Frá félaginu**

Veturinn hófst af krafti með fjölbreyttum viðburðum og öflugri þátttöku félagsmanna. Kótilettukvöldið og árshátíðin voru á sínum stað og voru vel sótt af félagsmönnum. Gamlársreið í Varmadal hélt áfram sem einn af föstum viðburðum félagsins, þar sem knapar komu saman til að fagna árslokum í góðum hópi.

Mótahald var kröftugt í vetur og allt til sumars. Vetrarmótin voru haldin reglulega og gæðingamót og íþróttamót félagsins fengu góðan hljómgrunn. Á árinu var haldið áfram með tölumót, þar sem keppendur fengu skriflega umsögn frá dómurum í stað þess að fara í úrslit. Þessi nýjung var sérstaklega gagnleg fyrir yngri flokka félagsins, þar sem unnið er með samheldni og skýr markmið innan keppnishópsins.

Hreinsunardagur var haldinn með góðri þátttöku og skipulagðar voru nokkrar skemmtilegar sameiginlegar reiðferðir með Hestamannafélaginu Fáki.

**Rekstur og mannvirki**

Reiðhöll félagsins var áfram í góðri notkun og gekk reksturinn vel. Reglulegt viðhald var unnið og nokkrar umbætur gerðar til að bæta aðstöðu félagsmanna. FMos hélt áfram með kennslu í reiðhöllinni ásamt námskeiðahaldi og reiðnámi í gegnum endurmenntunarnám LBHÍ. Aðgangur félagsmanna með lyklum var sambærilegur við fyrri ár.

Harðarból var áfram vinsælt til útleigu fyrir veisluhöld og viðburði og var það nýtt reglulega yfir árið.

Félagshesthús félagsins starfaði sitt fjórða starfsár. Þar voru skráðir átta þátttakendur á aldrinum 12-16 ára. Krakkarnir sáu sjálfir um sína hesta eða fengu þá lánaða.

Í vor var ráðist í miklar endurbætur á keppnissvæði félagsins sem undirbúning fyrir Íslandsmót barna og unglinga. Brautir voru yfirfarnar, nýtt yfirlag sett á keppnisvöllinn og grindverk endurnýjað til að tryggja sem bestar aðstæður fyrir keppendur og gesti.

Reiðleiðir félagsins voru einnig í forgrunni á árinu. Fyrsti áfangi í uppsetningu lýsingar á Tungubakkahringnum var kláraður á haustmánuðum, sem var mikilvæg framför fyrir félagið. Með lýsingu skapast möguleikar fyrir fjölbreyttari útreiðar á dimmustu mánuðum ársins og er þetta mikið öryggisatriði fyrir iðkendur. Áætlað er að næsti áfangi verksins fari fram haustið 2025.

**Keppnisárangur og íþróttafólk Harðar**

Hörður átti sterka fulltrúa á Landsmóti hestamanna, sem fram fór á félagssvæði Fáks í Víðidal í júlí. Alls tóku 25 keppendur frá félaginu þátt í mótinu og stóðu sig með prýði.

Íslandsmót barna og unglinga var haldið á félagssvæði Harðar dagana 17.-21. júlí. Mótið var það stærsta sinnar tegundar sem haldið hefur verið og voru keppendur yfir 280 talsins frá 18 hestamannafélögum um allt land. Mótið tókst afar vel, bæði hvað varðar keppni og aðstöðu, og var mikill samhugur meðal keppenda, sjálfboðaliða og áhorfenda. Hörður þakkar sérstaklega öllum þeim sem tóku þátt í framkvæmd mótsins og Mosfellsbæ fyrir veittan stuðning.

Tara Lovísa Karlsdóttir var kjörin Íþróttakona Harðar 2024 og Benedikt Ólafsson Íþróttakarl félagsins. Þau stóðu sig afar vel á árinu og unnu til fjölda verðlauna á keppnisvellinum.

**Fjárhagsstaða og framtíðarsýn**

Félagið er í traustri fjárhagsstöðu og er rekstur þess í föstum skorðum. Hörður hefur verið fyrirmyndarfélag innan ÍSÍ til margra ára.

Á komandi starfsári verður áfram lögð áhersla á eflingu æskulýðsstarfs, viðhald og þróun reiðvega og að bæta aðstöðu fyrir knapa og hesta í Mosfellsbæ. Félagið horfir björtum augum til framtíðar með fjölbreytt og spennandi verkefni framundan.



## HK

Glæsilegur árangur og metnaðarfullt starf

Árið 2024 var viðburðaríkt og eftirminnilegt fyrir HK. Fjölmargir sigrar unnust á árinu og einstaklega gaman var að sjá iðkendur blómstra, bæði innan sem utan vallar.

Mannauður HK er lykillinn að velgengni félagsins. Yfir 100 þjálfarar starfa í sex deildum HK, Handknattleiks-, knattspyrnu-, blak-, bandý-, dans- og borðtennisdeild. Öflugir sjálfboðaliðar sem leggja sitt af mörkum til árangurs vinna gríðarlega góða og óeigingjarnt starf í þágu félagsins og erum við þeim ævinlega þakklát. Undir almenningdeild HK er starfræktur íþróttaskóli, hlaupahópur og rafíþróttadeild. Íþróttaskólinn er fyrir öll börn á aldrinum 12 mánaða til 5 ára, með markmiði um að efla hreyfi- og skynþroska barnanna. Skólinn er starfræktur í Kórnum og leggur áherslu á góða upplifun bæði barna og foreldra.

Hlaupahópur HK hefur vaxið gríðarlega og hélt árlegt Vatnsendahlaup með frábærri þátttöku. Auk þess var hópurinn skáður í Frjálsíþróttasamband Íslands, sem gerir hlaupurum nú kleift að keppa undir merkjum HK.

Á liðnu ári hófum við aftur samstarf við Arena Gaming, sem hefur gert iðkendum kleift að stunda æfingar við bestu aðstæður. Samstarfið hefur gengið vonum framar og spenna er fyrir frekari vexti rafíþrótta innan HK.

Afrekssvið Menntaskólans í Kópavogi (MK) og HK hafa verið í samstarfi síðan 2019 og er stór hópur nemenda að æfa hjá okkur í HK. Þar er metnaðarfullt íþróttafólk sem æfir við bestu aðstæður undir faglegri stjórn reyndra þjálfara. Við erum stolt af þessu samstarfsverkefni sem stækkar og stækkar með hverju árinu.

Verkefnið "Virkni og vellíðan" hefur aukist í vinsældum, á síðasta ári sóttu um 215 eldri borgarar æfingar í Kórnum. Hreyfing og

heilsuefling skipta sköpum fyrir vellíðan eldri kynslóðarinnar og er gaman að fá eldri kynslóðina í Kórinn og sjá þau rækta líkama og sál í góðum félagsskap.

**Íþróttafólk HK 2024**
**Íþróttakona HK**
- Líney Inga Guðmundsdóttir (blak)
**Íþróttamaður HK**
- Birnir Breki Burknason (knattspyrna)
**Lið ársins** - U20 kvenna í blaki
**HK-ingur ársins (Gunnsabikarinn)**
- Ragnheiður Soffía Georgsdóttir
**Blakkona og blakmaður ársins**
- Líney Inga Guðmundsdóttir og Tómas Daviðsson
**Danskona og dansmaður ársins**
- Eva Karen Ólafsdóttir og Hilmar Már Sigurpálsson
**Handknattleikskona og handknattleiksmaður ársins**
- Aníta Eik Jónsdóttir og Ágúst Guðmundsson
**Knattspyrnukona og knattspyrnumaður ársins**
- Elísa Birta Káradóttir og Birnir Breki Burknason
**Borðtennismaður ársins** - Óskar Agnarsson
**Bandýkona og bandýmaður ársins**
– Katrín Magdalena Haig Konráðsdóttir og Helgi Geirsson
**Hlaupakona og hlaupakarl ársins**
- Anna Harðardóttir og Eyjólfur Alexandersson

**Björt framtíð fyrir HK**
Árangurs- og lærdómsríkt ár er að baki og lítur framtíðin svo sannarlega björt út hjá HK. Með metnaðarfullum þjálfurum, sterku íþróttafólki, öflugum sjálfboðaliðum og traustum bakhjörlum eru allir vegir færir. En það sýndi sig svo sannarlega og skilaði sér í góðum rekstri félagsins á árinu. Gríðarlegur viðsnúningur varð á rekstri félagsins á síðasta ári en það er liðsheildinni og samstöðunni að þakka sá árangur sem þar náðist, en félagið náði jákvæðum viðsnúning upp á 60 milljónir á árinu 2024.

## Krummar

Árið 2024 var spennandi ár fyrir Krumma BMX. Við náðum góðum árangri í að kynna BMX hjólreiðar á Íslandi, auka þátttöku og skapa tækifæri fyrir bæði nýja hjólreiðamenn og þá sem vilja þróa færni sína enn frekar. Þessi skýrsla fjallar um helstu viðburði og árangur ársins, auk þeirra áskorana sem við stöndum frammi fyrir við að byggja fyrstu BMX keppnisbrautina á Íslandi.

**1. Sumarnámskeið**
Við héldum vel heppnað sumarnámskeið með 10 áhugasömum iðkendum. Námskeiðið lagði áherslu á grunnatriði keppnis BMX hjólreiða, rétta líkamsbeitingu og að byggja upp sjálfstraust og



færni. Iðkendur sýndu miklar framfarir og gáfu jákvæða endurgjöf um námskeiðið.

**2. Viðburður á pumpubrautinni**
Auk sumarnámskeiðsins héldum við viðburð þar sem um 35 manna hópur fékk að prófa pumpubrautina á keppnis BMX hjóli. Viðburðurinn heppnaðist mjög vel og vakti áhuga á íþróttinni meðal nýliða og lengra komna. Þetta var frábært tækifæri til að kynna íþróttina fyrir samfélaginu.

**3. Þátttaka í tveimur keppnis BMX mótum**
Einn af hápunktum ársins var þátttaka Íslands í tveimur mótum, Norðurlandameistaramóti (Nordic Championship) og Opnu Norðurlandamóti (Pro Open).

Adrían Uni Þorgilsson, 8 ára iðkandi, fór í keppnisferð til Noregs í ágúst 2024. Í fyrsta skipti í sögu Norðurlandameistaramótsins í keppnis BMX var íslenska fánanum flaggað og skipuleggjendur voru hæstánægðir með þátttöku Íslands í mótinu. Adrían keppti í challenger flokki og sýndi framúrskarandi árangur, en þrátt fyrir að ekki sé haldið utan um sæti fyrir keppendur yngri en 10 ára í Evrópu, þá var Adrían 1.-4. sæti í öllum fjórum hringjum sem hann keppti, á báðum mótunum.

Þessi árangur er eftirtektarverður þar sem á Íslandi er engin einasta keppnis BMX braut. Adrían hefur ekki haft tækifæri á að æfa íþróttina af kappi eins og aðrir keppendur í mótunum og frammistaða hans sýnir hversu hæfileikaríkur hann er, en einnig hversu mikla möguleika við Íslendingar höfum á að ná langt í keppnis BMX íþróttinni ef við fáum viðeigandi aðstöðu til æfinga.

**4. Áskoranir: Þörf á keppnis BMX braut**
Ein helsta áskorun Krumma BMX er að það er engin keppnisbraut til á Íslandi. Það er forgangsmál að tryggja fjármagn til að byggja fyrstu brautina á Íslandi til að stuðla að þróun og vexti íþróttarinnar og veita hjólreiðamönnum aðstöðu til að æfa sig á fullnægjandi hátt.
Árangur Adrians, sem náði svona langt án þess að hafa aðgang að slíkri aðstöðu, sýnir mikla möguleika fyrir keppnis BMX íþróttina á Íslandi. Með því að fjárfesta í réttri aðstöðu teljum við að íslenskir hjólreiðamenn geti keppt á háu stigi á alþjóðavettvangi. Hafa ber í huga að mesta nýliðun í hjólreiðum kemur úr keppnis BMX greininni, enda ómetanlegur grunnur fyrir framtíðar iðkendur í tæknilegri færni, snerpu og þoli. Þetta snýst því ekki aðeins um Krumma BMX, heldur einnig um aðrar greinar innan hjólreiða.

**5. Horfur fyrir árið 2025**
Á heildina litið var árið 2024 ár vaxtar og spennandi tækifæra fyrir Krummar BMX. Jákvæð viðbrögð við viðburðunum okkar og frammistaða Adríans á Norðurlandamótunum hafa skapað sterkan grunn fyrir árið 2025.

**Á næsta ári stefnum við á að:**
Tryggja fjármagn til að byggja fyrstu keppnis BMX brautina á Íslandi.
Auka æfingadagskrá til að laða að fleiri unga hjólreiðamenn.
Halda áfram með samfélagsviðburði til að styrkja tengsl við keppnis BMX áhugafólk.
Við þökkum öllum hjólreiðamönnum, fjölskyldum og stuðningsaðilum fyrir að gera þetta ár að því sem það var. Við hlökkum til enn meira spennandi árs 2025!
Stjórn Krumma BMX 7. mars 2025



## Stálúlfur

Aðalfundur félagsins fór fram laugardaginn 20.april 2024 í Kópavogi.
Formaður félagsins er Algirdas Slapikas, aðrir stjórnarmenn eru Erikas Milleris, Vytautas Lipskas, Sergej Diatlovic, Romualdas Gecas, Radek Jasinski og Mindaugas Andrijauskas.
Á vegum félagsins árið 2024 keppti körfuboltalið í meistaraflokki karla sitt 15 tímabil. Einnig sendi Stál-úlfur blaklið til keppninnar í

Mizuno deild karla og fótboltalið til keppninnar í 40+ aldursflokki 9 ári í röð. Keppnistímabilið 2024 starfaði Stál-úlfur sitt 15 ár.

Körfuboltalið Stál-úlfs tók þátt í 3. deild karla. Æfingar liðsins fóru fram í Kársneskóla og Lindaskóla tvisvar í viku, en heimaleikir voru spilaðir í Fagrilundi.

Eldri flokkur Stál-úlfs í fótbolta tók þátt í Íslandsmóti 40+ deildarinnar og urðu Íslandsmeistarar í sinnu flokki. Æfingar liðsins fóru fram á útivelli við Kórnum á gervigrasi einu sinni í viku.
Nú af lokum blakliðið Stál-úlfs tók þátt í Mizuno deildinni og B liðið spilaði í 1 deildinni. A liðið náði að komast í undanúrslit Kjörísbikarsins enn tapaði 2:3 fyrir Þrótti N. B liðið tapaði í úrslitum 1 deildar fyrir Fylki 0:3. Æfingar liðsins fóru fram í Fagrilundi tvisvar í viku. Heimaleikir voru spilaðir lika í Fagrilundi.
Starfsemi félagsins hefur öll verið unnin í sjálfboðaliðastarfi.

Þetta tímabil var fjöldi iðkenda svipaður í knattspyrnu og í körfuknattsleik.



## GKG

Íþróttafélagið okkar, GKG, varð 30 ára þann 24. mars á þessu ári. Að því tilefni voru haldnar kynningar á starfi klúbbsins á vormánuðum.
Haldið var afmælismót um miðjan ágúst, þar sem velunnurum klúbbsins, þar á meðal bæjarstjórum Garðabæjar og Kópavogs, var boðið til leiks sem og afrekskylfingum, starfsmönnum og stjórnarfólki GKG.
Þetta starfsár GKG hefur á margan hátt verið gott hjá okkur í klúbbnum. Við höfum vanist því á síðast liðnum árum að leika golf í íslenskri veðráttu og má segja að sumarið hafi látið bíða eftir sér alveg fram í september. Þrátt fyrir það voru spilaðir álíka margir golfhringir og síðustu ár.

**Stjórnarstörf**
Stjórnin hélt 10 fundi á árinu. Á fyrsta fundi stjórnar í desember skipti hún með sér verkum.
Síðustu tvö árin hefur stjórnin sett sér starfsáætlun sem miðar að því, að tekin eru fyrir ákveðin þemaefni á stjórnarfundum auk fastra dagskrárliða og málin krufin. Rýnt var í íþróttamálin og afreksstarfið, mótamál, veitingaþjónustuna og fleira svo eitthvað sé nefnt.
Vinna við endurskoðun á stefnu klúbbsins hélt áfram, sem stjórn, starfsfólk og félagsmenn tóku þátt í. Markmiðið var m.a. að skerpa á áherslum sem og samskiptaleiðum innan sem utan félagsins. Ráðgjafarfyrirtækið Expectus hélt utan um það verkefni fyrir okkur.
Fyrri hluti þeirrar vinnu fór fram sl. haust, sem miðaði m.a. að því að gera úttekt á íþróttamálum innan klúbbsins. Seinni hluti stefnumótunarinnar fór síðan fram í mars/apríl og raungerist sú vinna í endurskoðuðum markmiðum og stefnu GKG, og í slagorðunum Jafnrétti – Ábyrgð – Gæði – Kraftur – Gleði „JÁ-GKG“.

**Starfsfólk**
Það hefur verið gæfa okkar að hafa samhent og traust starfsfólk í gegnum árin. Fastráðnir starfsmenn eru alls fjórtán en á sumrin bætist verulega í starfsmannahópinn hjá okkur og lætur nærri að starfsmenn séu á milli 60 og 70 þegar best lætur.
Á vallarsviði urðu þær breytingar að ráðinn var nýr vallarstjóri og Guðmundur Árni er nú sviðsstjóri vallarsviðs. Við vallarstjórastarfinu tók hún Kate Stillwell sem hefur mikla og víðtæka alþjóðlega reynslu þrátt fyrir ungan aldur.
Miklar breytingar urðu á Íþróttasviðinu í kjölfarið á stefnumótunarvinnu golfklúbbsins. Guðmundur Daníelsson var ráðinn íþróttastjóri og Haukur Már Ólafsson var ráðinn fagstjóri íþróttasviðs.

**Félagsmenn**
Í ár var 2.801 kylfingur skráður í GKG sem er fjölgun um 171 á milli ára. Fjölgun varð í öllum aldursflokkum, þó mest í barna- og unglingastarfinu. Eldri kylfingum fjölgar enn, en það kemur ekki á óvart þar sem öldungastarfið hefur verið til fyrirmyndar síðustu árin.

**Aldurshópar GKG skiptast með eftirfarandi hætti:**
Börn og unglingar eru samtals 740 sem skiptist niður á golfleikjanámskeið með 457 börn, 12 ára og yngri 129 börn og 13-18 ára 154 kylfingar. Á aldursbilinu 19-25 ára eru 202 kylfingar. Hinn almenni kylfingur frá 26 til 69 ára telur 1.481 meðlimi og 70 ára og eldri 378 talsins.

**GKG er íþróttafélag og lýðheilsustofnun**
GKG er svo sannarlega frábær lýðheilsustofnun fyrir alla fjölskylduna. Eftir að Íþróttamiðstöðin kom til sögunnar, nýta margir kylfingar þjónustu GKG allt árið.
Mikilvægi GKG í nær-samfélaginu er því gríðarlega mikilvægt. Við erum uppeldisstofnun fyrir börn og unglinga. Hinn almenni félagsmaður sækir sér hreyfingu og félagsskap til okkar. Síðast en ekki síst er stór hópur eldri borgara sem sinnir ekki bara sinni daglegu hreyfingu heldur sækir í félagskapinn, margir á hverjum einasta degi allt árið. Í starfinu koma aldurshóparnir saman, og iðka íþróttina sumar, vetur, vor og haust.
Ekkert lát er á vexti golfíþróttarinnar enda fyrirfinnst vart betri fjölskylduíþrótt. Brýn þörf er á fleiri golfvöllum á höfuðborgarsvæðinu þar sem langir biðlistar eru að myndast í flesta golfklúbba á því svæði.

**Barna- unglinga og afreksstarf**
Strax í upphafi var eitt af markmiðum stofnfélaga GKG að félagið hefði sérstöðu umfram aðra klúbba þar sem höfuðáherslan væri lögð á íþróttastarfið. Sú áhersla hefur haldið í gegnum tíðina og það er óhætt að segja að nýliðið keppnistímabil hafi verið einstaklega gjöfult hvað varðar árangur okkar kylfinga.
Árangur kylfingana okkar var mjög góður sumarið 2024 og komu 9 Íslandsmeistaratitlar í hús.

**Klúbbmeistarar GKG 2024** voru Karen Lind Stefánsdóttir og Ragnar Már Garðarsson

**Íslandsmeistaratitlar 2024**
Íslandsmót í höggleik
Hulda Clara Gestsdóttir
Aron Snær Júlíusson

**Íslandsmót í holukeppni**
Anna Júlía Ólafsdóttir

**Íslandsmót golfklúbba 16 ára og yngri drengja**
Arnar Daði Svavarsson, Benjamín Snær Valgarðsson, Björn Breki Halldórsson, Gunnar Þór Heimisson, Snorri Hjaltason.

**Íslandsmót golfklúbba 18 ára og yngri drengja**
Guðjón Frans Halldórsson, Guðmundur Snær Halldórsson, Magnús Ingi Hlynsson, Óli Björn Bjarkason, Pálmi Freyr Davíðsson.

**Íslandsmót golfklúbba 50 ára og eldri konur**
Elísabet Böðvarsdóttir, Hanna Bára Guðjónsdóttir, Helga Björg Steingrímsdóttir, Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir, María Málfríður Guðnadóttir, Petrún Björg Jónsdóttir, Ragnheiður Sigurðardóttir, Ragnheiður Stephensen

**Íslandsmót golfklúbba karlaflokkur 1. deild**
Aron Snær Júlíusson, Guðjón Frans Halldórsson, Gunnlaugur Árni Sveinsson, Hjalti Hlíðberg Jónasson, Kristófer Orri Þórðarson, Ragnar Már Garðarsson, Róbert Leó Arnórsson, Sigurður Arnar Garðarsson.

**Íslandsmót í höggleik 14 ára og yngri drengja**
Björn Breki Halldórsson

**Íslandsmót í höggleik 50 ára og eldri**
Ragnheiður Sigurðardóttir

**Landsliðssæti**
EM stúlknalandslið – Eva Fanney Matthíasdóttir
EM piltalandslið – Guðjón Frans Halldórsson, Gunnar Þór

Heimisson og Arnar Daði Svavarsson
EM karlalandslið – Gunnlaugur Árni Sveinsson
EM kvennalandslið – Hulda Clara Gestsdóttir, Anna Júlía Ólafsdóttir

**Öldungalandslið**
EM landslið kvenna 50+ - Ragnheiður Sigurðardóttir og María Guðnadóttir
EM landslið karla 50+ - Gunnar Páll Þórisson

**Stigameistarar GSÍ**
Aron Snær Júlíusson – Stigameistari GSÍ 2024
Hulda Clara Gestsdóttir – Stigameistari GSÍ 2024
Arnar Daði Svavarsson – 15-16 ára piltar

**Vellir og mannvirki**
Stóru verkefnin framundan er uppbygging á 9 holu golfvelli GKG í stað Mýrarinnar sem og bygging á nýrri þjónustumiðstöð fyrir vellina. Vinna við deiliskipulag Hnoðraholts og nánasta umhverfis GKG hefur því miður dregist um of, en nú lítur út fyrir að eitthvað sé að gerast í þeim málum.

Á síðasta ári var ákveðið að stofna samstarfshóp um skipulag og framkvæmdir á svæði GKG. Haldnir hafa verið þrír fundir á árinu með sveitarfélögunum.

Jafnframt áttum við tvo góða fundi með Skógræktarfélagi Garðabæjar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við nýja völlinn í Smalaholtinu. Á seinni fundinn í júlí mættu fulltrúar skipulagsyfirvalda í Garðabæ, hönnuður golfvallarins, stjórn og ráðgjafar Skógræktarfélagins ásamt fulltrúum GKG. Í lok fundar var gengið um svæðið, mæld út GPS hnit á útlínum og legu golfbrauta sem og lega golfbrauta með tilliti til nálægðar við „trjásýnistíg" Skógræktarfélagsins sem er mikilvægt að varðveita á svæðinu. Ég tel að niðurstaða þessa júlífundar geti stuðlað að mjög svo ásættanlegri lausn fyrir alla hlutaðeigandi aðila. Drög að skipulagstillögu sem nú liggur fyrir hjá skipulagsyfirvöldum sveitarfélaganna og byggir á fyrrgreindri lausn, fer vonandi í umsagnarferli á allra næstu vikum.

**Fjármálin**
Það er mikilvægt að rekstur GKG gangi vel og skili hagnaði sem nýttur er til fjárfestinga í völlum, tækjum og aðstöðu. Árið í ár var einstaklega gott rekstrarlega séð. Rekstrartekjur voru tæpar 527 milljónir og jukust um tæpar 71 milljón á milli ára. Rekstrargjöldin eru 440 milljónir og EBITDA hagnaður var því 87 milljónir samanborið við 52 milljónir árinu á undan. EBITDA hagnaðurinn er nýttur til að greiða niður lán og fjárfestingar. GKG fer ekki varhluta af því frekar en aðrir sem skulda að vaxtakostnaður hefur hækkað umtalsvert og greiðslubyrði lána GKG hefur aukist úr 15 milljónum á ári upp í 21 milljón. Hreinn rekstrarhagnaður fjárhagsárið 2024 er 42 milljónir.

Það er mikilvægt að við eigum borð fyrir báru því framundan eru miklar fjárfestingar í nýrri þjónustumiðstöð golfvalla en við munum missa núverandi aðstöðu á næstu tveimur árum. Þrátt fyrir sterka stöðu þá er lítið rúm til frekari fjárfestinga og því hefur GKG enga burði til að fjármagna þá byggingu öðruvísi en með verulegri aðkomu sveitafélaganna.

Því eigum við GKG-ingar að horfa björtum augum til næstu ára með tilhlökkun um bætta aðstöðu með bros á vör.



## Tennisfélag Kópavogs

**Barna og unglingastarf**
Æfingar hjá félaginu voru vel sóttar allt árið um kring. Félagið náði að fjölga yngstu spilurum sem var einmitt markmið síðasta árs, það tókst með framtaki Arnalds Gunnarssonar íþróttafræðings sem náði að koma tenniskennslu í frístund hjá fleiri skólum í Kópavogi. Æfingar félagsins í Tennishöllinni eru svo vel sóttar að það þyrfti fleiri vallartíma til að geta bætt við fleiri iðkendum. Ánægjulegt er að sjá hve vel unglingar haldast í íþróttinni. Félagið afhenti búninga til iðkenda í afrekshóp og hefur það vakið lukku hjá spilurum og skapað flotta ásýnd á æfingum. Sumarstarfið í Tennishöllinni var öflugt. virkilega mikil aðsókn var í Tennis- og leikjaskólann sem er tennis- og leikjanámskeið fyrir 5-13 ára, en þetta hefur reynst góð leið til að kynna stórum hóp fyrir íþróttinni. Tennisfélag Kópavogs hélt áfram með padelæfingar fyrir unglinga, starfið hófst á því að bjóða upp á fjórar æfingar fyrir unglinga og þær æfingar hafa verið fullskipaðar síðari hluta árs 2024. Padelspilararnir vilija ólmir fleiri æfingar en vellir eru fullbókaðir svo erfitt er að verða að þeirri ósk núna en við bindum vonir um að geta fjölgað æfingum er nýjir padelvellir rísa.
Aldrei hafa verið fleiri iðkendur hjá Tennisfélagi Kópavogs.

**Mótshald og árangur leikmanna TFK á mótum**
Evrópumótið Kópavogur Open mótið í U16 ára flokki var haldið 23.3.24 - 29.3.24 í Tennishöllinni í Kópavogi. 5 þátttakendur sem æfa hjá TFK kepptu á Evrópumótinu, þær Gabriela og Joyceline kepptu í stúlknaflokki en Andri Mateo, Ómar Páll og Jóhann Freyr kepptu í drengjaflokki. Þau kepptu við sterka mótherja sem reyndust ofjarlar þeirra. Ómar Páll komst næst því að sigra en tapaði í leik oddalotna. Hann fékk mikla reynslu úr þessu móti og hélt áfram að keppa á alþjóðlegum mótum, ásamt Andra Mateo, um sumarið og keppti á ,,10 Pro"-mótum bæði í Sviss og Frakklandi og lenti í 3. sæti á báðum mótunum. Andri Mateo lenti einnig í 3. Sæti í Frakklandi.

**Íslandsmótinnanhúss meistaraflokkar:**
Meistaraflokkur karla einliðaleik:
3. sæti Ómar Páll Jónasson.
Meistaraflokkur kvenna einliðaleik:
2. sæti Anna Soffía Grönholm.
Meistaraflokkur karla tvíliðaleik:
1. sæti Sindri Snær Svanbergsson,
2. Davíð Elí Halldórsson & Jón Axel Jónsson,
3. Sæti Ómar Páll Jónasson og
Andri Mateo Uscategui Oscarsson.
Meistaraflokkur kvenna tvíliðaleik:
1. sæti Anna Soffía
Meistaraflokkur tvenndarleik:
1. sæti Davíð Elí Halldórsson & Anna Soffía Grönholm

**Íslandsmótinnanhúss barnaflokkar þar sem sigurvegarar eru leikmenn TFK:**
U12 kk 1. sæti: Tomas Marshall
U14 kk 1. sæti: Karim Mansour
U18 kk 1. sæti: Viktor Freyr Hugason
U12 kk tvíliða:
1. Sæti Breki Þeyr Matthíasson og Matthías Tristan Þórðarson
U14 kk tvíliða:
1. sæti Óðinn Freyr Hugason og Jóhann Freyr Ingimarsson
U18 kk tvíliða:
1. sæti Viktor Freyr Hugason og Óliver Jökull Runólfsson
U16 börn tvíliða:
1. sæti Hekla Bryndísar Eiríksdóttir og Ómar Páll Jónasson

**Íslandsmót utanhúss meistaraflokkar:**
Meistaraflokkur karla einliðaleik:
3. sæti Ómar Páll Jónasson.
Meistaraflokkur kvenna einliðaleik:
2. sæti Anna Soffía Grönholm.
Meistaraflokkur karla tvíliðaleik:
2. Ómar Páll Jónasson,
3. sæti Jesus Omar Morena Monsalve
Meistaraflokkur kvenna tvíliðaleik:
1. sæti Anna Soffía og Selma Dagmar Óskarsdóttir
Meistaraflokkur tvenndarleik:
1. sæti Davíð Elí Halldórsson & Anna Soffía Grönholm

U12 kvk 1. sæti: Gerður Líf Stefánsdóttir
U16 kvk 1. sæti: Arnbjörg Þorbjarnardóttir
U18 kk 1. sæti: Ómar Páll Jónasson

**Nýliðar í landslishóp:**

Ómar Páll Jónasson og Andri Mateo Uscategui Oscarsson bættust við í landsliðshóp karlalandsliðsins.

**Þjálfarar TFK**

Lítil velta er í þjálförum líkt og fyrri ár og vonandi þýðir það að þjálfurum líki vinnan vel enda er starf þjálfarans mikilvægt í að gera æfingar skemmtilegar og uppbyggilegar. Barnaæfingar TFK eru sem áður í umsjón Arnalds Orra Gunnarssonar, Diana Ivancheva, Luis Carrillo Rueda, Anton Magnusson, Sindra Snæs Svanbergssonar og Milan Kosicky sem er yfirþjálfari TFK en þar að auki bættust Anna Soffía Grönholm við sem hefur mikla þjálfunar reynslu og ein af fáum þjálfurum á Íslandi sem hefur ITF þjálfaragráðu af stigi 2. sem er fyrir þjálfara afreks og spilara sem eru lengra komnir. Alfonso de Alba hefur komið inn til afleysinga en hann er tennis- og padelspilari frá Mexíkó og er einnig menntaður læknir.

Bjarki Sveinsson, Ásta María Armesto Nuevo sjá um mini-tennis æfingar fyrir yngstu krakkana um helgar.

Skólatennis er líkt og síðustu ár í umsjá Arnalds og Sindra. Líkt og kom fram hér að ofan þá hefur skólum sem bjóða upp á skólatennis fjölgað og eru þeir nú fimm í stað tveggja.



## Ísbjörninn

Árið 2024 var afar viðburðaríkt og farsælt fyrir Knattspyrnufélagið Ísbjörninn. Félagið tók þátt í Íslandsmótinu í futsal, skipulagði og sigraði Ísbjörninn Futsal Cup, auk þess að keppa í UEFA Futsal Champions League forkeppninni í Albaníu, þar sem liðið stóð sig vel en náði ekki áfram í keppninni. Árangurinn var engu að síður frábær, þar sem Ísbjörninn tryggði sér sinn fjórða Íslandsmeistaratitil í röð í upphafi árs 2025.

Aðalfundur félagsins var haldinn í Kópavogi þann 1. febrúar síðastliðinn, þar sem hefðbundin málefni voru rædd, og engar breytingar urðu á stjórn. Hins vegar var nýr þjálfari ráðinn til félagsins fyrir komandi tímabil, Joaquim F. Moreira De Carvalho.

Árshátíð Ísbjarnarins var haldin á Brasserie Kársnes þann 8. febrúar, þar sem veitt voru verðlaun fyrir frammistöðu ársins og liðsheildin fagnaði saman frábæru tímabili.

Félagið hefur nú verið í fremstu röð íslenskra futsal-liða síðastliðin fimm ár og hefur einbeitt sér alfarið að futsal. Þessi árangur hefur vakið mikla athygli, og á síðasta ári hlaut Ísbjörninn sérstaka viðurkenningu á íþróttahátíð Kópavogsbær fyrir eftirtektarverðan árangur og framlag til íþrótta og samfélagsins í bænum.

Það má með sanni segja að þetta litla lið úr Kópavogi hafi skotist hratt upp á lista yfir bestu futsal-lið Evrópu. Ísbjörninn hefur vakið athygli á alþjóðavísu fyrir frábæran árangur á undanförnum árum og hefur stöðugt styrkt stöðu sína meðal fremstu liða álfunnar.

Þegar liðið hóf þátttöku í UEFA Futsal Champions League var það í 298. sæti í Evrópu, en á aðeins þremur árum hefur það stokkið upp í 49. sæti, sem er ótrúleg framför á stuttum tíma. Ísbjörninn hefur nú tekið þátt í UEFA Futsal Champions League þrjú ár í röð og stefnir í sitt fjórða Evrópumót í sumar. Þessi hraði uppgangur endurspeglar metnað félagsins og þá miklu vinnu sem hefur verið lögð í uppbyggingu liðsins.

Stjórn félagsins skipa:
Formaður: Hafþór Karlsson
Varaformaður og framkvæmdarstjóri: Denis Grbic
Gjaldkeri og ritari: Sigurður Rúnar Birgisson
Yfirþjálfari: Joaquim F. Moreira De Carvalho

Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs við UMSK og að efla futsal enn frekar í íslensku íþróttalífi.

Kær kveðja,
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn

## Stjarnan

Á starfsárinu 2024 tóku ríflega 5.000 virkir iðkendur og yfir 400 þjálfarar og aðrir starfsmenn þátt í starfsemi félagsins, að ógleymdum þeim mikla fjölda sjálfboðaliða sem situr í stjórnum deilda, ráðum og nefndum, eða kemur að starfinu á annan hátt. Hjá félaginu eru sem fyrr starfandi sjö deildir: fimleika-, handknattleiks-, knattspyrnu-, körfuknattleiks-, lyftinga-, sund- og almenningsíþróttadeild. Lausafjárstaða félagsins í árslok 2024 er sterk, og því má þakka miklu aðhaldi í rekstri síðustu ár. Mjög mismunandi er á milli deila hvernig reksturinn kemur út. Ekki verður komist hjá því að halda áfram sama aðhaldi.

Stjarnan náði góðum árangri á ýmsum vístöðvum á árinu.




Kvennalið félagsins í hópfimleikum varð Íslands- og bikarmeistarar á árinu, kvennalið félagsins í körfuknattleik komst í 4 liða úrslit í Subway deild kvenna og beið þar lægri hlut gegn Keflavík. Karlalið félagsins í körfubolta fór í undanúrslit í bikar. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu tók þátt í Evrópukeppni á árinu. Handbolti karla tók þátt í undanúrslitum í bikar og handbolti kvenna komst alla leið í úrslit bikarsins en tapaði þar á móti sterku liði Vals. Þá eru ótaldir allir þeir fjölmörgu titlar sem yngri flokkar félagsins söfnuðu að sér á árinu og ljóst að framtíðin í Garðabænum er björt. Er Stjarnan virkilega stolt af okkar frábæra íþróttafólki og er ómetanlegt að hafa jafn sterkar og jákvæðar fyrirmyndir innan okkar raða. Góð ásókn var í sumarnámskeið félagsins á síðastliðnu sumri og var einstaklega vel tekið í ný námskeið sem boðið var upp á fyrir eldri iðkendur.

Stjarnan er ákaflega stolt af því mikilvæga hlutverki sem félagið gegnir í samfélaginu okkar í Garðabæ. Félagið er meðal stærstu þjónustuaðila í bæjarfélaginu og er hlutverk þess þríþætt: • Barna- og unglingastarf • Afreksstarf • Almenningsíþróttir fyrir fullorðna. Í barna- og unglingastarfinu er hugsjónin fyrst og fremst að skila út í samfélagið sterkum einstaklingum sem læra í gegnum íþróttirnar að takast á við gleði og sorgir, sigra og töp, meðbyr og mótlæti. Ekki má heldur gleyma því mikla forvarnargildi sem þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur. Slík þátttaka, ásamt samvistum við forráðamenn og fjölskyldu, eru tveir stórir þættir sem hafa áhrif til góðs þegar litið er til áhættuhegðunar barna og ungmenna. Afar mikilvægt er að halda ótrauð áfram á braut forvarna og hlúa enn betur að því starfi sem unnið er á þessu sviði. Sérstaklega þarf að koma í veg fyrir brottfall á unglingsaldri og til skoðunar hlýtur að koma til skoðunar að reka á þeim aldri bæði afrekslínu og almenningslínu mögulega með færri æfingum í viku hverri og ekki með sömu áherslu á keppni.

Í afreksstarfi er Stjarnan í fremstu röð. Auk þeirrar sigurhefðar, skemmtanagildis, samstöðu og félagslegrar samveru sem af-

reksstarfið elur af sér er eitt af stóru hlutverkum afreksstarfsins að skapa fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur. Eins og áður hefur komið fram er ómetanlegt að eiga sterkar fyrirmyndir og óhætt er að fullyrða að í Stjörnunni eigum við fjöldann allan af slíkum sem við öll, börn og fullorðnir, getum stolt litið upp til. Samstaðan sem myndast í kringum afreksfólkið okkar á stóran þátt í að þjappa okkur saman og við finnum fyrir því að tilheyra stærri heild.

Skíni Stjarnan!
Fyrir hönd aðalstjórnar Stjörnunnar,
Sigurður Guðmundsson, formaður



## Boginn

Formaður: Oliver Ormar Ingvarsson
Varaformaður: Valgerður E. Hjaltested
Gjaldkeri: Astrid Daxböck
Ritari: Marín Aníta Hilmarsdóttir
Meðstjórnandi: Dagur Örn Fannarsson
Varamenn: Halla Sól Þorbjörnsdóttir, Heba Róbertsdóttir

Árið 2024 var enn eitt viðburðaríka og spennandi ári fyrir Bogfimifélagið Bogann. Keppendur félagsins náðu frábærum árangri á mótum, jafnt innanlands sem erlendis. Ungmennastarfið er enn sterkt og þálfun hefur dafnað vel.

Sérstakt merkiði árið 2024 var að Ragnar Smári Jónasson var ráðinn sem fyrsti starfsmaður Bogans í 50% starfshlutfalli. Hann heldur áfram þjálfun en sinnir einnig aukinni skrifstofuvinnu fyrir félagið.

**Afrek innanlands**
Keppendur Bogans stóðu sig frábærlega á mótum á árinu hérlendis.

Valgerður E. Hjaltested tryggði sér fjórða Íslandsmeistaratitil sinn í röð, Ragnar Þór Hafsteinsson og Ragnar Smári Jónasson urðu Íslandsmeistarar utandyra í sveigboga og trissuboga, Baldur Freyr Arnason í berboga varð þrefaldur Íslandsmeistari og setti tvö ný Íslandsmet, Sveinn Sveinbjörnsson í berboga vann sinn fyrsta meistaraflokks titil og bætti um betur með öðrum til viðbótar. Ungmenni félagsins náðu frábærum árangri í ár, meðal annars Lóa Margrét Hauksdóttir og Magnús Darri Markússon sem urðu Íslandsmeistarar og settu ný Íslandsmet.

**Afrek erlendis**
Keppendur félagsins voru áberandi á alþjóðlegum vettvangi:

Á Evrópumeistaramóti innandyra í Króatíu áttu keppendur Bogans stórkostlegt gengi. Ragnar Smári Jónasson og Baldur Freyr Arnason unnu gullverðlaun, Baldur náði einnig bronsverðlaunum. Sveinn Sveinbjörnsson og Marín Aníta Hilmarsdóttir enduðu bæði í fjórða sæti, aðeins hársbreidd frá bronsinu. Ísland sendi sitt stærsta landslið í sögu íþróttarinnar til EM, þar sem 19 keppendur komu frá BF Boganum.

Á Norræna Ungmenna Mótinu (NUM) var árangur frábær, með fimm norrænum meistaratitlinum, fimm norrænum metum og fjölda íslenskra meistaratitla og meta. Þetta var jafnframt stærsti hópur sem Boginn hefur sent á þetta mót hingað til. Mótið var haldið í Danmörku og voru ungmennin okkar þar að keppa við sterkustu keppendur Norðurlandanna.

Á World Series og öðrum alþjóðlegum mótum náðu keppendur okkar frábærum sætum, með Freyju Dís Benediktsdóttur sem fyrsta Íslendinginn til að tryggja sér þátttökurétt á úrslitamóti World Series.

**Þjálfun og æfingar**
Boginn heldur áfram að rækta ungt keppnisfólk og veita framúrskarandi þjálfun. Sumarnámskeiðin voru vel sótt og voru frábær leið fyrir ungmenni til að kynna sér bogfimi.

**Framtíðarsýn**
Bogfimifélagið Boginn stefnir á að halda áfram vexti og auka áhrif bogfimi á Íslandi. Keppendur félagsins munu sækja önnur stærri alþjóðleg mót á næsta ári, og félagið mun halda áfram að styðja við efnilega keppendur og þjálfara.

Hlökkum til að halda áfram að breiða út þessa frábæru íþrótt árið 2025.

## Karatefélag Garðabæjar

Aðalfundur var haldinn 22. apríl 2024
Gísli J. Sigurðsson tók við af Rúnari Erni Birgissyni sem formaður félagsins.
Ingibjörg Ósk Hákonardóttir tók við af Heiðdísi Halldórsdóttur sem gjaldkeri félagsins.

**Helstu viðburðir ársins 2024**
Félagið er lítið en öflugt og bjóðum við upp á æfingar fyrir börn 6-9 ára, 10-13 ára, 14-16 ára og svo 16 ára og eldri. Við erum



með æfingaaðstöðu í Ásgarði í kjallaranum en þörf er á stærri og betri æfingaaðstöðu til frambúðar og er það okkar helsta stefnumál.
Starfið er mjög mikilvægt í flóru íþróttaiðkunar, vinnur að því að styrkja einstaklinginn bæði á sál og líkama, efla einbeitingu og sjálfsaga sem og líkamlegan styrk og þrek. Karate hentar öllum en þó höfum við einnig tekið á móti mörgum sem ekki hafa fundið sig í öðrum í þróttum, þá sér í lagi hópíþróttum. Okkur finnst mikilvægt að allir eigi sér einhvern samastað þegar kemur að íþróttaiðkun og reynum eftir fremsta megni að mæta þeim þörfum.

**Helstu viðburðir ársins 2024**
Við tókum þátt í flestum þeim innanlandsmótum sem í boði eru fyrir okkar iðkendur og með góðum árangri. En einnig héldum við nokkur innanfélagsmót og beltapróf með góðum árangri.

Á íslandsmeistaramóti unglinga í Kata hlaut Nanna Katrín þriðja sætið í flokki 12 ára stúlkna og á Íslandsmeistaramóti unglinga í Kumite hlaut Arnar Ze 2 sætið í flokki 12-13 ára pilta og Nanna Katrín 3 sætið í flokki 12-13 ára stúlkna.

Stærsti sigur félagsins verður þó að teljast árangur iðkenda okkar á Íslandsmeistaramóti barna í Kata fyrir 11 ára og yngri. Þar var keppt bæði í einstaklings og hóp kata. Þar urðu 7 keppendur okkar Íslandsmeistarar í Kata en þar að auki unnu þau til 3 silfur verðlauna og 9 bronsverðlauna sem skilaði félaginu titlinum Íslandsmeistarar félagsliða árið 2024. Stór og merkilegur áfangi hjá okkar litla og unga félagi.

Haldin eru 4 svokölluð GranPrix mót á ári og unnum við þar samtals til 18 verðlauna, þar af 1 gullverðlauna, 9 silfurverðlauna og 8 bronsverðlauna. Smanlögð stigatalning af þessum mótum skilaði sér svo í því að 2 iðkendur okkar þau Arnar Ze og Nanna

Katrín hlutu bronsverðlaun á uppskeruhátíð KAÍ fyrir stigahæstu keppendur ársins í bæði Kata og Kumite.

Þetta árið létum við verða að því að gera félagspeysur fyrir okkar iðkendur sem vakti mikla lukku og var gaman fyrir þau að geta mætt í þeim á mót sem ein heild, stolt af okkar félagi.

Framtíðin er björt og spennandi hjá okkar félagi og höldum við ótrauðið áfram við að hlúa að og styrkja okkar innra starf.






## Hvönn

Liðið ár hefur gengið vel hjá Dansfélaginu Hvönn. Félagið heldur áfram að stækka og dafna og er jöfn en örugg fjölgun á milli ára í öllum flokkum sem er vel. Mesta fjölgunin var eins og áður í flokki barna 3-7 ára en einnig í Stjörnuflokkum, flokkum ungmenna og fullorðinna með sérþarfir og í Special Olympics hópnum okkar. Félagið fór í samstarf við félag íslenskra línudansara á árinu, sem eru með reglulegar æfingar hjá Hvönn. Við héldum áfram með átaksverkefnið frá fyrri árum, að kynna dansíþróttina fyrir börnum. Boðið var frítt í dans fyrir byrjendur á aldrinum 3-7 ára og skilaði það sér áfram í töluverðri fjölgun iðkenda. Kennsla í skólum landsins er partur af okkar starfssemi og má þar nefna leikskóla í Kópavogi og í framhaldsskólum í sérverkefnum í tengslum við peysufatadaga.

Stjörnuflokkarnir okkar halda áfram að dafna og stækka, og hefur fjöldi iðkenda tvöfaldast á milli ára frá 2023. Special Olympics hópurinn okkar er kominn til að vera, og erum við nú í ár búin að vera í fullum undirbúningi með að undirbúa keppanda, Þórdísi Erlingsdóttur sem fer á vetrarleika Special Olympics í mars 2025 sem haldnir verða í Torino á Ítalíu. Þar keppir hún í flokki „unified partner“ sem þýðir að hún dansar við ófatlaðan einstakling. Ingólfur Bjartur Magnússon þjálfari er sá sem dansar við hana og fer með henni út sem unified partner.

BREAK dans er partur af Hvönn. Natasha Monay Royal sér um kennsluna. Break er nú orðið Ólympíuíþrótt og því partur af DSÍ og alþjóða ólympíusambandinu.

Félagið hefur átt pör í fremstu röð síðustu ár í samkvæmisdönsum og var 2024 engin undantekning. Þrjú pör frá félaginu í landsliði Íslands í samkvæmisdönsum 2024. Í flokki fullorðinna: Björn Ragnarsson & Birgitta Dröfn Björnsdóttir, og Grímur Arnarson & Katrín Klara Ásgeirsdóttir. Í flokki ungmenna; Eden Ólafsson & Freyja Örk Sigurðardóttir. Einnig áttum við 2 pör í ungum og efnilegum; Gunnar Elí Svavarsson & Báru Líf Gunnarsdóttir, og Fabian Sawicki & Katrínu Stellu Pálsdóttur.
Hvönn átti fulltrúa á heims- og evrópumeistaramótum í dansi á árinu 2024

Félagið bætti við sig þjálfurum á árinu 2024 og er að þétta hópinn og gera starfið markvisst betra. Þá má helst nefna: Ísak N.Halldórsson sem sér um fullorðinshópa, Björn Ragnarsson og Birgittu Dröfn Björnsdóttir sem koma að þjálfun keppnishópa. Áfram fáum við reglulega erlenda gestakennarara til að þjálfa nemendur og endurmennta kennara 1 sinni til 2 sinnum á ári.

Við höfum átt í góðu og farsælu samstarfi við Kópavogsbæ og erum þeim þakklát fyrir góðan stuðning. Félagið fékk tilnefningu frá Kópavogsbæ fyrir árangur í flokki 16-18 ára unglinga á árinu, Eden Ólafsson og Freyja Örk Sigurðardóttir fengu þá viðurkenningu. Hvönn er aðildarfélag að UMSK, DSÍ, ÍF, og ÍSÍ.

Hvönn stóð sem áður að árlegri danskeppni, Iceland Open,(áður dansmót UMSK) í samstarfi við DIK Dansíþróttafélag Kópavogs. Virtir erlendir dómarar voru fengnir til landsins til að dæma mótið og boðið var upp á kennslu eftir mót. Mótið var haldið í október í Fagralundi í Kópavogi og gekk vel. Með stuðningi Kópavogsbæjar stóð mótið undir sér.

Dansfélagið Hvönn leggur áherslu á að bjóða upp á danskennslu fyrir alla aldurshópa frá 3ja ára aldri. Keppnishópa og almenna hópa. Barnadansar, samkvæmisdansar, break, gömludansarnir, Línudansar, Special Olympics, og stjörnuhópar. Markmið félagsins er að fjölga félagsmönnum og eiga iðkendur á öllum stigum dansíþróttarinnar, styðja við bakið á kennurum okkar og auka þekkingu innan félagsins. Við höldum ótrauð áfram að byggja upp gott félag, sem er elsta starfandi dansíþróttafélagið innan UMSK og ÍSÍ.

Dansfélagið Hvönn var stofnað þann 21. Október 1995 og á félagið því 30 ára afmæli í haust. Stefnt er að því að fagna þeim tímamótum með félagsmönnum og velunnurum.
Fyrir hönd stjórnar;

Hildur Ýr Arnarsdóttir, formaður

## KGF

Á starfsárinu 2024 tóku tæplega 60 leikmenn þátt í öllum mótum fyrir hönd KFG. Hjá félaginu eru starfandi tvær deildir: knattspyrnudeildin sem var á sínu sautjánda rekstrarári og nýstofnuð




körfuknattleiksdeild sem spilaði árið 2023/24 undir merkjum KFG. Knattspyrnulið félagsins tók þátt í öllum mótum KSÍ á árinu og náði meðal annars næst besta árangri sögunnar í deildarkeppni. Körfuknattleiksliðið afrekaði það að komast upp úr 2.deild á sínu fyrsta ári og hefur sýnt að þeir ungu leikmenn sem bera uppi liðið eiga fullt erindi í 1.deild þar sem liðið hefur sýnt góða takta. Félagið tók á árinu í notkun nýtt útlit og nýtt merki sem tengir félagið á skemmtilegan hátt við Garðabæ með klukkuna frægu í forgrunni ásamt sjálfum silfurmávunum á sveimi. Á árinu fékk stjórn félagsins styrktaraðila, leikmenn og sjálfboðaliðafélagsins til þess að endurnýja klefa félagsins. Þetta verkefni hefur verið lengi til umræðu en gengið var hratt og ákveðið til verks og var útkoman mjög góð. Stjórn KFG er stolt af þeirri framþróun sem hefur átt sér stað síðustu ár innan félagsins og horfir björtum augum til framtíðar.

Sindri Rósenkranz Formaður KFG

## Pílufélag Garðabæjar

Starfsemi Pílufélags Garðabæjar hófst í raun ekki fyrr en í lok árs 2024 þegar aðstöðumál félagsins voru leyst. Félagið fékk aðstöðu í Miðgarði í Garðabæ og frá því að sú aðstaða opnaði hefur verið mikil aðsókn. Hápunktur félagsins var þegar það var tekið inn sem fullgilt aðildarfélag innan UMSK á ársþingi 2024. Það var forsenda þess að við fengjum aðstöðu innan bæjarins. Við hjá Pílufélagi Garðabæjar erum bjartsýnir á framtíðina og hlökkum til næsta árs.

Guðni Þorsteinn Guðjónsson formaður PFG




## Afturelding

Aðalfundur Aftureldingar fór fram 18. Apríl 2024.
Aðalstjórn félagsins 2024 – 2025:
Ásgeir Jónsson, formaður
(kjörinn á aukaaðalfundi)
Hrafn Ingvarsson, varaformaður
Hildur Björg Bæringsdóttir, gjaldkeri (kjörin á aukaaðalfundi)
Geirarður Þórir Long, ritari
Hildur Pála Gunnarsdóttir, meðstjórnandi
Inga Hallsteinsdóttir, meðstjórnandi
Níels Reynisson, meðstjórnandi (kjörinn á aukaaðalfundi)

**Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2024:**
Árið 2024 einkenndist af áframahaldandi framfaraskrefum félagsins utan og innan vallar. Utan vallar voru stór skref tekin í uppbyggingu mannauðs og innviða. Einar Ingi Hrafnsson tók við sem framkvæmdarstjóri og ráðinn var rekstrarstjóri, Þórdís María Aikman, í fullt starf á skrifstofu félagsins sem starfar með framkvæmdarstjóra og íþróttafulltrúa, Hönnu Björk Halldórsdóttur. Lagning á nýju gervigrasi á aðalvelli félagsins hófst og áframhaldandi samtal um þróun og hönnun þjónustubyggingu og stúku á aðalvelli héldu áfram, framkvæmda sem lengi hefur verið beðið eftir.

Innan vallar héldu félagsmenn áfram á að ná eftirtektarverðum árangri. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu tryggði sér sæti í efstu deild í fyrsta sinn, 50 ára starfsafmæli deildarinnar. Meistaraflokkar í blaki og handbolta börðust um alla titla líkt og undanfarin ár og varð meistaraflokkur kvenna í blaki bikarmeistari. Brotið var blað í sögu félagsins þegar 9.flokkur karla landaði fyrsta Íslandsmeistaratitli þess í körfuknattleik og 3.flokkur karla í handknattleik bætt öðrum slíkum í safnið.

Íþróttamaður ársins var valinn Þorsteinn Leó Gunnarsson handknattleiksmaður, 2.árið í röð. Þorsteinn var lykilmaður í einvíginu um Íslandsmeistaratitilinn vorið 2024. Að því loknu hóf hann atvinnumannaferil sinn hjá stórliði Porto í Portúgal. Íþróttakona Aftureldingar var valin Thelma Dögg Grétarsdóttir. Thelma var kosin besti íslenski leikmaðurinn  í Unbrokendeild kvenna, var valin mikilvægasti leikmaður bikarkeppninnar þegar liðið landaði þeim stóra.  Þá var Thelma fyrirliði A landsliðs kvenna sem tók þátt í Siver League keppni Evrópu vorið 2024.

Hefð er fyrir því að velja vinnuþjark félagsins, sem kemur úr röðum sjálfboðaliða. Að þessu sinni var valinn Leifur Guðjónsson. Leifur hefur unnið sjálfboðaliðastarf fyrir handknattleiksdeild í áratugi og verið ein helsta driffjöður starfsins um langt skeið.

Stöðugleiki einkennir fjölda iðkenda. Knattspyrnudeildin er stærst deilda með um 32% iðkenda, þá kemur fimleikadeildin með 29% og handknattleiksdeildin með 15%. Aðrar deildir eru fámennari. Samtals voru um áramót iðkendur 1.873 á aldrinum 4 – 18 ára í 11 deildum.

Ásgeir Jónsson, formaður Aftureldingar



## Oddur

Stjórn Odds 2024 skipuðu á starfsárinu:
Kári H. Sölmundarson formaður
Berglind Rut Hilmarsdóttir
Giovanna Steinvör Cuda
Jón S. Garðarsson
Páll Þórir Pálsson
Guðrún Símonardóttir, varamaður
Ágúst Valgeirsson, varamaður

Árið 2024 var hið rólegasta í nokkur ár hvað viðburði á vallarsvæðinu okkar snertir enda ekkert stórmót haldið á Urriðavelli þetta ár.  Vorið var kalt og sumarið undir pari veðurfarslega en ekki hafa verið spilaðir fleiri hringir en þetta sumar, rúmlega 43.000 sem sýnir áhuga og elju okkar kylfinga.

Um tólf hundruð kylfingar eru nú á biðlista eftir að fá að ganga í klúbbinn og algerlega óvíst er hvað við bjóðum mörgum af þeim sem sóttu um aðild að félaginu 2022 á starfsárinu 2025. Það er því ljóst að hugmyndir okkar og sú staðreynd að stækkun Urriðavallar sé í pípunum sé fagnaðarefni innan félags og utan enda þörf á fleiri golfvöllum á höfuðborgarsvæðinu miðað við eftirspurn.  Að frumkvæði Golfklúbbsins Odds var yfirhönnuður golfvallar hönnunarstofunnar, Robert Trent Jones Jr, fenginn til landsins til þess að skoða verkefnið og til að kanna hvort áhugi þeirra væri til að koma að því.  Frá þeim liggur í dag fyrir tilboð að hönnun vallar sem mun standast samanburð við það besta sem þekkist í heiminum.

Íþróttastarf golfklúbbsins hefur verið blómlegt og fjölgar iðkendum áfram ár frá ári hjá okkar yngri kylfingum og hefðbundið starf ávallt virkt hjá meistaraflokkum og eldri kylfingum. Aðstaða til iðkunar og æfinga á veturna er áfram áhyggjuefni til lengri tíma þar sem við  höfum þurft að leita utan svæðis að aðstöðu og finnum að með stækkandi unglingastarfi að nauðsynlegt sé að koma upp eigin aðstöðu og vonandi fáum við stuðning bæjarfélagsins til að koma að þeirri uppbyggingu á næstu árum.

Keppendum á okkar vegum í yngri flokkum fjölgaði í mótum GSÍ á milli ára og aukning var í þátttöku í innanfélagsmótum, bæði hjá yngri iðkendum og þeim eldri. Frábær þátttaka var í æfingaferð unglinga og barnastarfsins þar sem við heimsóttum Costa Ballena svæðið á Spáni og ljóst að góðar líkur er á því að æfingaferðir verði fastur liður í starfinu á hverju ári, slíkur er áhuginn. Hjá eldra keppnisfólki GO náðist góður árangur í mótum sumarsins sem fulltrúar GO, Meistaraflokkur kvenna hélt sæti sínu í efstu deild kvenna og höfnuðu okkar konur í 6. sæti, Kvennasveit GO 50+ hafnaði í 5. Sæti í efstu deild kvenna. Meistaraflokkur karla átti fínt mót í 2. Deild karla og hafnaði þar í 7. Sæti og karlalið GO 50+ lék í 1. Deild og náði sér ekki á flug og hafnaði í 8. Sæti. Sveitir GO í 65+ náðu ágætum árangri á LEK móti golfklúbba, kvennasveitin hafnaði í 5. Sæti og karlasveitin sigraði 2. Deild með nokkrum yfirburðum og leika því í efstu deild að ári.

Við að sjálfsögðu göngum með bjartsýni á lofti inn í nýtt golfár.

Við erum stolt því að Urriðavöllur sé talinn einn besti golfvöllur landsins og að Golfklúbburinn Oddur sé einn sá eftirsóttasti hjá þeim sem eru að velja sér golfklúbb.  Það er stefna núverandi stjórnar að viðhalda því forskoti sem við teljum okkur hafa og við viljum reka einstakan golfvöll á heimsmælikvarða, með áherslu á almennan golfleik, aðra útivist, lýðheilsu og góðri tengingu við allan almenning.



## DÍK 2024

Aðalfundur DíK var haldinn 20.júní 2024.
Formaður félgsins er Ellen Dröfn Björnsdóttir, aðrir stjórnarmenn eru, Edgar Gapunay, Arnar Már Einarsson, Davíð Jóhannsson, Bjarni Bragason, Sigrún Gunnbjörnsdóttir

Danspör frá félaginu kepptu á öllum mótum sem heldin voru hérlendis á árinu og unnu fjöldan allan af Íslandsmeistara- og bikarmeistaratitllum og fullt af öðrum verðlaunum í öllum flokkum á öllum aldri á mótum vetrarins.

Dansíþróttafélag Kópavogs og ásamt öðru dansfélögum í Kópavogi héldu byrjun október Iceland Open danskeppni. Samstarfið gekk mjög vel og er komin dagsetning fyrir árið 2025.
Eiður Fannar Gapunay, Bríana Hólm Árnadóttir og Gunnhildur Una Stefánsdóttir fengu verðlaun hjá Kópavogsbæ í flokki 13-16 ára fyrir árangur sinn í árinu.

Danspör frá félaginu hafa séð um veitingasölu á 17 júní Á Rútstúni undanfarin ár og tekst vel. Einnig hafa verið fleiri fjáraflanir hjá félaginu sem frábær og samstilltur foreldrahópur hefur séð um.
Haldin voru 5 jólaböll þetta árið fyrir alla nemendur dansskólans, yngstu nemendurnir fengu jólaball þar sem dansað var í kringum jólatréð og jólasveinar komu í heimsókn, keppnishóparnir fengu pizzupartý og fullorðinshópanir fengu jólaball með hlaðborði, dansi og dansýningum. Í kringum öskudaginn og Halloween eru grímubúningatímar.

Stór hópur keppti á Evrópumeistaramótinu og Junior Blackpool sem haldið var um páskana.

Mikil gróska er í dansinum hjá félaginu og mikið af efnilegum dönsurum að stíga sín fyrstu spor á keppnisgólfinu þetta árið.

Dansíþróttafélag Kópavogs er með danskennslu frá 3. ára aldri og eru elstu nemendur dansskólans yfir áttrætt.




## Grótta

Íþróttafélagið Grótta hélt aðalfund fimmtudaginn 30. apríl 2024.
Á fundinum var Karitas Kjartansdóttir kjörin formaður og tók við af Þresti Þór Guðmundssyni sem hafði sinnt því hlutverki síðast liðin tvö ár. Svala Sigurðardóttir lét einnig af störfum í stjórn en aðrir stjórnarmenn héldu sínum sætum óbreyttum.
Aðalstjórn félagsins skipa því:
Karitas Kjartansdóttir formaður, Ragnar Rafnsson gjaldkeri,
Anna Björg Erlingsdóttir varaformaður og Kristinn Þorvaldsson meðstjórnandi.

Starfsárið 2024 var viðburðaríkt hjá Gróttu þar sem félagið hélt áfram að vaxa og dafna með fjölgun iðkenda í öllum deildum sem hefur einmitt verið áberandi á síðustu árum. Hjá Gróttu eru starfandi þrjár deildir: fimleikadeild, handknattleiksdeild og knattspyrnudeild.

Kjör íþróttafólks Gróttu var haldið með glæsibrag þar sem Katrín Anna Ásmundsdóttir handknattleikskona og Kristófer Melsted knattspyrnumaður voru valin íþróttakona og íþróttamaður Gróttu. Hrafn Ingi Jóhannsson handknattleiksmaður og Rebekka Sif Brynjarsdóttir knattspyrnukona hlutu titilinn íþróttafólk æskunnar. Þá var Tomas Bekkavik hópfimleikaþjálfari valinn þjálfari ársins fyrir frábært starf.

Árið 2024 var heilt yfir gott ár hjá deildum Gróttu. Meistaraflokkur

kvenna í handknattleik tryggði sér sæti í efstu deild og meistaraflokkur karla tryggði sér áframhaldandi sæti í efstu deild. Grótta átti fulltrúa á heimsmeistaramótinu í handknattleik þar sem Katrín Anna Ásmundsdóttir keppti með íslenska landsliðinu.
Knattspyrnudeild Gróttu stóð frammi fyrir áskorunum á árinu en þó var árið fullt af jákvæðum augnablikum og uppbyggingu hjá þeim. Meistaraflokkur kvenna var aðeins hársbreidd frá því að komast upp í efstu deild en missti því miður sæti á markatölu. Meistaraflokkur karla féll niður um deild eftir sex ára samfellda veru í efstu tveimur deildunum. Liðið er hins vegar staðráðið í að vinna sig upp aftur og stefna á nýjar hæðir á komandi árum.

Fimleikadeild Gróttu átti gott keppnisár þar sem iðkendur deildarinnar stóðu sig frábærlega bæði í hópfimleikum og áhaldafimleikum. Við erum stolt af öllum iðkendum fimleikadeildar sem hafa lagt mikla vinnu og ástundun í æfingar og keppni. Miklar breytingar hafa átt sér stað í fimleikadeildinni þar sem ný stjórn og mikið af nýju starfsfólki hafa bæst við okkar lið. Fimleikadeildin er nú í mikilli uppbyggingu sem mun stuðla að enn meiri árangri í framtíðinni.

Starf yngri flokka hefur gengið mjög vel í öllum deildum og aldrei hafa fleiri iðkendur verið í félaginu. Þetta er sannarlega gleðiefni og við erum stolt af þeirri þróun sem hefur átt sér stað. Grótta lítur björtum augum til framtíðar og stefnir á enn frekari framfarir í öllum deildum félagsins. Markmið okkar er að skapa sem bestu skilyrði fyrir íþróttafólk á öllum aldri til að blómstra. Við hlökkum til að takast á við þau spennandi verkefni og áskoranir sem næsta ár býður upp á með okkar frábæru iðkendum, starfsfólki, sjálfboðaliðum, aðstandendum og öllum þeim sem koma að starfi Gróttu.

## Breiðablik

Aðalfundur Breiðabliks fór fram þriðjudaginn 14.maí í veislusal Smárans og voru eftirtaldir aðilar kosnir til stjórnarsetu:
Ásgeir Baldurs var endurkjörinn formaður félagsins til eins árs ásamt því að Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir, Benedikt Sigurðsson og Jóhann Þór Jónsson voru kjörinn í aðalstjórn félagsins til tveggja ára.
Jóhann Þór er nýr í stjórn félagsins en útúr stjórn gekk Aðalheiður María Vigfúsdóttir og voru henni þökkuð fyrir frábær störf. Pétur Hrafn Sigurðsson og Rakel Ásgeirsdóttir áttu svo enþá eitt ár eftir af sinni stjórnarsetu.
Eysteinn Pétur Lárusson lét svo af störfum sem framkvæmdastjóri Breiðabliks í lok sumars og Tanja Tómasdóttir tók við. Þökkum við Eysteini kærlega fyrir góð störf og bjóðum Tönju velkomna.
Þess ber einnig að geta að skrifstofa félagsins fékk algjöra yfirhalningu á vormánuðum og eru flestir sammála um að þetta sé ein glæsilegasta skrifstofa landsins.
Úr íþróttastarfi aðalstjórna ber helst að nefna að Íþróttaskóli




Breiðabliks er ávallt jafn vel sóttur þar sem að um 130 börn mæta að meðaltali á hverjum laugardagsmorgni enda eru Daði og Alli að vinna þar frábært starf. Sumarnámskeið 6-10 ára barna voru með um 1000 skráningar og eldri borgara leikfimin undir handleiðslu Jón Sævars er alltaf jafn hress og kát.

**Aðrir helstu viðburðir úr starfi deilda innan félagsins:**

Árið 2024 var vægast sagt frábært hjá frjálsíþróttadeildinni þar sem mikið var um persónulegar bætingar og slegin voru 5 Íslandsmet. Nýju Íslandsmetin eiga þau Samúel Örn Sigurvinsson, Birna Kristín Kristjánsdóttir og Júlía Kristín Jóhannesdóttir. Samúel sló íslandsmet í 80m hlaupi 15 ára pilta, á tímanum 9,62 sek. Birna Kristín sló tvö Íslandsmet í flokki 22 ára stúlkna, í langstökki innan- og utanhúss. Hún stökk 6,46 m úti á Smáþjóðaleikunum og 6,15 m inni á áramótamóti Ármanns í desember. Júlía Kristín sem setti Íslandsmet í tveimur aldursflokkum, 19 og 22 ára stúlkna þegar hún hljóp 60m grindarhlaup innanhúss á tímanum 8,56 sek. í febrúar. Á árinu sem leið voru einnig fjórir Blikar einnig valdir í unglingalandsliðið 15-19 ára en það eru þau Patrekur Ómar Haraldsson, Samúel Örn Sigurvinsson, Sóley Sigursteinsdóttir og Jacques R. S. Borges Schmitt. Auk þess hlaut Þorleifur Einar Leifsson titilinn fjölþrautakarl ársins árið 2024 á uppskeruhátíð FRÍ, en hann varð Íslandsmeistari í sjöþraut innanhúss með 5182 stig. Svo var Arnar Pétursson valinn langahlaupari ársins utan vallar en hann gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari í þremur vegalengdum í götuhlaupum í ár þegar hann sigraði 10 km, hálf maraþon og maraþon og varð að auki Íslandsmeistari í Víðavangshlaupum.

Það er aldrei lognmolla hjá Hjólreiðadeildinni og eðli máls samkvæmt eru Blikar alltaf á ferðinni. Í apríl fóru um 30 félagar í Borgarnes í æfingaferð og hjóluðu um allan Borgarfjörðinn. Síðan hentust álíka margir félagar til Girona á Spáni í maí og tóku þátt í The Traka, malarmót sem bauð upp á ýmist 100, 200 eða 360 km vegalengdir. Þá hélt deildin samtals fimm hjólreiðamót, þ.e. bikarmót í fjallahjólreiðum í Guðmundarlundi, bikarmót í tímatöku í Vogunum í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+, tvö Íslandsmót í Skagafirði í samstarfi við hjólreiðafélagið Drangey, bæði í götuhjólreiðum og tímatöku og loks malarmótið Grefilinn í Borgarfirði. Okkar allra besta keppnisfólk var útnefnt en það voru þau Ingvar Ómarsson og Björg Hákonardóttir. Ingvar átti frábært ár og sigraði 13 keppnir - þar af eina götuhjólakeppni á Spáni. Meðal annars varð hann Íslandsmeistari í fjórum greinum, náði 3. sæti í Rift malarkeppninni og var fremstur af þeim Íslendingum sem tóku þátt, auk þess tók hann þátt í heimsmeistaramótinu í malarhjólreiðum. Björg varð m.a. bikarmeistari í ólympískum fjallahjólreiðum og á palli bæði á Íslandsmótinu í maraþonfjallahjólreiðum og ólympískum fjallahjólreiðum. Þá varð Björg í 1. sæti í Greflinum 100 km. Björg tók þátt í þremur gravelmótum hjá UCI á erlendri grundu í aldursflokki og náði m.a. tvisvar sinnum fjórða sæti.

Hlaupahópur Breiðabliks hefur aldrei verið stærri en í ár. Stór hópur hlaupara fóru til Amsterdam í lok árs 2024 og hlupu í heilu og hálfu maraþoni með góðum árangri. Þjálfari hlaupahópsins ásamt tveimur iðkendum tóku þátt í Boston maraþoninu, einn iðkandi fór til Tokýó og Valencia á Spáni svo fátt eitt sé nefnt. Blikar hafa einnig verið duglegir að taka þátt í hinum ýmsu götu og utanvegahlaupum vítt og breitt um landið.

Árið hjá karatedeildinni hófst á RIG í janúar þar sem að nokkir Blikar sóttu verðlaun. Í febrúar var svo á dagskrá innanfélagsmót í barna- og unglingaflokki sem er ávallt mikil skemmtun og endar á pizzaveislu. Í lok mánaðar héldu svo Una, Samúl og Arey til Danmerkur með landsliðinu í kata þar sem að Una sótti silfur. Í mars fór svo fyrst fram æfingamót í kata og kumite og svo viku síðar fór fram sjálf íslandsmótið. Það er skemmst frá því að segja að hver einasti Bliki fór heim með gullverðlaun af því móti! Í apríl áttu svo Blikar sex fulltrúa á norðurlandamótinu sem haldið var hér á landi en það voru þau Arey, Guðbjörg, Móey, Natalía, Sammi og Una. Una sótti silfur og Móey og Natalía sóttu brons. Grandprix 2 bikarmótið fór svo fram í lok mánaðar og þar unnu Blikar til 8 verðlauna. Íslandsmót barna fór svo fram í Smáranum okkar í byrjun maí þar sem Þórdís Jóna varð íslandsmeistari í 9 ára flokki og Óskar Tryggvason í þriðja sæti svo að fátt eitt sé nefnt. Í lok mánaðar fór svo uppskeruhátíðin fram. Í lok júní héldu eldri iðkendur til Noregs í æfingaferð sem þótti hin skemmtilegasta. Ekki má gleyma Grandprix bikarmótunum sem voru fjögur talsins dreif jafnt yfir árið en þar sóttu Blikar talsvert af verðlaunum. Það var svo í september sem að deildin hélt upp á 40 ára afmæli með skemmtilegum æfingabúðum í Smáranum. Árinu var svo lokað á þremur mótum – í shotokan, kumite og loks bikarmót KAÍ.




Knattspyrnudeildin átti tímamóta ár. Meistaraflokkar kvenna og karla urðu Íslandsmeistarar eftir spennandi tímabil á báða bóga. Þá blómstraði starf yngri flokka sem fyrr með rúmlega 1700 iðkendur. Framkvæmdir við nýjan gervigrasvöll austan við Fífuna hófust og munu þær klárast á vormánuðum 2025. Félagið kvaddi Hákon Sverrisson frá störfum yfirþjálfara eftir mjög farsæla tíma í starfi. Í hans stað komu tveir nýjir yfirþjálfarar, þeir Andri Vilbergsson og Guðjón Gunnarsson sem hófu störf í desember 2024.

Árið 2024 var farsælt hjá kraftlyftingadeildinni. Deildin hélt þrjú meistaramót á árinu í nýjum heimkynnum sínum í Digranesi. Þá náðu keppendur frábærum árangri á mótum innan- og utanlands, og settu m.a. Íslands-, Norðurlanda-, Evrópu- og heimsmet! Þó nokkrir Blikar kepptu á alþjóðamótum á árinu í opnum flokki og unglingaflokki, en árangur þeirra Sóleyjar Margrétar Jónsdóttur og Alexanders Arnar Kárasonar bar af. Þau voru valin Kraftlyftingafólk ársins hjá KRAFT. Á árinu bar hæst árangur Sóleyjar sem varði Evrópumeistaratitil sinn í +84 kg fl. í kraftlyftingum og varð heimsmeistari fyrst íslenskra kvenna í kraftlyftingum ásamt því að setja heimsmet U23 í samanlögðum árangri. Þá náði Alexander Örn Kárason 5. sæti í 93 kg fl. á EM í klassískum kraftlyftingum og 19. sæti á HM.

Körfuknattleiksdeildin hélt áfram að vaxa og var iðkendafjöldinn í lok árs rúmlega 350. Yngri flokkar deildarinnar náðu góðum árangri en 7. flokkur drengja og ungmennaflokkur karla urðu Ís-




landsmeistarar á árinu. Breiðablik átti sterka fulltrúa í yngri landsliðum Íslands sumarið 2024. Telma Hrönn Loftsdóttir og Rökkvi Svan Ásgeirsson voru valin í U15, Logi Guðmundsson í U18 og Sölvi Ólason í U20 sem fagnaði Norðurlandameistaratitli. Framtíðin er björt hjá körfuknattleiksdeild Breiðabliks!

Rafíþróttadeildin hélt áfram að bæta gæðin á sínum æfingum og þar er sérstaklega gaman að sjá hve mörg börn blómstra sem hafa ekki fundið sig í öðrum íþróttagreinum. Breiðablik, Arena og RÍSÍ buðu í fyrsta sinn upp á skemmtilega viðburði og mót þar sem nokkur félög hittust og spiluðu. Í apríl fór t.a.m. fram fyrsta ungmennamót landsins í rafíþróttum þar sem um 200 börn tóku þátt, þar af um 40 frá Breiðablik og er skemmst frá því að segja að Blikarnir unnu þrjá titla. Sumarnámskeiðin voru svo með hátt í 500 skráningar sem sýnir að áhuginn er mikill á þessari enþá frekar nýlegu íþrótt hér á landi.

Hjá Skákdeild Breiðabliks bar hæst að Vignir Vatnar Stefánsson, Hilmir Freyr Heimisson og Guðrún Fanney Briem tefldu fyrir Íslands hönd á Ólympíumótinu í skák. Að auki vann Vignir Vatnar tvö alþjóðleg mót á Spáni á árinu. Mikael Bjarki Heiðarsson (u16) og Birkir Hallmundarson (u12) urðu Íslandsmeistarar ungmenna en þeir unnu einnig sína aldursflokka á landsmótinu í skólaskák. Guðrún Fanney (u14) og Halldóra Jónsdóttir (u12) urðu Íslandsmeistarar stúlkna. Breiðablik hlaut tvö efstu sætin í Íslandsmóti barna- og unglingasveita og átti átta fulltrúa á Evrópumóti ungmenna sem sýnir styrk og breidd starfsins. Að auki vann Lindaskóli tvöfaldan sigur á Íslandsmóti skólasveita og urðu í öðru sæti á Norðurlandamótinu í skólaskák.

Sunddeild Breiðabliks hefur gengið í gegnum miklar breytingar á árinu sem er að líða. Ný staða framkvæmdarstjóra deildarinnar var búin til á árinu og var ráðinn inn erlendur afreksþjálfari til að sinna þjálfun elstu hópa deildarinnar. Deildinn hefur á árinu unnið mikla vinnu í yngri barna starfinu og hefur sundskóli deildarinnar þrefaldast í stærð á árinu. Helstu afrek á árinu eru 2 bronsverðlaun á norðurlandamóti æskunnar, 6 Íslandsmestaratitlar í einstaklingsgrein og 2 í boðsundum. Einnig áttum við 5 sundmenn í landsliðsverkefnum í ár. Spennandi tímar fram undan hjá deildinni.

Það sem stóð upp úr hjá Þríþrautadeild Breiðabliks árið 2024 var tvímælalaust þátttaka Guðlaugar Eddu á ÓL og við sérstaklega stolt af henni að tryggja sér þátttöku og klára keppni. Einnig vann Kristín Magnúsdóttir sér inn þátttökurétt í Nice á heimsmeistaramóti kvenna Ironman í sínum aldursflokki og lauk hún keppni með stæl. Þá var Sigurður Örn Ragnarsson í essin sínu, en hann sigraði öll innanlandsmót sem hann tók þátt í á árinu nokkuð öruglega. Æfingahópurinn æfði stíft saman allan vetur og bróðurpart af sumri en á dagskránni voru 9 æfingar á viku í okkar þremur greinum. En þó að það sé mikið mál að æfa svona margar greinar létu iðkendur það ekki stöðva sig að skíða svolítið saman einnig og 5 manna flokkur frá Þríþrautadeild Breiðabliks gekk Vasagönguna í Svíþjóð á gönguskíðum á mars. Annars hefur deildin verið í smá endurskipulagningu og í þeirri vinnu hefur samvinna milli hlaupadeildar og hjóladeildar verið stórefld. Starf deildarinnar árið 2024 var fjölbreytt að vanda, en samhliða því að skipuleggja æfingar fyrir myndalegan hóp iðkenda, heldur deildin best sóttu þríþrautakeppni ársins sem við köllum einfaldlega Kópavogsþrautina en í ár tóku um 150 manns þátt í keppninni sem þykir gott. Deildin skipuleggur reglulega æfingabúðir innanlands en búðirnar í ár fóru fram í nágrenni Kópavogs.

Veturinn hjá skíðadeild Breiðabliks hefur verið krefjandi, en á sama tíma fullur af áskorunum og samheldni þar sem krakkarnir hafa staðið sig vel í allskonar verkefnum. Því miður þurfti Björn, einn af okkar efnilegustu skíðamönnum og landsliðsmaður, að leggja skíðin á hilluna eftir langvarandi veikindi undanfarin ár. Hans framlag til deildarinnar hefur verið ómetanlegt, og við óskum honum alls hins besta í framtíðinni. Í desember fóru skíðakrakkar á aldrinum 14-15 ára í æfingaferð til Hafjell í Noregi, þar sem þau fengu dýrmæta reynslu og góðar æfingar í frábærum aðstæðum. Þrátt fyrir erfiðan vetur, sem hófst bæði seint og illa, hafa iðkendur deildarinnar sýnt mikinn baráttuvilja og staðið sig frábærlega í þeim verkefnum sem þeir hafa tekist á við.



## Knattspyrnufélagið Miðbær

KM var stofnað árið 2013 af nokkrum áhugaleikmönnum frá Spáni, búsettum á Íslandi, í þeim tilgangi að taka þátt í Gulldeildinni sem er áhugamannadeild. Árið 2018 skráði félagið fyrst lið til leiks í 11 manna bolta hjá KSÍ og hóf þá leik í 4. Deild Íslandsmótsins í knattspyrnu.

Eftir 5 ára þátttöku á Íslandsmótinu náði KM besta árangri og stigamet á Íslandsmóti sumarið 2023. Stigasöfnun ársins 2024 gekk ekki jafn vel og árið áður en liðið er engu að síður reynslunni ríkari og heldur uppbyggingunni áfram.

í Febrúar hlaut Joaquín Linares Cordoba, formaður og framkvæmdarstjóri hjá KM nafnbótina Grasrótarpersóna KSÍ árið 2023 fyrir störf sín hjá Knattspyrnufélaginu Miðbæ (KM). Liðið æfir og spilar heimaleiki í Kórnum í Kópavogi. Leikmenn liðsins eru af fjölmörgum þjóðernum og þar eru allir velkomnir. Íslendingar, aðfluttir, flóttamenn, hælisleitendur. Félagið býður því upp á vettvang þar sem allir eru jafnir og fá tækifæri til þess að efla tengslin með því að spila saman fótbolta. Á árinu léku 40 leikmenn léku með liðinu en þeir eru af 13 mismunandi þjóðernum.


KRISTJÁN PATREKUR
8
10
erima

## Ársskýrsla og áritun stjórnar

Ársreikningur Ungmennasambands Kjalarnesþings er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og með hliðstæðum hætti og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur á árinu kr. 184.188.965.
Afkoma ársins var jákvæð um kr. 4.011.531 sem stjórnin leggur til að yfirfærist til næsta árs.

Á árinu voru ekki greidd stjórnarlaun. Stjórn félagsins leggur til að með hagnað og breytingar á eiginfjár-reikningum verði farið eins og fram kemur í skýringum ársreiknings.

Eigið fé félagsins í árslok 2024 nam kr. 36.894.187 auk eigin fjár sjóða kr. 47.459.928 samtals kr. 84.354.115.

Stjórn Ungmennasamband Kjalarnesþings staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun.

Reykjavík, 13. mars 2025

# Rekstrarreikningur ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| ***Rekstrartekjur*** | | | |
| Tekjur | sl 1 | 184.188.965 | 191.277.382 |
| | | 184.188.965 | 191.277.382 |
| ***Rekstrargjöld*** | | | |
| Laun og tengd gjöld | sl 2 | 14.861.042 | 14.254.073 |
| Rekstur skrifstofu | sl 3 | 2.885.869 | 3.164.055 |
| Lottó úthlutað aðildarfélögum | | 133.510.063 | 133.376.758 |
| Lottó úthlutað í afrekssjóð | 7 | 11.830.005 | 11.830.548 |
| Verkefna-, fræðslu- og þjálfarasjóður | 8 | 7.000.000 | 3.000.000 |
| Verkefni og viðburðir | sl4 | 1.701.553 | 10.197.619 |
| Annar kostnaður | sl 5 | 3.651.297 | 3.086.822 |
| Afskriftir | 4 | 0 | 496.556 |
| | | 175.439.829 | 179.406.431 |
| *Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld* | | 8.749.136 | 11.870.951 |
| ***Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*** | | | |
| Vaxtatekjur | | 7.956.633 | 6.616.667 |
| Greiddar vaxtatekjur til Afrekssjóðs | | (1.800.000) | (1.800.000) |
| Gengismunur | | 13.983 | 60.755 |
| Vaxtagjöld, fjármagnstekjuskattur og þjónustugjöld | | (908.221) | (1.482.071) |
| Aukagreiðsla til aðildarfélaga | | (10.000.000) | (15.000.000) |
| | | (4.737.605) | (11.604.649) |
| ***Afkoma ársins*** | | 4.011.531 | 266.302 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

## *Eignir*

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| ***Fastafjármunir*** | | | |
| ***Veltufjármunir*** | | | |
| Skammtímakröfur | sl 7 | 11.787.109 | 20.163.564 |
| Bankainnstæður | sl 6 | 95.892.727 | 89.069.783 |
| *Veltufjármunir* | | 107.679.836 | 109.233.347 |
| ***Eignir*** | | 107.679.836 | 109.233.347 |

## *Eigið fé og skuldir*

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| ***Eigið fé*** | | | |
| Flutt frá fyrra ári | 6 | 32.882.656 | 32.616.354 |
| Afkoma ársins | 6 | 4.011.531 | 266.302 |
| Eigið fé sjóða | 6,7,8 | 47.459.928 | 45.829.209 |
| *Eigið fé* | | 84.354.115 | 78.711.865 |
| ***Skammtímaskuldir*** | | | |
| Ýmsar skammtímaskuldir | sl 8 | 2.414.500 | 33.279 |
| Ógreitt til aðildarfélaga | | 19.505.063 | 28.946.152 |
| Laun og launatengd gjöld | | 1.406.158 | 1.542.051 |
| *Skammtímaskuldir* | | 23.325.721 | 30.521.482 |
| *Skuldir* | | 23.325.721 | 30.521.482 |
| ***Eigið fé og skuldir*** | | 107.679.836 | 109.233.347 |

# Skýringar

1. ***Starfsemi***

Ungmennasamband Kjalarnesþings er héraðssamband innan Íþrótta- og ólympíusambands Íslands og starfar skv. lögum Ungmennasambands Kjalarnesþings samþykktum á héraðsþingi UMSK 21. mars 2024.

2. ***Reikningsskilaaðferðir***

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og samkvæmt almennum reikningsskilaaðferðum með hliðstæðum hætti og árið áður.

Áunnið ótekið orlof fastra starfsmanna er reiknað og fært í ársreikninginn.

3. ***Launamál***

| Laun og tengd gjöld greinast þannig: | ***2024*** | ***2023*** |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 14.861.042 | 14.254.073 |
| | 14.861.042 | 14.254.073 |
| Meðalfjöldi starfa | 1,0 | 1,0 |

4. ***Varanlegir rekstrarfjármunir***

5. ***Skattamál***

Ungmennasamband Kjalarnesþings er ekki skattskyldur lögaðili og greiðir því ekki tekjuskatt.

6. ***Eigið fé***

| ***Yfirlit eiginfjárreikninga:*** | ***Óráðstafað eigið fé*** |
|---|---|
| Flutt frá fyrra ári | 32.882.656 |
| Afkoma ársins | 4.011.531 |
| | 36.894.187 |
| ***Eigið fé sjóða:*** | |
| Verkefna- og viðburðasjóður | 15.906.026 |
| Vef- og kynningasjóður | 2.991.150 |
| Verkefna- fræðslu- og þjálfarasjóður | 3.137.119 |
| Afreksmannasjóður | 25.425.633 |
| | 47.459.928 |
| | 84.354.115 |

7. ***Afreksmannasjóður***

| | |
|---|---|
| Skuldbinding frá fyrra ári | 24.215.628 |
| Lagt í Afreksmannasjóð 2024 | 11.830.005 |
| Reiknaðir vextir Afreksmannasjóðs | 1.800.000 |
| Úthlutað úr Afreksmannasjóði 2024 | (12.420.000) |
| | 25.425.633 |

8. ***Verkefna-, fræðslu- og þjálfarasjóður***

| | |
|---|---|
| Skuldbinding frá fyrra ári | 2.642.005 |
| Lagt í Verkefna- og fræðuslusjóð 2024 | 7.000.000 |
| Úthlutað úr Verkefna- og fræðslusjóði 2024 | (6.504.886) |
| | 3.137.119 |

# Sundurliðanir

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| ***1. Tekjur*** | | |
| Íslenskar getraunir | 4.290.236 | 2.961.721 |
| Lottó ÍSÍ | 85.391.265 | 71.968.454 |
| Lottó UMFÍ | 64.648.441 | 79.636.500 |
| Aukaúthlutun ÍSÍ og UMFÍ | 18.960.374 | 17.402.599 |
| Skattar aðildarfélaga | 3.212.200 | 2.711.700 |
| Útbreiðslustyrkur ÍSÍ | 6.687.462 | 15.617.887 |
| Aðrir styrkir og tekjur | 998.987 | 978.521 |
| | 184.188.965 | 191.277.382 |
| ***2. Laun og launatengd gjöld*** | | |
| Laun og launatengd gjöld | 13.356.332 | 12.000.055 |
| Áunnið orlof | 64.710 | 994.018 |
| Dagpeningar og ökutækjastyrkir | 1.440.000 | 1.260.000 |
| | 14.861.042 | 14.254.073 |
| ***3. Rekstur skrifstofu*** | | |
| Áhöld og búnaður | 303.983 | 185.995 |
| Bókhald, reikningagerð | 429.660 | 686.619 |
| Húsaleiga | 1.079.100 | 981.144 |
| Húsnæðiskostnaður annar | 2.350 | 15.760 |
| Ritföng, pappír, prentun | 36.051 | 51.787 |
| Símakostnaður, internet | 323.622 | 301.404 |
| Tölvukostnaður (tæki, kerfi, leyfi) | 711.103 | 941.346 |
| | 2.885.869 | 3.164.055 |

# Sundurliðanir

### *4. Verkefni og viðburðir*

| | | |
|---|---|---|
| Vef og kynningarmál ........................................................................ | 0 | 8.517.703 |
| Verkefni og viðburðir ........................................................................ | 619.200 | 0 |
| Þing og sérráð ................................................................................ | 1.082.353 | 1.679.916 |
| | 1.701.553 | 10.197.619 |

### *5. Annar kostnaður*

| | | |
|---|---|---|
| Aðkeypt þjónusta .............................................................................. | 24.600 | 0 |
| Ferðakostnaður ................................................................................ | 145.887 | 0 |
| Framlög og styrkir ............................................................................ | 1.184.766 | 519.000 |
| Kostnaður vegna geymsluhúsnæðis .................................................... | 405.000 | 501.720 |
| Kostnaður vegna mótahalds | 528.071 | 349.215 |

### *6. Bankainnstæður*

| | | |
|---|---|---|
| Íslandsbanki Veltureikningur fyrirtækja (8080) ................................. | 533.536 | 2.235.769 |
| Íslandsbanki Vaxtasproti fyrirtækja (300034) .................................... | 24.119.125 | 36.489.482 |
| Íslandsbanki Vaxtasproti - Afrekssjóður (407716) ............................. | 985.609 | 344.434 |
| Íslandsbanki Sérkjör (310) ................................................................ | 70.239.914 | 50.000.000 |
| Íslandsbanki Evrureikningur (711221) ............................................... | 14.543 | 98 |
| | 95.892.727 | 89.069.783 |

### *7. Skammtímakröfur*

| | | |
|---|---|---|
| UMFÍ ................................................................................................ | 3.863.951 | 9.191.670 |
| ÍSÍ .................................................................................................... | 7.923.158 | 10.971.894 |
| | 11.787.109 | 20.163.564 |

### *8. Ýmsar skammtímaskuldir*

| | | |
|---|---|---|
| Ógreiddur kostnaður ......................................................................... | 2.414.500 | 33.279 |
| | 2.414.500 | 33.279 |



Börnin okkar eru ótrúleg í íþróttum

**ÞESS VEGNA STYÐJUM VIÐ ÞAU ÖLL!**

Lottó

LEIKURINN OKKAR